**allt**

BERTA DRÖFN ÓMARSDÓTTIR

*Froskakona í grænu*

tíska heimili heilsa

ÍMIÐJU BLAÐSINS



ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

*Sigur Rós sigurvegari kvöldsins*

Emilíana fékk þrenn verðlaun

FÓLK 44









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. janúar 2006 — 25. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Alcan hefur ekki forgang um álver

**Iðnaðarráðherra segir að unnt sé að stækka álverið í Straumsvík og reisa nýtt álver á Norðurlandi samtímis. Hvorki sé samningur í ríkisstjórn um að gefa Alcan forgang né pólitísk samstaða um að flytja raforku milli landshluta.**

**STÓRIÐJA** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir að stækkun álvers Alcan í Straumsvík um 280 þúsund tonn raski ekki áformum um að reisa álver á Norðurlandi. „Þetta rúmast hlið við hlið. Norðurland er annað orkusvæði og það verður ekki farið í það að flytja orku milli landshluta fyrir svo orkufreka notendur. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar og pólitísk samstaða myndi ekki nást um það,“ segir Valgerður.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sagði í Fréttablaðinu í gær að gæta þyrfti að hagstjórninni ef nýjar álversframkvæmdir tækju við af uppbyggingunni á Austurlandi og átti þar við stækkun Straumsvíkurálversins með tilheyrandi virkjunarframkvæmdum.

„Við í iðnaðarráðuneytinu höfum alltaf gert okkur grein fyrir því að næsta uppbygging í áliðnaði yrði stækkun Alcan í Straumsvík ef stjórn félagsins tæki um það ákvörðun. Þar er búið að meta umhverfisáhrif og félagið hefur þegar fengið starfsleyfi. Stjórnvöld stoppa þetta ekki af á þessu stigi,“ segir Valgerður.

Alcoa hefur til athugunar þrjá kosti á Norðurlandi, á Dysnesi við Eyjafjörð, Bakka við Húsavík og Brimnes í Skagafirði. Félagið og iðnaðarráðuneytið ætla að halda kynningarfundi með heimamönnum í næstu viku, en Alcoa, sem er að reisa álver í Reyðarfirði, hefur frest til 1. mars til þess að meta kostina og ákveða hvort félagið heldur áfram sínum athugunum nyrðra í samvinnu við íslensk stjórnvöld.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fylgist Norsk Hydro með framvindu mála á Norðurlandi, en stjórnvöld hafa engar skuldbindingar við Alcoa eftir 1. mars næstkomandi ef félagið vill engan kostinn skoða nánar.

Valgerður Sverrisdóttir neitar því að sérstakt samkomulag sé innan ríkisstjórnarinnar um að gefa Alcan forgang á kostnað hugsanlegrar uppbyggingar áliðju á Norðurlandi. Hún bendir jafnframt á að þótt ráðist yrði í framkvæmdir á báðum stöðum í einu myndu Íslendingar engu að síður standa við Kyoto-samkomulagið um útstreymi á mengandi lofttegundum fram til ársins 2012, en þá lýkur gildistíma Kyoto-bókunarinnar. **- jh**



**BUBBI Í NÁLÆGÐ VIÐ PARADÍS** Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. Bubbi Morthens virtist vera farinn að nálgast Paradís þegar hann fékk verðlaun fyrir plöturnar Ást og Í sex skrefa fjarlægð frá Paradís. Hann var einnig valinn söngvari ársins. Hljómsveitin Sigur Rós og söngkonan Emilíana Torrini fóru heim klyfjuð verðlaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI Sjá síðu 54

Hamas-samtök róttækra Palestínumanna með mikið fylgi í þingkosningum:

# Minni líkur á friðarviðræðum

**PALESTÍNA, AP, REUTERS** Hamas-samtök róttækra Palestínumanna fengu í gær mikið fylgi í fyrstu kosningunum til palestínska þingsins sem fram hafa farið í áratug. Fyrstu tölur bentu til að Hamas-liðar fengju um eða yfir þriðjung þingsæta. Hin hófsamari Fatah-hreyfing, sem haldið hefur um stjórnartaumana frá því heimastjórn Palestínumanna var komið á fót fyrir tólf árum, fékk rúmlega 40 prósent atkvæða.

Með þessum úrslitum verða Fatah-menn í fyrsta sinn að leita sér samstarfsflokks til að mynda meirihlutastjórn. En hvort sem það verða Hamas-liðar eða þingmenn úr minni flokkum er ljóst að inn í palestínsku stjórnina koma menn sem eru fráhverfir friðarsamningaviðræðum við Ísraela.



**ATKVÆÐI TALIN** Kjörkassi tæmdur á talningarstað í Hebron á Vesturbakkanum. Þetta voru fyrstu eiginlegu kosningarnar í Palestínu í 10 ár. RÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta voru fyrstu raunverulega lýðræðislegu kosningarnar í Palestínu frá því Jasser Arafat féll frá. Úrslitin gefa Hamas-liðum meira vægi í palestínskum stjórnmálum en nokkru sinni fyrr. Í stefnuskrá Hamas stendur enn að markmiðið sé að eyða Ísrael. Málflutning forystumanna Hamas í kosningabaráttunni mátti þó skilja þannig að þeir útilokuðu ekki að aftur yrði reynt að koma á friðarviðræðum.

Gott gengi Hamas í kosningunum skýrist ekki síst af því að margir kjósendur voru orðnir langþreyttir á spillingunni sem fylgt hefur stjórn Fatah.

Kjörsókn var góð, eða 77,7 prósent. **- aa**

## Koma Olsen-bræður til Íslands?

Mikil spenna ríkir um forkeppni Eurovision en Sjónvarpið er að reyna að fá erlendar Eurovision-stjörnur til landsins.

FÓLK 54



## Súrsun í austri

Foreldrar á Indlandi taka einkaskólum, sem spretta upp eins og gorkúlur, fagnandi og hafa fengið sig fullsadda af ríkisskólum. Þorvaldur Gylfason segir okkur allt um málið.



Í DAG 26

## Níu líf Austurbæjarbíós

Ráðist verður í viðamiklar endurbætur á Austurbæjarbíói við Snorrabraut. Þar hafa merkir menningarviðburðir verið haldnir um árabil.

TILVERAN 16

## Blóðug barátta í dag

Viggó Sigurðsson býst við grimmum slag þegar Ísland mætir Serbum/Svartfellingum í sínum fyrsta leik á EM í dag. Vilhjálmur Halldórsson hefur verið kallaður í íslenska hópinn í stað Jalieskys Garcia.



ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**LITLAR BREYTINGAR** Það verður áfram stíf suðlæg átt vestast á landinu annars eitthvað hægari. Súld eða rigning með köflum sunnan og vestan til en bjart á Norðaustur- og Austurlandi. Hlýtt í veðri. VEÐUR 4





**Hefur þú efni á að missa af þessu?**

**Verð kr. 74.900,-**

Ótrúleg fartölvutilboð á **www.Bodeind.is**

Mörkin 6 - 588 2061

Sjá bls.7 í Tækniblaðinu




**MINNSTI FISKUR HEIMS** Paedocypris progenetica nær 7,9 millimetra lengd og lifir í Indónesíu.

Smágerður af vatnakarfaætt:

# Minnsti fiskur heims fundinn

**TÆLAND, AP** Vísindamenn hafa uppgötvað minnsta fisk í heimi. Paedocypris progenetica tilheyrir vatnakarfaættinni og nær aðeins 7,9 millimetra lengd fullvaxinn.

Fiskurinn lifir í gruggugum mýrarpollum á Súmötru í Indónesíu. Fiskurinn er gegnsær og höfuðbein engin. Karlfiskarnir hafa óvenju sterka og langa kviðugga sem þeir nota til að grípa hrygnurnar er þær hrygna.

„Þetta er einn furðulegasti fiskur sem ég hef séð,“ sagði Ralf Britz, á Náttúrusögusafninu í London. „Hann er pínulítill, lifir í sýru og hefur undarlega gripugga.“ Þessi smágerði fiskur er í útrýmingarhættu. **- smk**

Sjálfstæðisflokkurinn:

# Fengi flesta þingmenn

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæp 44 prósent Reykvíkinga segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, yrði boðað til alþingiskosninga nú, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fékk um 37 prósent atkvæða að meðaltali í Reykjavík í síðustu kosningum.

Rúm 28 prósent segjast myndu kjósa Samfylkingu og tæp 18 prósent segjast myndu kjósa vinstri græna. Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn mælast nánast jafnir, með tæplega fimm prósent fylgi. Framsóknarflokkurinn fékk um 11 prósent atkvæða í síðustu kosningum, en Frjálslyndi flokkurinn fékk rúmt prósent. Tæpt prósent sagðist myndu kjósa annan flokk. **- ss/** sjá síðu 6




**ORKU LINDIN ÍSLAND**

Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi föstudaginn 27. janúar á Hótel Nordica. Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.sa.is

SI Samtök iðnaðarins · SAMORKA · SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



## SPURNING DAGSINS

*Sigfús, er nokkurt vit í því að fá sér blæjubíl?*

Jú, jú, það er nú örugglega ekki nema einu sinni á mannsævi sem svona hlöss falla á mann.

Tólf tonna stálklumpur skall ofan á bíl Sigfúsar Steingrímssonar þegar hann var að aka eftir Ártúnsbrekku í fyrradag. Hann slapp með minniháttar meiðsl þó að þakið á blæjubílnum hafi fallið saman.

Skuldir heimilanna í landinu hafa aldrei verið hærri en nú:

# Skuldirnar rúmir 540 milljarðar

**FJÁRMÁL** Skuldir heimilanna við innlánsstofnanir hafa meira en tvöfaldast á síðustu tveimur árum og standa núna í rúmum 540 milljörðum króna. Þetta var meðal þess sem fram kom í gögnum Seðlabankans, sem birt voru fyrr í vikunni.



**INGÓLFUR BENDER** Segir skuldaaukninguna meiri en reiknað var með.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir þessa skuldaaukningu heimilanna vera meiri en reiknað var með í upphafi árs 2005 en ítrekar þó að eignir fólks í landinu hafi vaxið mikið á sama tíma, og því hafi skuldahlutföll heimilanna ekki versnað. „Eignir heimilanna í landinu hafa vaxið mikið, næstum til jafns við skuldaaukninguna þannig að skuldahlutföll heimilanna hafa ekki versnað. Þó að hlutabréfaeign fólks sé ekki eins almenn þegar kemur að íbúðarhúsnæði, þá er alveg ljóst að miklar hækkanir á gengi hlutabréfa hafa einnig áhrif á eignastöðu heimilanna.“ **- mh**




Hæstiréttur staðfestir farbann:

## Smyglaði fimm kílóum af dópi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær farbannsúrskurð héraðsdóms yfir manni á sextugsaldri sem tekinn var með eitt kíló af amfetamíni og tæp fjögur kíló af hassi í bíl sínum þegar hann kom með Norrænu til Seyðisfjarðar. Maðurinn sigldi frá Danmörku.

Héraðsdómur úrskurðaði manninn í farbann á föstudag til þriðja mars. Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, en í gær var farbannskrafan staðfest í Hæstarétti og þarf hann því að dvelja hér á landi til þriðja mars, á meðan rannsókn málsins stendur yfir. **- mh**

Kjarnorkuáætlun Írana:

## Íranar taka vel í tilboð Rússa

**ÍRAN, AP** Fulltrúi Íransstjórnar í viðræðum um kjarnorkuáætlun hennar fagnaði í gær tilboði Rússa um að Íranar stunduðu tilraunir sínar til auðgunar úrans í Rússlandi. Hann sagði tillöguna hins vegar þurfa nánari skýringa við og hótaði að Íranar settu fullan kraft í kjarnorkutilraunir sínar ef deilunni um þær yrði vísað til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.



**ALI LARIJANI** Aðalsamningamaður Írana í kjarnorkumálum.

Ali Larijani, sem er ritari æðstaráðs þjóðaröryggis í Íran, sagði það taka tíma að fá fulla mynd af tilboði Rússa. Sumir segja að Íranar taki svo vel í boð Rússa einvörðungu til að vinna tíma, en fulltrúar Evrópu- og Bandaríkjanna vilja að ákveðið verði þegar á stjórnarfundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í næstu viku að vísa málinu til öryggisráðsins. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jóninu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Handleiðsla að ofan

**Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, gagnrýnir það sem hann kallar flokkseigendafélag og sýndarlýðræði í flokknum. Gunnar Bragi Sveinsson, miðstjórnarmaður í flokknum, segir Kristin áhrifalausan komma.**

**STJÓRNMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson, miðstjórnarmaður í Framsóknarflokknum og sveitarstjórnarmaður í Skagafirði, gagnrýnir Kristin harðlega í grein sem birtist í Bæjarins besta á Ísafirði nýverið.

Gunnar segir að Kristinn sé kominn út á kant í flokknum og eigi sér vart viðreisnar von, „því það þarf meira en gamla komma til að halda aftur af flokknum í því að þróast til framtíðar og með samfélaginu“.

Gunnar Bragi líkir Kristni H. Gunnarssyni við þingmennina Jón Bjarnason og Sigurjón Þórðarson í Norðvesturkjördæminu og segir þá alla áhrifalausa. „Við þurfum þingmenn sem mark er tekið á... Áhrifalausir þingmenn ná engu fram.“

Kristinn hefur opinberlega talað um flokkseigendafélag og sýndarlýðræði í Framsóknarflokknum og nefnt framboð Björns Inga Hrafnssonar, aðstoðarmanns forsætisráðherra, í fyrsta sæti Framsóknarflokksins í Reykjavík sérstaklega í því sambandi. „Ég tel að ákveðinn hópur eigi ekki flokkinn þótt hann sé í valdastöðum fyrir flokkinn eða í flokknum. Þeir eiga ekkert með það að gefa út einhverja línu um það hverjir skipa framboðslista flokksins. Björn Ingi mun væntanlega bjóða sig fram til þings á næsta ári. Kemur þá sami hópurinn og lýsir stuðning við hann? Á þá Jónína Bjartmarz að víkja? Munu þessir einstaklingar telja að þeir geti í krafti sinnar valdastöðu lýst því yfir sameiginlega eða hver fyrir sig hverjir eigi að vera í framboði í Suðurkjördæmi, eða Norðvesturkjördæmi eða Norðausturkjördæmi.

Kristinn bætir við að tíu þúsund félagar í Framsóknarflokknum eigi heimtingu á að ráða framboðum og kjöri en ekki flokkseigendafélag. „Þetta er handleiðsla að ofan.“

Hvorki Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, né Guðni Ágústsson, varaformaður flokksins, vildu tjá sig um ummæli Kristins H. Gunnarssonar þegar eftir því var leitað.

johannh@frettabladid.is




**FRAMKVÆMDASTJÓRN FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Hvorki Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra né Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra vildu tjá sig um ummæli Kristins.



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON, MIÐSTJÓRNARMAÐUR Í FRAMSÓKNARFLOKKNUM** Segir flokkinn þurfa þingmenn sem mark er tekið á.



**KRISTINN H. GUNNARSSON, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Spyr hvort Jónína Bjartmarz eigi að víkja fyrir Birni Inga Hrafnssyni.



**PINOCHET-FJÖLSKYLDAN** Dóttirin Lucia er önnur frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppgjörið við Pinochet:

## Dóttirin tekin höndum

**CHILE, AP** Lucia Pinochet, eldri dóttir Agustos Pinochet fyrrverandi einræðisherra í Chile, var í gær handtekin á Dulles-flugvelli við Washington DC í Bandaríkjunum. Þar með var handtökuskipun framfylgt sem dómari í Chile hafði gefið út á hendur henni og fleirum úr Pinochet-fjölskyldunni í byrjun vikunnar.

Dómarinn samþykkti að sakborningarnir gengju lausir gegn tryggingu, en fjölskyldunni er gefið að sök að vera meðsek um skattsvik og yfirhylmingu í tengslum við digra sjóði einræðisherrans fyrrverandi í erlendum bönkum. ■

### BRETLAND

**Harry í herinn** Harry prins, hinn 21 árs gamli sonarsonur Elísabetar II Englandsdrottningar, hyggst ganga til liðs við Blues and Royals herdeildina í riddaraliði breska hersins. Sem slíkur gæti hann þurft að gegna herþjónustu í Írak. Frá þessu greindi breska varnarmálaráðuneytið.

### EVRÓPUSAMBANDIÐ

**Kjarnorkan lifi** Að sniðganga kjarnorku mun gera raforku dýrari en ella hjá öllum Evrópusambandsríkjunum sagði fjármálaráðherra Frakklands á fundi í Brussel á þriðjudag. Í Þýskalandi og Svíþjóð stendur til að loka öllum kjarnorkuverum en í Finnlandi, Frakklandi, Bretlandi og Ítalíu stendur til að reisa ný.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Lyfjastofnun og vísindasiðanefnd athuga hvort rétt hafi verið staðið að málum:

# Rannsókn á bóluefni könnuð

**RANNSÓKN** Lyfjastofnun og vísindasiðanefnd eru nú með til athugunar niðurstöður lyfjarannsóknar en fyrri hluti hennar var gerður fyrir nokkrum árum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Var um að ræða allstóra rannsókn á bóluefni. Ábending mun hafa borist frá einstaklingi sem telur sig hafa rökstuddan grun um að átt hafi verið við niðurstöður hennar.

Mímir Arnórsson, deildarstjóri upplýsingadeildar hjá Lyfjastofnun, kvaðst ekki vilja staðfesta að um þessa tilteknu rannsókn væri að ræða. Hann staðfesti hins vegar að erindi varðandi athugun á niðurstöðum tiltekinnar rannsóknar hefði borist stofnuninni. Hann sagði jafnframt að aðkoma Lyfjastofnunar að málum af þessu tagi væri með þeim hætti, að hún væri ein þeirra stofnana sem gæfi út leyfi fyrir rannsóknum sem gerðar séu hér á landi.



**BÓLUSETNING** Rannsóknin sem er til athugunar hjá vísindasiðanefnd og Lyfjastofnun var gerð á bóluefni.

„Við gefum heimild þegar lyf eru notuð vegna rannsóknar,“ segir Mímir.

„Stundum er um að ræða lyf sem þegar eru í notkun. Í öðrum tilvikum er um að ræða lyf sem ekki hafa verið sett á markað og eru ekki í notkun. Hlutverk Lyfjastofnunar er að veita leyfi fyrir og fylgjast með þessum þætti rannsóknar.“

Mímir segir athugun Lyfjastofnunar miða að því að athuga hvort staðið hafi verið rétt að málum í þeirri rannsókn sem um sé að ræða eins og upphaflega hafi verið ætlað. Rannsóknin sé ekki í gangi lengur.

-jss

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ÍSLANDSBANKI

# Hvernig get ég nýtt mér hækkun á stýrivöxtum?

Talsverðar líkur eru á að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti sína á næstu mánuðum. Gera má ráð fyrir að í framhaldinu verði stýrivextir háir um alllangt skeið. Í þessu eru fólgin tækifæri. Skammtímavextir hafa hækkað umtalsvert á síðustu tveimur árum og er útlit fyrir enn frekari hækkun skammtímavaxta á næstu mánuðum.

Sjóður 9 er peningamarkaðssjóður og því örugg fjárfesting. Hann er mjög spennandi kostur þessa dagana enda mun hækkun skammtímavaxta skila fjárfestum í Sjóði 9 góðri ávöxtun.



Eggert Þór Kristófersson
Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags ÍSB

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM**

**SJÓÐUR 9 –** Nafnávöxtun síðustu 6 mánuði*

9,2%

**STÝRIVEXTIR –** Þróun síðustu 24 mánuði




*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.
Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið. Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

ISB Sjóður 9 er peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í ríkisvíxlum, bankavíxlum, innlánum og öðrum peningamarkaðsskjölum.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 25.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,02 | 61,32 |
| Sterlingspund | 109,17 | 109,71 |
| Evra | 75,02 | 75,44 |
| Dönsk króna | 10,052 | 10,11 |
| Norsk króna | 9,331 | 9,385 |
| Sænsk króna | 8,087 | 8,135 |
| Japanskt jen | 0,531 | 0,5342 |
| SDR | 89,08 | 89,62 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,6187

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma:

# Sýni tekin úr 100 alifuglum

**FUGLAFLENSA** Á næstu dögum verða tekin sýni úr um það bil eitt hundrað alifuglum hér á landi og rúmlega tug villtra fugla, að sögn Jarle Reiersen, dýralæknis alifuglasjúkdóma.

Nítján sýni sem þegar hafa verið tekin úr villtum fuglum hér og send utan til að rannsaka hvort fuglaflensuveirurnar H5 og H7 fyndust í þeim, reyndust vera neikvæð, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Níu sýni til viðbótar úr villtum fuglum eru enn til rannsóknar ytra. Sýnin nítján voru tekin úr 14 grágæsum, 4 álftum og einni stokkönd. Þau voru öll úr lifandi fuglum að undanskildum þremur sem voru úr sjálfdauðum fuglum, tveimur grágæsum og einni stokkönd.

„Við vorum upphaflega með áætlanir um sýnatökur úr mun fleiri villtum fuglum, en vegna góðrar stöðu áhættumats ákváðum við að bíða með stærstan hluta þeirra þar til farfuglarnir koma í vor,“ segir Jarle.

Hann segir enn fremur að nú verði tekin sýni úr varphænsnabúum, kjúklingabúum og lausagönguhænsnum. -jss



**HÆNUR** Sýni verða tekin úr lausagönguhænsnum, kjúklingabúum og varphænsnabúum á næstu dögum. Myndin er ekki í tengslum við fréttina.

Einkadans á Goldfinger:

# Krafist refsingar vegna einkadans

**DÓMSMÁL** Tekið var fyrir í gær mál sýslumannsins í Kópavogi gegn Ásgeiri Davíðssyni, eiganda nektardansstaðarins Goldfinger, og tveggja dansmeyja staðarins sem sakaðar eru um að hafa sýnt óviðeigandi nektardans í herbergi í október.

Ásgeir undrast ákæruna. „Goldfinger hefur verið í Kópavoginum í fimm ár og hér hefur lögreglan oft komið og reynt að finna fíkniefni á staðnum en aldrei neitt fundið. Ég skil ekki hvers vegna er verið að kæra fyrir dansinn því hann var ekkert frábrugðinn öðrum dönsum hér síðustu fimm árin.“ - mh

Framkvæmdastjóri ASÍ:

# Ótti kann að vera til staðar

**VINNUMARKAÐUR** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, staðfestir að ótti kunni að vera til staðar meðal erlendra starfsmanna verktakafyrirtækja hér á landi því að fyrirtækin hafi alið á því. „Fyrirtækin hafa hagsmuni af því að koma í veg fyrir að trúnaðarsamband myndist þarna á milli,“ segir hann.



GYLFI ARNBJÖRNSSON.

„Við höfum orðið vör við að fyrirtækin hafi varað þá við að hafa samskipti við okkur. Okkar stéttarfélög hafa brugðist við með því að fara á vinnustaðina og ná trúnaðarsambandi við fólkið. Í engum tilfellum hefur verkalýðshreyfingin beitt sér fyrir því að reka erlenda starfsmenn úr landi,“ segir hann. - ghs



**MENGUNARVARNIR VERÐI EFLDAR** Mengunarvarnir þurfa að vera mjög öflugar í álverksmiðjunni í Straumsvík eftir stækkun svo að mengun aukist ekki. Auknar kröfur eru komnar fram í mengunarvörnum í Evrópu og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði vilja hafa þær til hliðsjónar. Þau standa fast á því að stækkuninni verði mætt með því að efla mengunarbúnað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Þarf að semja um mengunarvarnir

**Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði krefjast þess að mengunarvarnir verði svo góðar að mengun aukist ekki þó álverið í Straumsvík stækki. Bæjarstjórinn krefst þess að sveitarstjórnarmenn verði kallaðir til samráðs og samstarfs.**

**ÁLVERSSTÆKKUN** Skipulagsmálin í Hafnarfirði vegna hugsanlegrar stækkunar álvers Alcan í Straumsvík eru ófrágengin þó að Landsvirkjun og Alcan hefji samningaviðræður um stækkun í byrjun febrúar.

Einhugur er innan bæjarstjórnarinnar um það að mengunarvarnir verði að vera þannig að mengun aukist ekki þó álverið stækki, að sögn Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði. Það sé forsenda fyrir stækkun álverksmiðjunnar.



LÚÐVÍK GEIRSSON BÆJARSTJÓRI

„Við göngum út frá því að frekar verði reynt að draga eins og kostur verður á úr umhverfislegum áhrifum á svæðinu. Um það þarf að semja og klára það mál,“ segir hann.

Umhverfisráðuneytið gaf út heimild fyrir 470 þúsund tonna álframleiðslu í nóvember. Í því segir Lúðvík að töluvert sé komið til móts við sjónarmið bæjarstjórnar um að þrengja þynningarmörkin fyrir útblásturinn frá verksmiðjunni. Í úrskurði ráðuneytisins var komið til móts við sjónarmið bæjarstjórnar og og þynningarsvæðin þrengd.

Alcan kærði þennan þátt úrskurðarins til umhverfisráðuneytisins og er beðið eftir niðurstöðu. Lúðvík segir að talsmenn álversins hafi alltaf vísað í umhverfismat frá 2002 þar sem heimild sé til að færa þessi þynningarmörk út. „Við erum mjög mótfallin því,“ segir hann.

Lúðvík gagnrýnir það að viðkomandi sveitarfélög séu ekki kölluð inn í umræðuna um álversframkvæmdir um landið og telur skorta á að réttur sveitarfélaganna sé virtur.

„Það er ekkert eðlilegt samráð og samtöl um þessa hluti. Það gengur ekki lengur að menn leggi línurnar á skrifstofum úti í bæ og þeir sem málið snertir séu ekki með í umræðunni,“ segir hann.

Stefnt er að því að samningar um stækkun liggi fyrir í sumar og að framkvæmdir geti hafist í lok næsta árs. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar kosti einn milljarð dollara eða um 62 milljarða íslenskra króna, að sögn Hrannars Péturssonar, upplýsingafulltrúa Alcan.

Alcan greiddi 16,3 milljónir dollara í skatt á síðasta ári eða um 1,1 milljarð króna. Hafnarfjörður fékk af því um 77 milljónir króna. Samkvæmt nýju kerfi, sem er fyrirhugað, lækka heildarskattgreiðslurnar. Hafnarfjörður fengi samt um 250-300 milljónir króna í fasteignagjöld á ári og 500 milljónir eftir stækkunina. ghs@frettabladid.is

Talsmaður VG í Hafnarfirði:

# Einkennileg framtíðarsýn

**HAFNARFJÖRÐUR** Gestur Svavarsson, talsmaður vinstri grænna í Hafnarfirði, segir að ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar um að hefja samningaviðræður um orkusölu við Alcan sé ábyrgðarlaus og einkennileg. Stækkun álversins tryggi að viðbótarmengunarkvóti Íslendinga verði nýttur í botn og vel það.



**GESTUR SVAVARSSON** Finnst ekki fallegt að hafa álver í bakgarðinum.

„Þetta er einkennileg framtíðarsýn fyrir bæjarmyndina. Mér finnst ekki fallegt að hafa álver í bakgarðinum, en fyrst og síðast skiptir máli að það verði greidd atkvæði um þetta.” - ghs

Tollgæslan á Seyðisfirði:

# Tekinn með kortalesara

**LÖGREGLUMÁL** Maður var handtekinn við komuna á Seyðisfjörð með Norrænu á þriðjudagskvöld en tollverðir fundu í fórum hans fjögur sérútbúin tæki til að setja á hraðbanka og lesa kort viðskiptavina. Síðan er hægt að nota upplýsingarnar til að taka peninga af korti þess sem lesið var af.

Lögreglan telur víst að maðurinn eigi vitorðsmenn hér á landi en hann var með búlgarskt vegabréf. Hann neitaði allri sök við yfirheyrslur hjá lögreglu og hefur nú verið sleppt. - jse

## BRETLAND

**Galloway hafði betur** George Galloway, þingmaður á breska þinginu sem er þekktur fyrir tæpitungulausan málflutning og afdráttarlausa andstöðu við Íraksstríðið, vann í gær meiðyrðamál sem hann höfðaði á hendur Daily Telegraph fyrir að halda því fram að hann hafi þegið mútur af ríkisstjórn Saddams Hussein.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur í Borgarnesi** Þrír ökumenn voru stöðvaðir í grennd við Borgarnes í gærmorgun fyrir hraðakstur. Sá sem hraðast ók var tekinn á 116 kílómetra hraða, rétt utan bæjarmarka. Þá varð einn minniháttar árekstur í bænum þegar fólksbíll ók aftan á lyftara.

**Bruni í Neskaupstað** Betur fór en á horfðist þegar eldur varð laus í bensínstöð OLÍS í Neskaupstað en lögreglan og slökkvilið komu fljótt á vettvang og tókst að ráða niðurlögum hans á skömmum tíma. Engin meiðsl urðu á fólki en viðbúnaður lögreglu var mikill.

## STJÓRNSÝSLAN

**Nýir skrifstofustjórar** Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra, hefur verið ráðin skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu og Stefán Lárus Stefánsson hefur verið ráðinn sem prótókollstjóri hjá utanríkisráðuneytinu. Bergdís kemur úr forsætisráðuneytinu og Lárus var forsetaritari frá 2000 til 2005.


Fimmtudagskvöld eru *fjármálakvöld*

*Fyrirlestur í Langholtsútibúi, Holtagörðum, Reykjavík*

**í kvöld kl. 20**

– Efnahagsmál í upphafi árs

– Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á **www.landsbanki.is** og í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á **www.landsbanki.is**. Í boði er kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með lítilli gjöf.

Landsbankinn Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31026 01/2006




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HVESSIR VESTAST**
Það eru horfur á að síðdegis eða í kvöld hvessi nokkuð vestast á landinu með vaxandi vætu sem gengur inn á landið í nótt. Úrkoman fellur að líkindum öll sem rigning því hitinn er það hár.
Hann verður heldur svalari á morgun og laugardag en síðan hlýnar á ný á sunnudag með rigningu.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan strekkingur. Hvessir heldur síðdegis. Skýjað og dálítil súld eða rigning af og til. Hiti 5-8 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C alskýjað | París | 2°C alskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Osló | - 4°C hálfskýjað | Berlín | -3°C alskýjað | Mílano | 7°C skúrir |
| Stokkhólmur | -2°C hálfskýjað | Frankfurt | 1°C alskýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | 0°C alskýjað | Madríd | 12°C hálfskýjað | San Francisco | 13°C skúrir |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 11°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 18°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Esso
e-KORTHAFAR ATHUGIÐ
10%
ENDURGREIÐSLA
Þeir sem greiða með e-korti fá 10% endurgreiðslu
**af öllu eldsneyti** hjá ESSO í dag
AÐEINS Í
DAG!
e kort
www.ekort.is



## KJÖRKASSINN

*Eru prófkjör flokksstarfi til góðs?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 67% |
| NEI | 33% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ætlarðu að fylgjast með EM í handbolta?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is Vísir

Fulltrúar ólíkra fylkinga reyna stjórnarmyndun í Írak:

# Viðræður hafnar um þjóðstjórn

**ÍRAK, AP** Viðræður milli stjórnmálaleiðtoga sjía-múslima, súnní-araba og Kúrda um myndun þjóðstjórnar eru hafnar í Bagdad. Fulltrúi stærsta flokks sjía-múslima greindi frá því í gær að stungið hefði verið upp á fjórum mönnum í forsætisráðherraembættið.

Skugga á viðræðurnar varpar ofbeldisbylgja milli trúarhópa, en það setur ríkisstjórnarmyndunina í hættu.

Áhrifamikill klerkur úr röðum súnní-araba, Karim Jassim Mohammed, var skotinn til bana í gær af lögreglu við eftirlitsstöð þar sem hann var á leið inn



**SJÍAR KREFJAST FORYSTU** Fylgismaður klerkaleiðtoga sjía sem eru í sterkri stöðu til að krefjast áhrifa í væntanlegri ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í borgina Samarra í Norður-Írak. Talsmaður lögreglunnar greindi frá þessu. Þá var lögreglumaður einnig skotinn til bana í Sadr-hverfinu í Bagdad.

Stjórnarmyndunarþreifingarnar hófust á þriðjudag. Þá ræddust við fulltrúar Sameinaða Íraksbandalagsins, stærsta kosningabandalags sjía-múslima sem fengu flest þingsæti í kosningunum í desember, og fulltrúar Samræmisbandalags Íraks (IAF), stærsta kosningabandalags súnní-araba. Auk þessa koma fulltrúar kosningabandalags Kúrda að viðræðunum. Endanleg úrslit kosninganna lágu ekki fyrir fyrr en nýlega og því frestuðust formlegar stjórnarmyndunarviðræður þangað til nú.

Bresk rannsókn:

# Tvíburar tregari en einburar

**VÍSINDI** Tvíburar hafa að jafnaði lægri greindarvísitölu en einburar samkvæmt rannsókn breskra vísindamanna sem greint hefur verið frá í tímaritinu Bristish Medical Journal. Er munurinn rakinn til þess að tvíburar eru að öllu jöfnu léttari við fæðingu en einburar sem stafar af því að þeir fá ekki jafnmikla næringu í móðurkviði og einburarnir.

Rannsóknin byggist á mælingum sem gerðar voru á meira en tíu þúsund skoskum börnum fæddum um miðja síðustu öld. Greindarvísitala tvíbura mældist 5,3 stigum lægri við sjö ára aldur en einburanna og við níu ára aldur var bilið enn meira eða um sex stig að meðaltali. ■

Próflaus á bíl í Kópavogi:

# Tekinn tvisvar á sama sólarhring

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði í gærmorgun ökumann sem hafði nokkrum vikum áður verið sviptur ökuréttindum vegna umferðarlagabrota. Kvöldið áður hafði lögreglan stöðvað sama ökumann og því var maðurinn tekinn tvisvar próflaus sama sólarhring.

Að auki stöðvaði lögreglan tvo ökumenn sem grunaðir voru um ölvun og reyndist annar þeirra vera með lítilræði af fíkniefnum í bílnum.

Báðir mennirnir voru færðir á lögreglustöð þar sem þeir voru yfirheyrðir. - mh

## DANMÖRK

**Vændiskaup ekki niðurgreidd** Bæjaryfirvöld í Árósum í Danmörku hafa neitað fötluðum manni um aðstoð vegna vændiskaupa. Maðurinn fór fram á fjárhagslega aðstoð á þeim forsendum að verð á vændi væri of hátt fyrir mann í hans stöðu.

## PAKISTAN

**Leitað að börnum** Leitar- og hjálparsveit SOS-barnaþorpanna hefur fundið 129 pakistönsk börn sem misstu fjölskyldur sína í jarðskjálftunum fyrr í vetur.

## BRETLAND

**Drottning til Eystrasaltslanda** Elísabet II Englandsdrottning hyggst fara í sína fyrstu opinberu heimsókn til Eystrasaltslandanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, í október næstkomandi.

# Sjálfstæðisflokkurinn með mest fylgi

**Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins hefur Sjálfstæðisflokkur fylgi 43,5 prósenta Reykvíkinga til alþingis. Tæp fimm prósent segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, sem fékk um eitt prósent atkvæða í síðustu kosningum.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn hefur mest fylgi til alþingis í Reykjavík, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Ef boðað yrði til kosninga nú myndi flokkurinn fá 43,5 prósent atkvæða.

Erfitt er að meta hvað það þýðir í þingmannafjölda, þar sem Reykjavík er í tveimur kjördæmum og ekki er ljóst hvernig fylgið skiptist á milli kjördæma og einnig eru tveir jöfnunarmenn í hverju kjördæmi sem taka þarf tillit til út frá atkvæðamagni á landinu öllu.

Ef Reykjavík væri hins vegar eitt kjördæmi, og ekki þyrfti að huga að úthlutun jöfnunarsæta myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá tíu þingsæti, en níu þingmenn flokksins eru nú fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö. Í síðustu kosningum hlaut flokkurin 38 prósent

**HVAÐA FLOKK MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF BOÐAÐ YRÐI TIL ALÞINGISKOSNINGA NÚ?**






**BEÐIÐ EFTIR ÚRSLITUNUM** Formenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar voru í kjöri í Reykjavík fyrir síðustu kosningar, auk Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ekki er víst að Halldór Ásgrímsson næði inn, yrði boðað til kosninga nú.

atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi suður, en 35,5 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi norður.

Samfylking yrði annar stærsti flokkurinn í Reykjavík og sögðust 28,3 prósent myndu kjósa þann flokk. Með sömu fyrirvörum og hjá Sjálfstæðisflokkunum gæti það þýtt sex þingmenn, en nú sitja átta þingmenn fyrir Samfylkinguna. Flokkurinn hlaut 33,3 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi suður, en 36,3 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi norður.

Vinstri grænir fá þriðja mesta fylgið, eða 17,9 prósent. Miðað við það fengi flokkurinn fjóra þingmenn, en hefur nú tvo. Í kosningunum 2003 fékk flokkurinn 9,3 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjödæmi suður, en 9,8 prósent atkvæða i norðudkjördæminu.

Ekki er marktækur munur á milli Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins en 4,9 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Flokkurinn fékk 11,3 prósent atkvæða síðustu kosninga í Reykjavíkurkjördæmi suður og 11,6 prósent í Reykjavík norður.

4,6 prósent segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn sem fékk 1,4 prósent atkvæða Reykjavíkurkjördæmis suður í síðustu kosningum og 1,3 prósent atkvæða í Reykjavík norður. Miðað við beinan útreikning myndi það þýða þingmann fyrir hvorn flokk. En þar sem hvorugur flokkurinn nær fimm prósentum verður að telja líklegast að bæði sætin myndu tapast til annars flokks sem jöfnunarsæti, þar sem í síðustu kosningum þurfti tæplega tíu prósenta fylgi til að fá þingmann kjörinn.

Hringt var í 600 Reykvíkinga, 300 karla og 300 konur, 21. janúar. Spurt var: Hvaða flokk myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú? 56,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is




Íslendingar halda áfram að hækka neysluútgjöld sín líkt og undanfarin ár:

# Neysla fólks eykst ár frá ári

**HAGTÖLUR** Í rannsókn á útgjöldum heimilanna fyrir árin 2002 til 2004 kemur í ljós að neyslugjöldútgjöld hafa aukist um 9,3 prósent frá sambærilegri könnun sem birt var fyrir um ári síðan. Á sama tíma hefur meðalstærð heimilis fjölskyldna í landinu minnkað nokkuð og meðaltals neysla á hvern einstakling hefur hækkað um rúmlega tíu prósent.

Hlutfall matar- og drykkjarvöru af útgjöldum heimilisins hefur lækkað á undanförnum árum og mælist fyrir það þriggja ára tímabil sem til skoðunar var í rannsókninni, rúmlega fjórtán prósent. Kostnaður fjölskyldna við húsnæði, hita og rafmagn hefur á undanförnum árum orðið mun stærri hluti af útgjöldum heimilanna og mælist í könnuninni tæplega 23 prósent.

**NEYSLUGJÖLD ÍSLENDINGA**

Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2001–2003 og 2002–2004 (í þús. króna og sem hlutfall af heildarútgjöldum)

| | 2001–2003 | | 2002–2004 | |
|---|---|---|---|---|
| Matur og drykkjarvörur | 533 | 15,2 % | 552 | 14,4% |
| Áfengi og tóbak | 130 | 3,7% | 124 | 3,2% |
| Húsnæði, hiti og rafmagn | 787 | 22,5 % | 877 | 22,9% |
| Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. | 205 | 5,9% | 227 | 5,9% |
| Ferðir og flutningar | 453 | 12,9% | 602 | 15,7% |
| Menntun | 19 | 0,6% | 19 | 0,5% |
| Hótel og veitingastaðir | 190 | 5,4% | 199 | 5,2% |
| Neysluútgjöld alls | 3.504 | 100,0% | 3.831 | 100,0% |

Mesta aukningin hefur þó verið í bílakaupum Íslendinga og segir Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur Hagstofunnar í vísitöludeild, að búast megi við því að könnunin sem gerð verður á neysluútgjöldum fjölskyldna hér á landi að ári, sýni enn meiri hækkun. „Hlutfallslega mesta aukningin á milli kannana eru í ferðum og flutningum, en inn í þeim lið eru bílakaup og bílainnflutningur. Síðasta ár var metár í bílakaupum en það er hins vegar ekki inn í könnunum okkar. Það þriggja ára tímabil sem næst verður tekið fyrir, 2003 til og með 2005, mun því sýna mun meiri aukningu í bílakaupum. - mh

# götu markaður

# verðhrun

## Einungis 4 verð í gangi

enn meiri verð-lækkun



# 500kr

# 1000kr

# 1500kr

# 2000kr

nú á allt að seljast

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða heimsfrægi fótboltamaður valdi Eið Smára Guðjohnsen í úrvalslið sitt?*

2 *Hvað hafa borgaryfirvöld eytt hárri fjárhæð í uppkaup húsa á síðustu tveimur árum?*

3 *Hvaða Íslendingur sótti nýlega námsgögn til Kína?*

Ráðamenn Suður-Kóreu herða gagnrýni í garð Bandaríkjanna:

# Vilja tilslakanir í garð N-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Roh Moo-hyun, forseti Suður-Kóreu, lét í gær hörð orð falla í garð harðlínumanna í Washington sem stefna leynt og ljóst að því að knýja fram hrun alræðisstjórnar kommúnista í Norður-Kóreu. Talsmenn suður-kóreska utanríkisráðuneytisins gagnrýndu einnig útleggingu Bandaríkjastjórnar á fundi sem haldinn var um varnir gegn glæpsamlegu athæfi af hálfu Norður-Kóreumanna.

Þessi harði gagnrýnistónn frá ráðamönnum í Seoul í garð stjórnvalda í Washington þykja sýna vel hve mikil spenna er hlaupin í samskipti þessara nánu bandamanna til margra ára. Þessi spenna þykir ekki boða gott um framhald sexveldaviðræðnanna svonefndu, sem miða að því að fá Norður-Kóreustjórn ofan af kjarnorkuvopnaáætlun sinni.

Fulltrúar Norður-Kóreustjórnar ítrekuðu í gær að þeir myndu ekki snúa aftur að samningaborðinu fyrr en Bandaríkin afléttu refsiaðgerðum sem ákveðnar voru að sögn sem viðbrögð við meintum fjármálaglæpum Norður-Kóreustjórnar. **- aa**



**ROH MOO-HYUN** Forseti Suður-Kóreu talar á blaðamannafundi í Seoul í gær. Hann sagðist andvígur því að þrýsta óhóflega á Norður-Kóreumenn að láta af kjarnorku áætlun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Iceland Express eykur þjónustu:

# Frá Akureyri til Köben

**SAMGÖNGUR** Beint áætlunarflug Iceland Express frá Akureyri til Kaupmannahafnar hefst 30. maí næstkomandi og mun standa fram á haust. Flogið verður tvisvar í viku. Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að með þessari nýbreytni bjóðist Akureyringum og Norðlendingar að fljúga til Kaupmannahafnar á jafnvel lægra verði en flug til Reykjavíkur kostar en grunnverð farmiða verður 7.995 krónur.

Boðið verður upp á þann möguleika að lenda í Keflavík í bakaleiðinni og jafnvel frá hvaða viðkomustað Iceland Express sem er ef það hentar betur. **- jse**



**AFLEIÐINGAR VERKFALLS** Þúsundir farþega sátu strandaðir á Kastrupflugvelli.

Flugmenn SAS aftur í loftið:

# Verkfallið var SAS afar dýrt

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danskir flugmenn SAS samþykktu í gær að snúa aftur til starfa á þriðja degi verkfalls. Tugir þúsunda farþega, þar á meðal fjöldi Íslendinga, urðu fyrir óþægindum vegna verkfallsins en allt flug til og frá Kaupmannahöfn lá niðri.

Flugmennirnir voru að mótmæla yfirvofandi kjarabreytingum, sem þeir óttast að leiði til fjöldauppsagna. Kostnaður SAS vegna verkfallsins er gífurlegur. **- smk**

Árið 2005 var tímamótaár:

# Engin salmonella fannst í alifuglum

**SMITSJÚKDÓMAR** Engin salmonella fannst í alifuglum hér á landi á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum sem fram koma á heimasíðu yfirdýralæknisembættisins. Hún greindist hvorki í eldisfuglum né við slátrun þeirra.

Fjöldi sýna er tekinn á hverju ári í því skyni að hafa virkt eftirlit með því hvort salmonella sé í alifuglum.

Heildarfjöldi sýna sem tekin eru árlega er um 79.600. Þau skiptast þannig að 39.600 sýni eru tekin úr 660 eldishópum. Þar eru um það bil 570 kjúklingahópar. Þá eru um 40.000 sýni tekin úr 800 sláturhópum, þar sem af eru 636 kjúklingahópar.

Salmonellusýking í eldissýnum reyndist hvað mest árið 1993, en þá reyndust 16.86 prósent sýna sýkt. Síðan hefur hlutfallið farið hraðminnkandi milli ára. **-jss**



**FUGLAR** Fjöldi sýna er tekinn á hverju ári í því skyni að hafa virkt eftirlit með salmonellu.



**ANNA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR** Það er engin leið fyrir Önnu Guðrúnu að komast á aðra hæð í verslun A. Karlssonar en þangað þyrfti hún að komast til að geta fengið afgreiðslu.

# Hjálpartæki seld á 2. hæð

**A. Karlsson selur hjálpartæki fyrir fatlaða á annarri hæð og engin lyfta er í húsinu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir málið verða rætt í dag.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég þarf nauðsynlega á hjálpartækjum sem seld eru í A. Karlssyni að halda en ég hef ekki treyst mér til að fara þangað þar sem meginstarfsemin er á annarri hæð og engin lyfta er í húsinu,“ segir Anna Guðrún Sigurðardóttir. Hún er í hjólastól og hefur kosið að fá sambærilegt hjálpartæki annars staðar þar sem aðgengið er í lagi en það tæki gagnast henni ekki nógu vel að hennar sögn.

„Þetta er það sem við köllum mismunun á grundvelli fötlunar,“ segir Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar. „Við höfum verið að berjast fyrir því að aðgengi fyrir fatlaða sé tryggt á öllum stöðum og því er það alveg óskiljanlegt að aðgengið skuli vera með þessum hætti hjá fyrirtæki sem er með vörur og þjónustu sem margir fatlaðir þurfa nauðsynlega á að halda. Ef aðgengi er ekki gott í einhverri búð getum við valið að fara annað þar sem það er betra en í þessu tilfelli er ekkert val því margir fatlaðir fá vöruna hvergi annars staðar,“ segir hann.

Hann segir enn fremur að forráðamenn Sjálfsbjargar muni skrifa Tryggingastofnun og Hjálpartækjamiðstöðinni bréf, en fyrir þau eru útboðin gerð, þar sem þess verði krafist að stífari kröfur verði settar á fyrirtæki í útboði um að aðgengi sé fullnægjandi og þeirri kröfu síðan fylgt eftir frekar en nú er gert. Í núverandi útboðsgögnum er gerð krafa um að aðgengi sé gott fyrir alla við sölustaði.

Anna Guðrún segir einnig að vörurnar séu til mjög persónulegra þarfa og það auki enn frekar á nauðsyn þess að aðgengi og aðkoma sé með eðlilegum hætti.

„Ég tek alveg undir þessa gagnrýni, aðgengið er ekki nógu gott,“ segir Halldór Gunnarsson, framkvæmdastjóri A. Karlsson. Hann tekur undir það að kröfur um aðgengi mættu vega þyngra við mat á útboðsaðilum. Hann segir að stjórnendur muni ræða það í dag hvernig brugðist verði við. Hann segir að hugsanlega verði aðstæður bættar á jarðhæð og jafnvel komi til greina að fyrirtækið flytji í annað húsnæði.

**jse@frettabladid.is**




TILBOÐSVERÐ

1.550.000,-

Verð áður 1.790.000,- Mánaðargreiðsla 18.583,-*

Þessa dagana bjóðum við Opel Meriva á algjöru botnverði. Opel Meriva er sprækur eins og smábíll en hefur geymslupláss á við stærstu fjölskyldubíla. Mættu snemma því það eru aðeins 9 bílar í boði.

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
399 kr./kg.
KRÓNU KJÚKLINGUR FERSKUR
30% Afsláttur
Bautabúrið hangiálegg 2.092 kr./kg.
99 kr./stk.
DR. OETKER PIZZUR 4 TEG.
799 kr./kg.
KRÓNU UNG-NAUTA-HAKK
KRÓNAN
Ungnautahakk
Maxwell house kaffi 500g
327 kr./pk.
MAXWELL HOUSE
Skyr.is 170g
68 kr./stk.
skyr.is
Gríms fiskibollur 550g
299 kr./pk.
Gríms Fiskibollur
25% AFSLÁTTUR
Orville örbylgjupopp 6 pokar
227 kr./pk.
Orville Redenbacher's
NATURAL
Bounty eldhúsrúllur
449 kr./pk.
+50% MEHR BLÄTTER
Bounty
MONSTERROLLEN
Pasfrost 1kg frosið grænmeti 7 teg.
95 kr./pk.
PASFROST
Gulrætur baby 454g
249 kr./pk.
GRIMMWAY
BABY CARROTS
Kiwi
99 kr./kg.
Dalhof Swiss rúllutertur 3 teg.
99 kr./stk.
KAKAO APRIKOSE
KAKAO VANILLE
Dalhof hringkökur 3 teg.
129 kr./stk.
RODON CALIFORNIA
RODON MARBLE
RODON TRADITIONAL
Melónur gular
75 kr./kg.
Dole
Apellsínur
79 kr./kg.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



**UMBURÐARBRÉF LESIÐ** Benedikt XVI páfi les við messu í Péturskirkjunni í gær fyrsta umburðarbréfið frá því hann tók við páfadómi. Umburðarbréf eru eins konar stefnuræður páfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Foreldrar á Hvaleyrarholti í Hafnafirði efndu til fundar um umferðarmál:

# Óttast hraðakstur í hverfinu

**UMFERÐARMÁL** Foreldrar á Hvaleyrarholti lýstu þungum áhyggjum af aukinni bílaumferð um fyrirhugaða tengingu Byggðabrautar við Reykjanesbraut á móts við nýjan Krýsuvíkurveg á foreldrafundi í Hvaleyrarskóla í gærkvöld. Kom fram á fundinum að íbúar á svæðinu eru uggandi um að umferð muni bæði verða mikil og hröð.

Lengi hefur verið gert ráð fyrir tengingunni á þessum stað samkvæmt skipulagi.

Bílaumferðin upp Byggðabraut mun liggja meðfram Hvaleyrarskóla. Foreldrar kváðust einnig hafa áhyggjur vegna þess að þungaflutningar milli hafnasvæða færu um þennan veg auk mikillar umferðar frá Reykjanesi og af Krýsuvíkurvegi sem er einn umferðarþyngsti vegur landsins.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri var á fundinum og sagði að vel væri mögulegt að útbúa veginn þannig að um seinfarna og þrönga leið yrði að ræða. Þá sagði hann að tvenn undirgöng yrðu byggð undir Reykjanesbrautina til að tengja Vallahverfi og Hvaleyrarholt. - ghs



**FRÁ FUNDINUM** Foreldrar á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði hafa áhyggjur af því að umferð verði bæði hröð og mikil á nýjum vegi við Reykjanesbraut, í suðurátt ofan af Holtinu.

Svíar fengu ekkert að vita:

# Hryðjuverkaógn jókst í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Hryðjuverkaógn steðjaði að sænsku þjóðinni fyrir síðastliðin jól en þjóðin fékk ekkert að vita. Yfirmaður sænsku öryggislögreglunnar segir að yfirvöldum beri að fara varlega þegar þau upplýsi um slíka ógn, að því er kemur fram í vefútgáfu Aftonbladet.

Tveir sænskir hermenn voru myrtir og tveir særðust í Afganistan í desember.

Sænska þingið ákvað þá að tvöfalda herstyrkinn í landinu. Í framhaldi af því er talið að hryðjuverkaógnin sem steðjaði að Svíþjóð og öðrum Evrópulöndum hafi aukist. ■




# FJÁRMÁLA**AKADEMÍA**
# STJÓRNENDASKÓLA HR

Hagnýtt og markvisst nám í fjármálastjórnun fyrir stjórnendur. Námið tekur á öllum helstu þáttum er varða fjármál fyrirtækja sem stjórnendur þurfa að kunna skil á.

***Byggt er á fyrirlestrum, dæmum og raunhæfum verkefnum fyrir íslenskar aðstæður.***

***Leiðbeinendur:***
*Stefán Svavarsson*
*dósent í HR*

*Jóhann Viðar Ívarsson*
*stundakennari í HR*



**Námslína**

| | Dags.: | Tími: |
|---|---|---|
| Fjármálastjórnun fyrir almenna stjórnendur | 30. janúar | kl. 15.00 - 19.00 |
| Áætlanagerð í fjármálum | 13. febrúar | kl. 15.00 - 19.00 |
| Kennitölur sem stjórntæki í rekstri | 6. mars | kl. 15.00 - 19.00 |
| Notkun ársreikninga fyrir stjórnendur | 27. mars | kl. 15.00 - 19.00 |
| Arðsemisgreining fjárfestingatækifæra | 10. apríl | kl. 15.00 - 19.00 |
| Stjórnun veltufjármuna | 8. maí | kl. 15.00 - 19.00 |

**Skráning er hafin!**
Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Guðrún Helga Hamar***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6404*
*gudrunhelga@ru.is*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK





**ÞJÓRSÁRVER, FRIÐLAND** Hugmynd Umhverfisstofnunar að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Skyggða svæðið er núverandi friðland en heildregna línan tillaga að stækkun. Ýmsar fleiri tillögur að stækkun hafa verið settar fram. MYND: UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisráðherra vill stuðla að verndun Þjórsárvera:

# Undirbýr tillögur að stækkun friðlands

**NÁTTÚRUVERND** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra er fylgjandi stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og í ráðuneyti hennar er hafin vinna við að undirbúa tillögur í þeim efnum. „Eins og ég hef áður sagt bæði á þingi og opinberlega finnst mér að stækkun friðlandsins komi vel til greina. Þjórsárver eru gríðarlega verðmætt svæði, sama frá hvaða sjónarhorni horft er, hvort sem það er frá séríslensku eða alþjóðlegu,“ segir hún.

Undirbúningsvinnan er á frumstigi í ráðuneytinu og segir Sigríður Anna að hún muni eflaust taka nokkurn tíma. „Það er ekkert hægt að segja um það í dag hvernig tillögur að stækkun koma til með að líta út þegar búið er að fara í gegnum alla þætti málsins. Þetta þarf að vinna í samráði við sveitarstjórnir sem eiga land að svæðinu og ýmsa aðra sem koma að málinu.“



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR** Umhverfisráðherra

Sigríður Anna telur að hugmyndum um Norðlingaölduveitu hafi verið ýtt út af borðinu með samþykkt borgarstjórnar á dögunum en vill samt ekkert fullyrða um að þar með séu öll virkjunaráform í og við Þjórsárver úr sögunni. „Mér finnst það ólíklegt en ég veit ekkert hvað verður hugsanlega gert að einhverjum áratugum liðnum,“ segir hún. - ssal

Björk Guðmundsdóttir á ferð um Súmötru:

# Heimsækir börn sem lentu í flóðbylgjunni

**BARNAHJÁLP** Björk Guðmundsdóttir söngkona hélt til höfuðborgar Aceh-héraðs á Súmötru í Indónesíu í gær. Hún ætlar næstu tvo dagana að kynna sér uppbyggingarstarf Barnahjálpar Sameinuðu þjóðarinnar í Banda Aceh frá því að flóðbylgjan reið þar yfir fyrir rúmlega ári.



**BJÖRK TIL BANDAACEH** Söngkonan er á vegum landsnefndar UNICEF.

Helstu verkefni hennar verða að kynna sér vernd og menntun barna á svæðinu, auk þess sem hún hittir fórnarlömb flóðbylgjunnar. Björk heimsækir svæðið á vegum landsnefndar UNICEF í Bretlandi. ■




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

x2

**Reykvíkingar styðjum Gest Kr. í 2. sætið**

Prófkjörið er opið öllum íbúum Reykjavíkur án skráningar í Framsóknarflokkinn. Það munar um hvert atkvæði!
Þinn stuðningur skiptir máli!

Hringdu í Gest, **8458742** eða **5878742** hann vill heyra í þér!

www.gestur**INN**.is gestur**INN**@visir.is



Kraftmikinn mann í borgarstjórn


Nú er gott að hafa drif á öllum
XL-7
Verð frá 2.990 þús.
LIANA 4X4
Verð 1.820 þús.
JIMNY
Verð 1.690 þús.
IGNIS 4X4
Verð 1.690 þús.
IGNIS CLASSIC 4X4
Verð 1.490 þús.
NÝR GRAND VITARA
Verð frá 2.630 þús.
WAGON R+ 4X4
Verð 1.490 þús.
Nýr verðlisti - lægra verð á öllum bílum
SUZUKI
...er lífsstíll!
SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is




Mannrán í Norður-Írak og lögreglumenn grunaðir um spillingu handteknir:

# Tveimur Þjóðverjum rænt í Írak

**ÍRAK, AP** Tveimur þýskum verkfræðingum var rænt í Norður-Írak á þriðjudag af vopnuðum mönnum íklæddum búningum íraskra hermanna. Í gær kom fram að Þjóðverjarnir höfðu aðeins verið tvo daga í Írak þegar þeir lentu í höndum mannræningja.

Þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier sagði að verið væri að gera allt sem unnt væri til að fá Þjóðverjana leysta úr haldi, en enn var óljóst hverjir stóðu að baki mannráninu. Mennirnir störfuðu sem verktakar í ríkisrekinni verksmiðju nærri olíuvinnslustöð í Beiji, um 250 kílómetra norður af Bagdad.



**Á VERÐI** Breskir hermenn sitja á skriðdreka í Basra í Suður-Írak, þar sem breskir og írakskir hermenn handtóku háttsetta lögreglumenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Snemma á þriðjudagsmorgun voru fjórtán manns handteknir í borginni Basra um 550 kílómetrum suðaustur af Bagdad. Mennirnir eru grunaðir um aðild að hryðjuverkum gegn óbreyttum borgurum á svæðinu og eru sumir þeirra hátt settir yfirmenn í lögreglunni á svæðinu, samkvæmt upplýsingum frá Patrick Marriott, talsmanni breska hersins. Talið er að mennirnir tilheyri skæruliðasveitum Sjía-múslima.

Þá fórust fjórir bandarískir hermenn í nokkrum tilræðum víðsvegar um Írak, að sögn talsmanns bandaríska hersins. - smk

Eimskip endurræður sjómenn á farskipum í Færeyjum:

# Launakostnaður fer niður um 80 milljónir

**FARSKIP** Eimskip ætlar að samræma starfsmannahald á 13-14 gámaskipum, farskipum og olíuflutningaskipi, sem eru skráð í Færeyju og eyjunni Antigva í Karíbahafi, og ráða alla sjómennina til fyrirtækisins Fossa, sem er í eigu Eimskipa í Færeyjum.

Breytingin nær til alls um 200 sjómanna, þar af um 115-120 á Íslandi. Haukur Már Stefánsson, forstöðumaður skiparekstrar hjá Eimskipum, segir að launakostnaðurinn lækki um 80 milljónir á ári við þessa breytingu.

Færeyingar endurgreiða skipafélögum 15 prósent af sköttum farmanna og halda eftir sjö prósentum. Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, segir að með breytingunni minnki launamunurinn gagnvart sjómönnum frá launalægri löndum. „Við höldum í þau störf sem eftir eru,“ segir hann.



**JÓNAS GARÐARSSON** Segir skattgreiðslur sem nema tugum milljóna króna hverfa héðan þegar Eimskip endurræður starfsmenn í Færeyjum.

Haukur Már segir að verið sé að kynna breytinguna fyrir starfsmönnum og stéttarfélögum og breytingin taki svo gildi á næstu vikum. „Við erum með þessu að halda í við samkeppnisaðilana. Svo rekum við skipafélög í þremur löndum og samræmum með þessu ráðningar sjómanna.“

- ghs



**HÖGGMYND FALLIN** Bandarískur ljósmyndari tekur mynd af fallinni höggmynd af Saddam Hussein í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ósáttir við yfirdómara

**Réttarhöldum yfir Saddam Hussein var frestað enn á ný þegar dómarar reyndu að fá nýskipaðan yfirdómara settan af í Bagdad á þriðjudag.**

**ÍRAK, AP** Enn frekari vandræði sköpuðust við réttarhöldin yfir Saddam Hussein í Bagdad á þriðjudag þegar dómararnir reyndu að losa sig við nýskipaðan yfirdómara í málinu. Þessi atburður hefur enn frekar dýpkað ósættið um réttarhöldin, sem ætlað var að marka þáttaskil í írökskum stjórnmálum.

Verjendur Saddams voru fljótir að nýta sér ágreininginn og héldu því fram að þetta sannaði enn frekar að ómögulegt væri fyrir leiðtogann fyrrverandi að hljóta réttláta dómsmeðferð í heimalandi sínu.

Réttarhöldin hófust yfir Saddam þann 19. október síðastliðinn en þeim hefur lítið miðað áfram. Sérstaklega hafa morðin á tveimur verjendum, flótti þess þriðja úr landi og ákvörðun eins dómara um að segja af sér í síðasta mánuði hægt á málsmeðferð

Dómarinn sagði af sér eftir að upp komst að einn hinna ákærðu gæti hafa reynst ábyrgur fyrir aftöku bróður dómarans. Jafnframt hafa skapofsaköst Saddams, frammíköll, kvartanir og ræður truflað réttarhöldin.

Ekki bætti það ástandið þegar yfirdómarinn sagði skyndilega af sér í lok desember vegna ásakana stjórnmálamanna um að hann gerði ekki nóg til þess að halda Saddam í skefjum. Nýr yfirdómari var skipaður úr röðum dómaranna fimm sem dæma eiga málið, en hann var síðan settur af og Raouf Rasheed Abdel-Rahman skipaður.

Sumir dómaranna sættu sig ekki við skipun Abdel-Rahmans og því var málsmeðferð frestað á þriðjudag, að sögn tveggja dómara sem ræddu við fréttamenn AP. Opinber skýring var sú að of fá vitni hefðu mætt í dómsal.

Áætlað er að réttarhaldinu verði fram haldið á sunnudag, en Saddam, sem var leiðtogi Íraks í 23 ár, og sjö aðrir eru ákærðir fyrir morð á yfir 140 sjía-múslimum í kjölfar morðtilræðis á Saddam árið 1982.

Yfirvöld í Bandaríkjunum og Írak vonuðust til að réttarhöldin myndu aðstoða stríðshrjáða landsmenn við að gera upp við hið liðna, en reyndin hefur orðið allt önnur.

smk@frettabladid.is




Rauðarárstíg hefur verið lokað frá Miklubraut:

# Ekið um Flókagötu

**SAMGÖNGUR** Rauðarárstíg hefur verið lokað frá Miklubraut og er umferðinni beint um Flókagötu.

Stefán Finnsson, deildarstjóri á framkvæmdasviði hjá Reykjavíkurborg, segir að þegar ákveðið hafi verið að breyta hluta Norðurmýrarinnar í 30 kílómetra svæði hafi verið ákveðið að beina umferðinni um Flókagötu. Hámarkshraðinn þar sé enn fimmtíu kílómetrar á klukkustund.

Stefán segir ákvörðunina hafa verið tekna fyrir meira en ári og hún framkvæmd í byrjun vetrar. Engar kvartanir hafi borist vegna breytinganna. - gag



**FLÓKAGATA** Umferð inn á Rauðarárstíg fer um Flókagötu eftir að svæðinu var breytt í þrjátíu kílómetra svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dyrnar
## að þínum draumum

### Skápar til innbyggingar
**Rústfrítt stál og ál**

SAMSUNG



**RS21KLSR** - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og kælt
vatn. Sér kælihólf í skápnum
til að afþýða eða hraðkæla.
**299.990,-**



**RS21KLAL** - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og kælt
vatn. Sér kælihólf í skápnum
til að afþýða eða hraðkæla.
**329.990,-**



**RS21KCSM**
Lakkað Stál.
Kælir og frystir
176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og
Klakavél og kælt
vatn. Sér kælihólf í
skápnum til að
afþýða eða
hraðkæla.
**229.990,-**

**Stál, kámfríir**

SAMSUNG

**RS21DASM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x
72 cm tvö kælikerfi og
klakavél og kælt vatn.
**189.990,-**



SAMSUNG
**kæli- og frystiskápar**

SAMSUNG

**Hvítir kæliskápar**



**RS21NASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
**139.900,-**



**RS21DASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**159.900,-**



**RS21FASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**169.900,-**



**RS21KCSV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi
og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í
skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**199.990,-**

imago

**Einfaldir kæliskápar**

SAMSUNG



**RL36EBSW** Hvítur
182 cm á hæð kælir
og frystir
**69.990.-**



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir
og frystir
**89.990.-**



**RL39WBSW** Hvítur
192 cm á hæð kælir og
frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn
**89.990.-**



**RL39WBMS** Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og
frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn.
**99.990.-**

**Umboðsmenn:**
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi, Rafbúðin Hafnarfirði og Ljósboginn Keflavík
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði og Vestmennt Patreksfirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarinns Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Suðárkróki, SR Byggingarvörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** HS Raf Eskifirði, Verslunin Vík Neskaupstað og Reyðarfirði, Beint í Mark Vopnavirði, Rafholt Egilstöðum.

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800

# Skpi



**SVAJS** fatapokar
2 stk. 60x105 sm
1 stk. 60x135 sm **245,-**



**RUSCH**
veggklukka Ø25 sm **190,-**



**FLYTT**
tímaritahirslur 5 í pk. **190,-**






**PROPP**
herðatré 8 stk. **265,-**



290,-

**HÅBOL** kassar með loki 2 í pk.
48x34x36 sm



**LETTEN** geymslukollur
60x35x15 sm **1.490,-**



**DIMPA** fata með loki 2 s
Ø20x20 sm **290,-**

# Allt á sinn stað

## Dagana 26. janúar til 5. mars

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

# iulag

## í geymslunni...



2.690,-
**GORM** hillueining
77x174x51 sm



195,-
**GORM** snagi 31 sm



**KASSETT** kassar með loki 2 í pk.
ýmsir litir 37x29x17 sm **890,-**



**ANTONIUS** grind með vírkörfum
44x54x70 sm **2.965,-**



stk.



**MACKIS**
skjalaskúffa 34x27x17 sm **1.450,-**



**GORM** karfa
29x27x15 sm **50,-**



590,-
**PRESSA** strauborð
73x32x13 sm



**FUNKIS** blaðagrind
57x31x39 sm **890,-**



Fjölskyldutilboð
virka daga 17:30 - 19:30

Sænskar kjötbollur, tveir 10 bollu skammtar og tveir barnaskammtar af spaghetti ásamt safa.

990,-

IKEA Restaurant

IKEA®

## „ORÐRÉTT“

### *Nú er horfið Norðurland*

**„Ef horft er á þróun síðustu áratuga þá hefur öll uppbygging stóriðju verið á suðvesturhorninu og síðan fyrir austan en Norðurland hefur ekkert verið inni í þeirri mynd.“**

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON BÆJARSTJÓRI Á AKUREYRI UM STÓRIÐJUVER Á ÍSLANDI. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Bönnum frjáls viðskipti*

**„Stjórnarþingmenn og ekki síst bæjarstjórn hefur staðið sig illa í þessu máli. Hún hefði getað beitt sér í málinu.“**

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON FRJÁLSLYNDUR UM ÞÁ STAÐREYND AÐ MINNA AF FISKI ER LANDAÐ Á AKRANESI EN FYRIR SAMEININGU HB OG GRANDA. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HERBERT GUÐMUNDSSON

## *Vinnur að meistarastykkinu*



„Hellingur gerist þótt það standi ekki í blöðunum,“ segir Herbert Guðmundsson þegar hann er inntur eftir því hvað sé að frétta. „Það er margt gott að frétta. Um síðustu helgi söng ég á árshátíð Hótel Sögu og í Eyjum á þrettándanum. Svo er ég að vinna að nýrri plötu sem ég reikna með að verði meistarastykkið mitt,“ segir Herbert sem vinnur hægt og bítandi að plötusmíðinni. „Ég er að vinna falleg lög, svona ballöður. Það verður kjöt á beinunum.“

Herbert hefur þegar gefið út níu sólóplötur upp á eigin spýtur og fjármagnað útgáfuna sjálfur. „Ég hef aldrei verið á mála hjá mafíunni heldur hef ég þurft að berjast fyrir þessu hörðum höndum og með vindinn í fangið.“ Herbert er ekki einn um tónlistina í fjölskyldunni. Yngri sonur hans er trommuleikari og sá eldri spilar á hljómborð. Herbert segir þá leita að bassaleikara, góðum dreng, til að spila með sér í hljómsveit.

Tónlistin er hins vegar aðeins einn af mörgum þáttum í lífi Herberts. Hann er nýbyrjaður að vinna aftur fyrir bókaútgáfuna Örn og Örlyg. „Ég er núna á sölutúr um Árnes- og Rangavallasýslur fyrir Örlyg.“ Spurður um þá fullyrðingu að enginn sé betri sölumaður en hann svarar hann því til að hann sé bara með svo góða vöru.

„Örlygur er höfðingi í bókaútgáfunni. Verkið sem hann er með núna heitir Úr torfbæjum inn í tækniöld. Það hefur að geyma á annað þúsund ljósmyndir sem hvergi hafa birst áður. Bændum finnst það merkilegt,“ segir Herbert. Honum er vel tekið og finnst sölutúrarnir æðislega skemmtilegir: „Þetta er svo gefandi. Maður er að hitta gott fólk í fjórða og fimmta sinn, því maður er búinn að fara svo marga hringi um landið,“ segir Herbert, sem ósjaldan er boðið inn á heimili í kaffisopa. „Helmingurinn af þessu starfi eru mannleg samskipti og það er svo gefandi.“

Margir vita að Herbert og kona hans reka einnig ísbúðina Stikkfrí í Síðumúla. Hann segir að rólegt sé að gera yfir vetrarmánuðina en búðin standi samt fyrir sínu: „Ég held að þetta sé með elstu ísbúðum á landinu.“

Skákþing Reykjavíkur:

## Stefán enn með forystu

Stefán Kristjánsson hefur eins vinnings forskot á næstu keppendur þegar tvær umferðir eru eftir af Skákþingi Reykjavíkur – Skeljungsmótinu. Stefán og Bragi Þorfinnsson gerðu jafntefli í sjöundu umferðinni eins og Bergsteinn Einarsson og Sævar Bjarnason sem einnig eru í toppbaráttunni. Jón Viktor Gunnarsson lagði Lárus Knútsson og Sigurður Páll Steindórsson vann Lenku Ptacnikova.

Áttunda umferð var tefld í gærkvöld en úrslit lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun. Í henni áttust meðal annars við Stefán Kristjánsson og Sigurður Páll Steindórsson og Sævar Bjarnason og Bragi Þorfinnsson.

Lokaumferð Skákþings Reykjavíkur verður tefld á föstudagskvöldið.

**STAÐA EFSTU MANNA**

| | |
|---|---|
| **1** | |
| **STEFÁN KRISTJÁNSSON** | **6,5** |
| **2.-5.** | |
| **BRAGI ÞORFINNSSON** | **5,5** |
| **JÓN VIKTOR GUNNARSSON** | **5,5** |
| **SÆVAR BJARNASON** | **5,5** |
| **SIGURÐUR PÁLL STEINDÓRSSON** | **5,5** |
| **6.-9.** | |
| **STEFÁN FREYR GUÐMUNDSSON** | **5** |
| **BJÖRN ÞORFINNSSON** | **5** |
| **BERGSTEINN EINARSSON** | **5** |
| **SIGURJÓN HARALDSSON** | **5** |

# Níu líf Austurbæjarbíós

**Ráðist verður í viðamiklar endurbætur á Austurbæjarbíói við Snorrabraut. Þar hafa merkir menningarviðburðir verið haldnir í gegnum árin, sinfóníu- og rokktónleikar, leik- og kvikmyndasýningar, að ógleymdum baráttufundum verkalýðsins.**




**AUSTURBÆJARBÍÓ VIÐ SNORRABRAUT** Húsið hefur staðið í um hálfa öld og þar hafa margir menningarviðburðir verið haldnir í gegnum árin. Fyrir dyrum standa stórfelldar endurbætur á húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirtækið Nýsir, sem á og rekur fjölmörg mannvirki, keypti Austurbæjarbíó síðastliðið sumar og fyrir dyrum standa stórfelldar endurbætur sem kosta munu á milli 100 og 200 milljónir króna.

Austurbæjarbíó var reist fyrir fimmtíu árum og var í eigu hlutafélags sem að stóðu nokkrir fjármála- og framkvæmdamenn í Reykjavík. Var það reist af stórhug, sem meðal annars sést á því að það var stærsta samkomuhús landsins, tók á áttunda hundrað gesti í sæti. Salurinn var glæsilegur og búinn jafnt til hljómleikahalds og leik- og kvikmyndasýninga.

Fyrsta kvikmyndasýningin var í Austurbæjarbíói haustið 1947 og rúmum þremur árum síðar, í mars 1950, hélt nýstofnuð Sinfóníuhljómsveit Íslands hljómleika í húsinu.

En Austurbæjarbíó var ekki bara salurinn stóri sem er svo mörgum kunnur. Á efri hæð hússins var fjörlegur veitingarekstur. Silfurtunglið var meðal vinsælustu ballstöðum borgarinnar og á gullaldarárunum var dansað þar sex daga vikunnar við undirleik lifandi tónlistar. Margar af helstu dægurstjörnum þess tíma stigu sín fyrstu spor í Silfurtunglinu eða á víðfrægum skemmtikvöldum sem Svavar Gests efndi til í stóra salnum. Má þar nefna Ragnar Bjarnason og Ellý Vilhjálms. Þá var sá háttur á að barna- og unglingadansleikir voru í Silfurtunglinu á sunnudögum og fengu unglingahljómsveitir að troða upp.

Austurbæjarbíó var annars mikill samastaður ungmenna. Safnast var saman við bíóið og skipst á Andrésar andar- og hasarblöðum áður en streymt var inn á Roy Rogers eða ámóta hetjumyndir. Á margur karlinn á sextugsaldri ljúfar minningar frá þeim tíma ævi sinnar. Sumir muna líka að mjólkurhristingur eða sjeik var seldur á Austurbarnum í Austurbæjarbíói en slíkt var nýjung í þá daga.



**SALURINN Í DAG** Svona er umhorfs innandyra í Austurbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki verður hlaupið yfir sögu Austurbæjarbíós (þó í stuttu máli sé) án þess að þar sé minnst á tilfinningaþrungna baráttufundi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Voru þeir fjölmargir og jafnan þétt setinn bekkurinn. Það gustaði um salinn þegar Guðmundur jaki stóð í pontu og fræddi félagsmenn sína um stöðu mála í samningaviðræðum eða leitaði umboðs þeirra til að grípa til aðgerða.

1987 tók Árni Samúelsson við rekstri Austurbæjarbíós og sýndi þar kvikmyndir í nafni Bíóborgarinnar í rúman áratug. Fyrir nokkrum árum lögðust kvikmyndasýningar svo af og hefur húsið verið notað til sýninga- og tónleikahalds undanfarin misseri.

Í Austurbæjarbíói hafa farið fram fjölmargir stórviðburðir á menningarsviðinu. Áður er getið fyrstu hljómleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í mars 1950 en þar komu líka fram nokkrar erlendar rokkhljómsveitir. Má þar nefna Kinks, Searchers og Swingin´ Blue Jeans. Rokkóperan Jesús kristur ofurstjarna var sett upp í húsinu og fjölmörg leikrit á árunum í kringum 1960.



**SAMMÁLA** Verkamannafélagið Dagsbrún hélt fjölmarga fundi í Austurbæjarbíói. Hermt er að þrumandi ræður Guðmundar jaka hafi heyrst um alla Norðurmýrina.



**AUSTURBÆJARBÍÓ VERÐUR BÍÓBORGIN** Árni Samúelsson og fjölskylda tóku við rekstri bíósins um miðjan níunda áratuginn.

**SAGAN HEILLAR NÝSISMENN**

„Við erum byrjuð að taka í gegn og hreinsa út og svo gerist þetta hægt og bítandi og fljótlega verður farið í framkvæmdir utanhúss,“ segir Helgi S. Gunnarsson hjá Nýsi. Enn er óljóst hvenær framkvæmdum lýkur því ekki er afráðið hve mikið verður gert. Þá er vonast til að framkvæmdirnar trufli sem minnst þá starfsemi sem nú er í húsinu. Spurður hvað húsið komi til með að heita segist Helgi ekki viss en að líkindum verði Austurbær ofaná en húsið hefur verið rekið undir því nafni undanfarin ár.

„Sagan í íslenskri menningu og skemmtun er það sem heillar okkur hvað mest og svo er staðsetning hússins góð,“ svarar Helgi aðspurður hvers vegna Nýsismenn ráðast í verkefnið. Og ekkert verður sparað. „Það þarf að gera hlutina almennilega ef þeir eiga að virka,“ segir Helgi.



**LOLA OG FLEIRA GOTT** Hljómsveitin Kinks hélt nokkra hljómleika í Austurbæjarbíói í september 1965. Uppselt var þá á alla.



**BEÐIÐ Í RÖÐ** Kvikmyndin Veiðiferðin eftir Andrés Indriðason var frumsýnd í Austurbæjarbíói 1980. Margir biðu lengi eftir að fá miða.



Tilboðin gilda í viku 4 til sunnudags 29. jan. eða á meðan birgðir endast

...fyrir góðan dag!

EKKERT BRUÐL

# Lambakjöt

LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
**898** kg KR.
MERKT VERÐ 998KR.

## Frosið og snyrt lambalæri

FROSINN LAMBABÓGUR
**599** kg KR.

## Frosinn KS lambabógur

bonus.is

# Bragð sem allir elska

Lambakjöt tilheyrir þeim fæðuflokkum sem minnst eru líklegir til að valda fæðuóþoli. Prótíninnihaldið er hátt og það er ríkt af B-vítamínum auk þess að vera góður járn og sink gjafi. Fitu þess ætti að snæða af kurteisi þar sem hún er mettuð og kalóríurík.

FROSIN, VERKUÐ SVIÐ
**379** kg KR.
MERKT VERÐ 398KR.

## Frosin og verkuð svið

## Frosið KS súpukjöt
I. flokkur
II. og III. flokkur

I. fl. frosið KS súpukjöt
**398** kg KR.
MERKT VERÐ 499KR.

II. og III. fl. frosið KS súpukjöt
**199** kg KR.

# www.bonus.is

## Svona erum við

> Hlutfall stóriðju og almennrar orkunotkunar af raforkunotkun. Flutningstap meðtalið.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ANDANEFJA SYNTI TIL LUNDÚNA

# Banvæn ferð upp Thames-ána

Vegfarendur við breska þinghúsið ráku upp stór augu þegar þeir komu auga á tæplega sex metra langa andanefju sem synti upp Thames-ána í Lundúnum í síðustu viku. Þetta er í fyrsta sinn sem vitað er til að svo stórt spendýr heimsæki borgina af sjálfsdáðum, þó að höfrungar og selir syndi af og til upp ána. Björgunaraðgerðir sem reyndar voru á laugardag reyndust árangurslausar og drapst skepnan fljótlega vegna vökvataps og fleiri vandamála, en andanefjur vinna vökva úr fæðunni. Hvalurinn hafði ekki nærst í þrjá daga.



### Hvað eru andanefjur?

Andanefjur, eða Hyperoodon ampullatus, eru tannhvalir sem draga nafn sitt af höfuðlaginu, trýnið er mjótt og ennið hátt og kúpt. Í því er mjög feitt lýsi sem menn notuðu áður í hægðatregðulyf og húðkrem. Þær eru grásvartar á lit og heldur ljósari á maganum. Andanefjur geta orðið allt að níu metra langar og átta tonn að þyngd, álíka stórar og hrefnur. Þær lifa að mestu á smokkfiski, geta verið í rúma klukkustund í kafi í einu, eru gæfar og forvitnar, ferðast saman í litlum hópum og eru mjög trygglyndar.

Andanefjur eru farhveli sem halda sig venjulega í Norður-Atlantshafi. Þær sjást við Ísland á sumrin en koma sjaldan inn á firði og flóa. Þær halda sig mest á djúpunum suðaustur af landinu og geta kafað allt niður á eins kílómetra dýpi.

Ekki er vitað hversu stór stofninn er en talið er að um 42.000 dýr haldi sig á íslensku hafsvæði.

### Hvers vegna synti andanefjan til Lundúna?

Vísindamenn krufðu hvalinn og vonuðust til að finna skýringar á hegðun hennar. Líklegt má teljast að hún hafi villst af leið og synt áfram upp ána í leit að heimkynnum sínum, en einnig heyrast getgátur um að gróðurhúsaáhrifin hafi ruglað hana í ríminu. Áður en björgunaraðgerðir hófust barst sá orðrómur um að tvær aðrar andanefjur hefðu sést neðar í ánni, en sá orðrómur fékkst ekki staðfestur.

## SPURT & SVARAÐ

ÖRYGGI Í FLUTNINGUM

### *Ábyrgðin er bílstjórans*

Ökumaður fólksbíls var hætt kominn í fyrradag þegar tólf tonna stálballest valt af flutningabíl ofan á bíl hans í Ártúnsbrekkunni. Bílstjóri flutningabílsins þurfti að nauðhemla þegar bíll skaust fram fyrir hann með þessum afleiðingum. Ballestin var lögð á blautan pallinn og strengt yfir með nælonböndum. Rúnar Sigurpálsson, varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar, telur þennan frágang hafa verið ófullnægjandi.



**RÚNAR SIGURPÁLSSON** varðstjóri Umferðardeild

**Hver ber ábyrgð á að frágangur á farmi sé fullnægjandi?**
Ökumaður hvers bíls ber ábyrgð á sínum farmi samkvæmt umferðarlögum. Hvernig frágangi skal háttað kemur fram í reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu farms sem Umferðarstofa gefur út og hægt er að nálgast á heimasíðunni www.us.is.

**Hvernig er eftirliti háttað?**
Það er ekkert reglubundið eftirlit heldur sinnir lögregla venjubundnu eftirliti í umferðinni og stoppar ökumenn sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.






# Þrjár nýjar virkjanir í Þjórsá

**Fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík hefur á ný beint sjónum manna að frekari virkjun Þjórsár. Í samningi Alcan og Landsvirkjunar um viðræður vegna raforkuþarfar álversins kemur fram að Landsvirkjun hyggst svara 60 prósent af heildarorkuþörfinni með orku frá Búðarhálsvirkjun í Tungnaá auk orku frá þremur virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem farið hafa í umhverfismat og fengið samþykki.**




**KORT AF FYRIRHUGUÐU VIRKJANASVÆÐI Í ÞJÓRSÁ** Hér sést staðsetning þeirra þriggja nýju virkjana sem fyrirhugað er að reisa í neðri hluta Þjórsár. Þær eiga samtals að skila af sér um 255 MW orku sem að viðbættri 90 MW orku frá Búðarhálsvirkjun samsvarar 60 af hundraði þeirrar orku sem fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík krefst. MYND/ LANDSVIRKJUN

Þær virkjanir sem um ræðir eru Holta- og Hvammsvirkjanir auk Urriðafossvirkjunar. Samtals munu þessar virkjanir skila 255 megavöttum. Upphaflega var gert ráð fyrir að einni virkjun, Núpsvirkjun, í stað Holta- og Hvammsvirkjana en nú lítur út fyrir að þær verði tvær og verður þorri mannvirkja vegna virkjananna staðsettur í Rangárþingi ytra.

### Hvammsvirkjun

Hvammsvirkjun verður skammt ofan við Árnes og kemur til með að skila 80 MW orku. Gert er ráð fyrir að bygging virkjunarinnar taki þrjú ár. Reist verður stífla í Þjórsá við Núp og myndast við það 4,6 ferkílómetra lón, Hagalón, sem verður inntakslón virkjunarinnar. Yfirborð þess verður í 116 metra hæð og mun lónið að stærstum hluta liggja í farvegi Þjórsár. Frá inntaksmannvirki við lónið verður lögð um 400 metra löng þrýstipípa að stöðvarhúsinu sem reist verður vestan við Skarðsfjall í Landsveit.

Frárennsli virkjunarinnar fellur fyrst um rúmlega eins kílómetra löng jarðgöng suður með Skarðsfjalli og síðan um eins og hálfs kílómetra langan frárennslisskurð út í farveg Þjórsár við Ölmóðsey, en farvegur árinnar verður dýpkaður sunnan Ölmóðseyjar.

### Holtavirkjun

Holtavirkjun verður nokkru neðan við Hvammsvirkjun og er áætlað að hún skili um 50 MW orku. Byggingartími hennar er áætlaður örlítið styttri en Hvammsvirkjunar, tvö og hálft ár, enda er hún talsvert minni.

Miðað er við að stöðvarhús Holtavirkjunar verði reist á þeim slóðum sem nú eru bæjarhúsin í Akbraut í Holtum. Þjórsá verður veitt í Árneskvísl við Búðafoss og verður kvíslin stífluð í gljúfri skammt neðan við Akbraut og myndast þar tæplega sjö ferkílómetra inntakslón, Árneslón, með vatnsborð í 72 m hæð. Inntaksmannvirki og stöðvarhús virkjunarinnar verða sambyggð. Frá stöðvarhúsinu mun frárennslið falla um 500-600 metra langan skurð til Árneskvíslar sem verður dýpkuð að Árnessporði.




**URRIÐAFOSSVIRKJUN** Tölvumynd af fyrirhugaðri Urriðafossvirkjun og lóninu ofan hennar Þjóðvegur eitt sést neðan við virkjunina. MYND: LANDSVIRKJUN

### Urriðafossvirkjun

Neðsta virkjunin af þessum þremur og sú sem verður hvað sýnilegust almenningi er Urriðafossvirkjun sem staðsett verður skammt ofan við þjóðveg eitt þar sem hann liggur yfir Þjórsá. Gert er ráð fyrir að virkjunin skili 125 MW orku. Farvegur Þjórsár verður stíflaður við Heiðartanga, skammt ofan Þjótanda. Þar myndast um 12,5 ferkílómetra stórt lón og verður yfirborð þess í 51 metra hæð. Lónið verður um 27 milljón rúmmetrar að rúmtaki, eða 27 gígalítrar. Stíflan í farvegi Þjórsár verður 12-13 metra há. Í framhaldi af henni verður stíflugarður liggja upp eftir vesturbakka árinnar, en hann lækkar eftir því sem ofar dregur á Skeiðin.

Stöðvarhús Urriðafossvirkjunar verður neðanjarðar nærri stíflumannvirkjunum. Inntak virkjunarinnar verður á Heiðartanga og verður vatn leitt í göngum að hverflum í stöðvarhúsi. Stöðvarhúsið verður neðanjarðar í Heiðartanga undir landi Þjórsártúns, skammt norðaustan bæjarins. Stjórnhús og tengivirki verða ofanjarðar yfir stöðvarhúsinu. Vatnið verður leitt frá virkjuninni í um þriggja kílómetra löngum frárennslisgöngum. Gert er ráð fyrir að þau opnist út í farveg Þjórsár um það bil einum kílómetra neðan við Urriðafoss.



FRÉTTASKÝRING
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is


Nettó slær öllu við
-með betra verði
149 kr.kg
Íslandsfugl kjúklingavængir
389 kr.kg
Íslandsfugl kjúklingalæri
99kr.kg ódýrt saltkjöt
heimboð í vöfflur og kökur
Náttúra
VÖFFLUR
50% afsláttur við kassa
129 kr.stk
Coop sultur
99 kr.pk
Hvítlauksbrauð 2 stk.
nýtt!
CRESCENDO
RISING CRUST PIZZA
McCain Rising Crust Pizza
200kr. afsláttur af hverri pizzu!
129 kr.pk
Franskar heilt kíló
129 kr.pk
Blómkálsblanda heilt kíló
199 kr.stk
Myllu skúffukaka
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 26. -29. janúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

## Útgjöldin

>Rútufargjald fyrir eina ferð Reykjavík-Selfoss í ágúst:




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR

## *Góður svefn lykillinn að góðu lífi*



„Ég myndi segja að bestu kaupin, fyrir utan litla húsið mitt sem ég keypti í haust, væri rúmið mitt," segir Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona. „Ég keypti mér rúm fyrir nokkrum árum í Betra bak og ég talaði bókstaflega um hve gott rúmið væri á hverjum degi í heilt ár. Það segir nú sitt um kaupin. Rúmið er stórkostlegt." Unnur segir að hver maður ætti að leyfa sér þann munað að sofa í góðu rúmi. „Lykillinn að góðu lífi er góður svefn. Ég hef verið afar sæl með þetta rúm frá fyrsta degi."

Eins vel og rúmið hefur reynst Unni Ösp var fyrsti bíllinn til ama. „Fyrsti bíllinn minn er verstu kaup mín. Það var appelsínugulur Skódi sem ég keypti af ömmu minni á tíu þúsund kall. Bíllinn var dásamlegur og ég elskaði hann, en engu að síður bilaði hann að jafnaði tvisvar sinnum í viku og því eðlilega nokkuð kostnaðarsamt að láta gera við hann, sérstaklega fyrir mig sem var þá fátæk námsmær," segir Unnur Ösp en hugsar með trega til bílsins. „Ég sakna hans stundum en ég á betri bíl í dag. Ég lærði af reynslunni."

Söknuðinn skýrir hún með því að þrátt fyrir tíða bilanatíðni hafi hann vakið athygli. „Ég lenti stundum á sjens þegar ég þurfti hjálp frá strákunum við að ýta bílnum í gang, þannig að það var svolítið að græða á þessu öllu saman."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### TANNKREM Á ÁBLÁSTURINN

■ *Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi gefur frábært húsráð sem hún segir að sé óbrigðult. Það er einfaldlega að bera tannkrem á áblástur og hafa það yfir nóttina. Að morgni eru áhrif þessa hvimleiða víruss horfin.*



„Því háttar þannig til að mér hættir mjög til þess að fá áblástur á varirnar," segir hún. „Þetta gerir ekki boð á undan sér og maður á ekki alltaf réttu lyfin. Þegar svo háttar hefur það reynst mér mjög vel að setja tannkrem á staðinn þar sem áblásturinn er farinn að gera vart við sig. Ég hef það svo á mér yfir nótt og morguninn eftir eru einkennin horfin. Þeir sem eru með þetta á annað borð leita allra leiða til að losna við þetta því þetta er bæði sárt og síður en svo fegurðarauki."

■ **Hvað kostar... Bensínlíterinn?**

## Sama verð og í upphafi viku



Eftir að Olíufélagið Esso hækkaði eldsneytisverð sitt á mánudagskvöld, var tilkynnt um lækkun aftur í gær. Bensín hækkaði um 1,50 krónur á lítra á mánudag og dísilolía hækkaði um 1 krónu. Í gær lækkaði bensínverð hjá Esso um 1,50 krónur og dísilolía lækkaði um 1 krónu. Verð hjá Esso var því orðið það sama í gær og það var á mánudagsmorgun.

Olís og Skeljungur hækkuðu einnig eldsneytisverð hjá sér í byrjun vikunnar og hækkaði bensínverð um 1,20 krónur á lítra. Bæði Olís og Skeljungur lækkuðu verð sitt aftur í gær um 1,20 krónur. Dísilolía sem hafði hækkað á þriðjudag um 1 krónu lækkaði einnig aftur í gær.

■ **Verslun og þjónusta**

## Upplýsingar um netöryggi



Póst- og fjarskiptastofnun hefur opnað nýja vefsíðu, netoryggi.is. Á síðunni segir að samfara síaukinni netumferð hafi margs konar ónæði og misnotkun gagna aukist, svo sem tölvuveirur, amapóstur, njósnahugbúnaður og fleira. Nauðsynlegt sé að stemma stigu við þessu með samstilltu átaki stjórnvalda, fyrirtækja og almennings.

Á heimasíðunni má finna leiðbeiningar til að bæta öryggi netsins með fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni sem tengjast vaxandi notkun upplýsinga og fjarskiptatækni.

■ **Verslun og þjónusta**

## Rajah karrí innkallað vegna litarefna




Tvær kryddtegundir hafa verið innkallaðar úr verslunum eftir að í ljós kom að þær innihéldu ólögleg litarefni. Um er að ræða Rajah Mild Madras Curry Powder og Rajah Hot Madras Curry Powder í hundrað gramma dósum.

Snefill af litarefninu súdan, sem talið er vera krabbameinsvaldandi, hefur fundist í dósum með síðasta söludag um mitt árið 2007.

Stjórnendur Karls. K. Karlssonar ehf. sem flytur kryddið inn hvetja þá sem hafa slíkar dósir í fórum sínum að skila þeim sem fyrst til fyrirtækisins að Skútuvogi 5 í Reykjavík.






# Allt að 212 prósenta verðmunur á vörum

**Verðmunur á hrísgrjónum í suðupokum er 212 prósent milli verslana, samkvæmt verðkönnun verðlagseftirliti ASÍ sem framkvæmt var á mánudag. 54 prósenta verðmunur var á matarkörfunni milli verslana.**

Í verðkönnun verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands, sem gerð var í ellefu matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu síðastliðinn mánudag, kom í ljós mikill munur á verði algengra neysluvara. Allt að 54 prósenta munur var á verði á matvörukörfu milli einstakra verslana en hún var ódýrust í Bónus og dýrust í 10-11.

Munurinn var töluvert meiri á milli einstakra vörutegunda eða allt að 212 prósent á hrísgrjónum í suðupokum. Grjónin voru dýrust í Samkaupum-Strax en ódýrust í Krónunni. Tæplega 170 prósenta munur var á hæsta og lægsta verði á pastaslaufum og 140 prósent á kínakáli. Mikill munur var einnig á mjólkur- og brauðverði. Þrír lítrar af léttmjólk voru dýrastir í Tíu-ellefu og Ellefu-ellefu og kostuðu 270 krónur en í Bónus og Krónunni 189 krónur. Munurinn á milli þessara verslana var því 42,9 prósent. Bónus bauð lægsta verðið á Myllu-heimilisbrauði eða á 177 krónur á meðan Ellefu-ellefu voru dýrastir með Myllu-heimilisbrauð á 258 krónur. Munurinn er 45,8 prósent.



**VERÐ BORIÐ SAMAN.** Mikill munur er á verði matvöru eftir því hvar er verslað. Munurinn á verði nautahakks hefur aukist úr 75 prósentum í júlí í 103 prósent nú í janúar, samkvæmt verðkönnun ASÍ. MYND/SIGURÐUR JÖKULL

Henný Hinz, verkefnastjóri hjá verðlagseftirliti Alþýðusambandsins, segir að könnunin sem gerð var á mánudag sé sú fyrsta á þessu ári, en komin sé hefð fyrir því að gera nokkrar slíkar kannanir árlega. Þegar kannanir ársins 2005 eru bornar saman innbyrðis og við könnunina frá því á mánudag, kemur í ljós að miklar sveiflur eru á milli hæsta og lægsta verðs á hverjum tíma. Þannig var munurinn á hæsta og lægsta verði á lítra af léttmjólk 11. maí 2005 260 prósent, borið saman við 42,9 prósent í síðustu könnun. Í bæði skiptin var verðið lægst í Bónus en hæst hjá 10-11. Verðmunurinn er líka mikill þegar aðrar tegundir eru skoðaðar. Munurinn á Myllu-brauði var 84,4 prósent á milli hæsta og lægsta verðs í júlí 2005 en 45,8 prósent nú. Munurinn var aftur á móti aðeins 13,1 prósent í febrúar. Sama er uppi á teningnum þegar nautahakk er skoðað; munurinn var 75,1 prósent í júlí, 97,7 prósent í október en 103 prósent í síðustu könnun.

Verðlagseftirlit Alþýðusambandsins vill koma því á framfæri að aðeins er um beinan verðsamanburð að ræða, en ekki er lagt mat á gæði eða þjónustu söluaðila.

svavar@frettabladid.is

**VERÐKANNANIR ASÍ**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5. júl. '05 | 1. sep. '05 | 5. okt. '05 | 23. jan. '06 |
| Dýrasta karfan | | | 10-11 | Hagkaup | 10-11 | 10-11 |
| Ódýrasta karfan | | | Bónus | Bónus | Bónus | Bónus |
| Munur | | | 90% | 50% | 65% | 54% |
| **Myllu-brauð** | 4. feb. '05 | | 5. júl. '05 | | | 23. jan. '06 |
| Dýrast | 10-11 og 11-11 259 kr. | | 10-11 og 11-11 249 kr | | | 11-11 258 kr. |
| Ódýrast | Fjarðarkaup 229 kr. | | Kaskó 135 kr. | | | Bónus 177 kr. |
| **Léttmjólk 1.l** | | 11. maí '05 | | 1. sep. '05 | 5. okt. '05 | 23. jan. '06 |
| Dýrast | | 11-11 90 kr. | | Nóatún 79 kr. | 11-11 89 kr. 11-11 90 kr. | 10-11 og |
| Ódýrast | | Bónus 25 kr. | | Bónus 53 kr. | Bónus 53 kr. | Bónus 63 kr. |
| **Nautahakk 500 gr.** | | | 5. júl. '05 | | 5. okt. '05 | 23. jan. '06 |
| Dýrast | | | Krónan, 11-11, Nettó og Kaskó 669 kr. | | 10-11 684 kr. | 10-11 og Gripið og greitt 684 kr. |
| Ódýrast | | | Bónus 382 kr. | | Bónus 346 kr. | Bónus 336 kr. |

Tilbúnir þorrabakkar og fötur í boði á Þorranum:

# Sextíu prósent munur á þorramat

Hin þjóðlega matarhátíð Íslendinga, þorrinn, hófst núna 20. janúar og lýkur 18. febrúar með þorraþræl. Því athugaði Fréttablaðið verð og framboð á þorramat víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Af þeim stöðum sem haft var samband við buðu þrír upp á tilbúna þorrabakka með öllu tilheyrandi, nýmeti og súrmeti.

Múlakaffi er með hjónabakka fyrir. Í bakkanum er um 1750 grömm af þorramat og kostar hann 3.200 krónur. Þín verslun býður upp á 600 gramma þorrabakka fyrir einn á 995 krónur og veisluþjónustan Skútan er með þorrabakka fyrir einn sem er um 670 grömm og kostar 1.650 krónur.



Í flestum verslunum er hægt að fá fötur með blöndu af þorramat. Fatan frá SS er 1350 grömm og kostar 1.698 krónur. Hún inniheldur blóðmör, lifrarpylsu, bringukolla, sviðasultu og hrútspunga. Fatan frá Goða er 1200 grömm og kostar 1.872 krónur. Hún inniheldur blóðmör, lifrarpylsu, bringukolla, lundabagga, tungu og sviðasultu.

Af þessum þorrabökkum og fötum býður SS lægst verð þar sem kílóið kostar 1.560 krónur. Hæst er verðið hjá Skútunni þar sem kílóið kostar rúmlega 2.400 krónur. Einnig er víðast í verslunum mikið úrval af sérpökkuðum þorramat.

Meðal þess helsta sem þorramatur samanstendur af má nefna hrútspunga, súra sviðasultu, lundabagga, bringukolla, blóðmör, lifrarpylsu, hákarl, harðfisk, síld, hangikjöt, flatbrauð, rúgbrauð, rófustöppu, kartöflustöppu og sviðahausa.

- sdg




## Nýr Peugeot 307 SW

# fær þig til að hugsa: „Meira fyrir peninginn“

www.peugeot.is

Nýr Peugeot 307 SW, arftaki eins vinsælasta bíls í Evrópu lyftir merkinu enn hærra – og á enn fleiri sviðum. Nýr og flottur að framan. Nýjar ofurhagkvæmar vélar. Nýjar víddir í öryggi, þægindum og aksturseiginleikum. Þú velur úr miklu úrvali af leiftursnöggum bensínvélum og kraftmiklum HDI-vélum og útfærir bílinn eins og hentar þinni fjölskyldu. Nýr Peugeot 307 SW hlaðinn er búnaði á nýju verði þannig að þú færð enn meira fyrir peninginn en þú átt að venjast. Peugeot 307 SW er strax farinn að fá landann til að hugsa „meira fyrir peninginn“ – komdu, prófaða og lyftu þér og fjölskyldu þinni upp með bjartasta ljóninu á veginum.

307

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

# Helgar - sprengja

**Fimmtudag**

til sunnudags



# 40% afsláttur

## af sturtuklefum



# 30% afsláttur

## af blöndunartækjum

**HÚSASMIÐJAN**

...ekkert mál

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 6.080 +1,24%** Fjöldi viðskipta: 615
**Velta:** 19.299 milljónir

### MESTA HÆKKUN

**Íslandsbanki** +3,11%
**FL Group** +2,83%

**STRAUMUR +2,25%**

### MESTA LÆKKUN

**Atlantic Petroleum** -1,74%
**SÍF** -0,99%
**Kögun** -0,46%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 54,00 +0,90% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Bakkavör 54,50 +0,90% ... Dagsbrún 5,82 +0,00% ... FL Group 21,80 +2,80% ... Flaga 4,07 +0,00% ... Íslandsbanki 19,90 +3,10% ... KB banki 830,00 +0,60% ... Kögun 64,50 -0,46% ... Landsbankinn 27,20 +0,70% ... Marel 70,60 +0,60% ... Mosaic Fashions 18,20 +1,70% ... SÍF 4,01 -1,00% ... Straumur-Burðarás 18,20 +2,30% ... Össur 108,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

**Viðskipti á mannamáli**

Það er oft vandasamt að fjalla um viðskiptahugtök og tölur á mannamáli. Í umfjöllun DV um ársuppgjör Nýherja segir meðal annars: „Þar kemur í ljós að tekjur félagsins jukust um 15% á milli ára og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað nam 377,1 milljónum króna. Hagnaður Nýherja eftir skatta var 76,5 milljónir króna á árinu 2005, samanborið við 49,8 milljónir árið áður. Hlutfall EBITDA af heildartekjum er því 3,7 prósent á árinu.“ Getur verið að DV sé að fjarlægjast lesendahóp sinn eftir ritstjóraskiptin?



**Breytingar hjá SÍF**

Lítið hefur farið fyrir SÍF að undanförnu. Fyrirtækið glímdi við erfiðar markaðsaðstæður á síðasta ári, hátt hráefnisverð og fallandi hlutabréfaverð. En stjórnendur fyrirtækins hafa ekki lagt árar í bát og trúa því að þetta ár verði mun hagfelldara.

Á næstunni fær SÍF nýtt nafn og jafnframt eru menn farnir að huga að því að flytja höfuðstöðvarnar frá Hafnarfirði. Starfsmenn SÍF eru aðeins sjö á Íslandi og þykir fullrúmt um þá í Fornubúðum. Er horft til Reykjavíkur varðandi staðsetningu fyrir nýjar höfuðstöðvar.

## MARKAÐSPUNKTAR

>Í dag tekur Seðlabanki Íslands ákvörðun um stýrivexti, en greiningardeildir bankanna hafa spáð því að stýrivextir verði hækkaðir um 25 til 50 punkta.

>Útlit er fyrir að á nýliðnu ári hafi fjárfesting aukist um tæpan þriðjung frá fyrra ári. Að sögn Greiningar Íslandsbanka hefur svo hröð aukning fjárfestingar ekki verið síðan 1998.

>Microsoft ákvað í gær að birta leyfishöfum grunnkóða samskiptakerfa miðlarahugbúnaðar síns, Windows Workgroup Server og Windows Desktop. Er þetta gert til að bregðast við kröfum Evrópuráðsins sem kvartað hefur yfir einokunartilburðum hugbúnaðarrisans.

# Bönkum spáð tugmilljarðahagnaði

Bæði KB banki og Straumur-Burðarás birta ársuppgjör fyrir árið 2005 á morgun. Félögunum er spáð gríðarlegri hagnaðaraukningu.

KB banka er spáð 46,7 milljarða hagnaði fyrir árið 2005 ef reiknað er meðaltal af spám greiningardeilda Íslandsbanka og Landsbanka. Til samanburðar nam hagnaður bankans um 15,8 milljörðum króna árið 2004 og gæti því þrefaldast á milli ára. Á fjórða ársfjórðungi er spáð að bankinn hafi hagnast um rúma 11,9 milljarða króna.

Straumi er spáð mestum hagnaði allra Kauphallarfyrirtækja á fjórða ársfjórðungi árið 2005 eða um þrettán milljörðum króna. Fyrir nýliðið ár í heild er Straumi spáð 27 milljarða króna hagnaði



**SPÁÐ 48 MILLJÖRÐUM** Hagnaður KB banka eykst þrefalt gangi spár greiningadeilda eftir.

en hann nam 15,7 milljörðum árið 2004. *- eþa*

# Uppsagnirnar hafa ekki áhrif

Engin áhrif eru af uppsögnum hluta starfsfólks Icelandic Asia í Busan í Kóreu að sögn Ellerts Vigfússonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Tveir fyrrum starfsmenn Icelandic Asia sendu í byrjun vikunnar frá sér fréttatilkynningu þar sem sagt var að 21 af 25 starfsmönnum fyrirtækisins hefðu stofnað nýtt fyrirtæki, Icelandic Asia, sem nú keppti við Icelandic Seafood. Þeir báru við óánægju með viðhorf stjórnenda Icelandic Seafood sem umbunaði starfsfólki ekki nægilega fyrir vel unnin störf.

Ellert segir tilkynninguna í meginatriðum ranga, á mánudag hafi níu hætt og á þriðjudag fjórir. „Og þær uppsagnir hafa gengið til baka að hluta,“ segir hann og bætir við að starfsmenn Icelandic Asia séu um 80 talsins, ekki 25. „Þetta mál er algjör stormur í vatnsglasi og maður skilur eiginlega ekki hvað þessum mönnum gengur til.“



**FISKUR TIL SÖLU** Í Pusan í Suður-Kóreu, þar sem Icelandic Group er með fiskvinnslu, er að finna frægan fiskmarkað sem heitir „Jagalchi.“ NORDICPHOTOS/AFP

Ellert, sem er á leiðinni til Kóreu í næstu viku, segir fyrirtækið nota tækifærið og grípa til ákveðinnar endurskipulagningar. „Við erum þegar búin að ráða inn fólk í staðinn, þó ekki jafnmarga og hættu.“ Hann segist engan pata hafa haft af meintri óánægju starfsmanna og uppsagnirnar hafi komið á óvart. „Trúlegast telja þessir menn bara hag sínum betur borgið á eigin vegum í samkeppni við okkur, en þar eru margir um hituna,“ segir hann og bætir við að farið verði ofan í saumana á málinu og athugað hvort aðgerðir þessara fyrrverandi starfsmanna standist lög. *- óká*




# Framlenging á yfirtökunni

Yfirtökusagan endalausa heldur áfram í Skandia. Nú hefur Old Mutual greint frá því að félagið hafi eignast um 72 prósent atkvæða og hlutafjár í Skandia og ætli enn og aftur að framlengja yfirtökutilboðið. Hefur það verið lengt til þriðjudagsins 26. janúar.

Það er talið afar líklegt að Old Mutual krefjist þess að sex af átta stjórnarmönnum í næstu stjórn komi úr sínum ranni en hin fari til sænskra hluthafa. Nái suðurafríska fyrirtækið 75 prósentum hlutafjár hefur það skattalegt hagræði í för með sér. **- eþa**

# Kaupin á Sterling ekki skoðuð

Samkeppnisyfirvöld hafa ákveðið að taka ekki til skoðunar kaup FL Group á lággjaldaflugfélaginu Sterling.

Í skráningarlýsingu FL Group í desemberlok kom fram að beðið væri úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um kaupin, en hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að FL Group hafi ekki borið skylda til að tilkynna þau hér.



Í tilkynningu FL Group kemur fram að seljandi Sterling, eignarhaldsfélagið Fons, fái nú greidda upphæð sem lögð var inn á greiðslureikning 5. janúar og að gefin verði út til Fons ný hlutabréf í FL Group að nafnverði 295.735.295 krónur. „Viðmiðunargengi hlutabréfanna er 13,6 sem var viðskiptagengið í hlutafjárútboði félagsins í nóvember síðastliðnum og verður sölubann á hlutabréfunum þar til 31. mars 2007," segir í tilkynningu. **- óká**






Miðgarður
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness

Pantaðu viðtal

*Ágæti borgarbúi*

*Pantaðu viðtal við borgarstjóra í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Bókaðu tíma í síma 411 1400. Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra. Heitt kaffi á könnunni.*

*Með bestu kveðju*

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Viðtalstími föstudaginn 27. janúar kl. 10–12

Miðgarður
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness | Langarima 21 | Sími 411 1400

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

9,3%
nafnávöxtun árið 2005

Fyrirtækjabréf Landsbankans

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingaheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Athygli er vakin á því að verðbréfaviðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Fasteignakaup Reykjavíkurborgar í miðbænum eru fagnaðarefni.

## Miðborgin og næturlífið

Fréttablaðið sagði í gær frá ánægjulegri byltingu sem er að eiga sér stað í miðborg Reykjavíkur þótt hún hafi ekki farið hátt. Borgaryfirvöld hafa á undanförnum árum keypt húseignir og lóðir í miðbænum fyrir ríflega eitt þúsund milljónir króna. Tilgangurinn með kaupunum er að sögn Steinunnar Valdísar borgarstjóra að stuðla að og hvetja til uppbygginger í miðbænum. Þannig hafa sum þessara húsa þegar verið seld einkafyrirtækjum, sem hafa endurbyggt þau sem tekur að halda upp á, en rifið hin og reist ný sem ríma betur við nútímahugmyndir um verslunar- og íbúðarhúsnæði.

Þessi kaup hófust fyrir alvöru fyrir tveimur árum en þó má segja að tónninn hafi verið gefinn árið 2002 þegar Reykjavíkurborg keypti Stjörnubíó og lóð af Jóni Ólafssyni athafnamanni.

Borgarstjórnarmeirihlutinn mátti sæta þungri gagnrýni frá sjálfstæðismönnum fyrir þau viðskipti við Jón á sínum tíma en sjálfstæðismenn töldu aðra og annarlegri hagsmuni að baki þeim en velferð borgarinnar. Hin miklu kaup borgaryfirvalda á fleiri lóðum og byggingum í miðbænum undanfarin ár ættu hins vegar að slá slíkar vangaveltur út af borðinu í eitt skipti fyrir öll. Að auki þarf ekki annað en að fá sér gönguferð fram hjá byggingunum sem nú eru risnar á Stjörnubíóreitnum til að átta sig á því hversu mikil andlitslyfting þær eru fyrir Laugaveg og þvílík skammsýni bjó að baki nöldri minnihlutans.

*Þótt verslun í miðbænum hafi verið að sækja aftur í sig veðrið eru það þó barirnir og kaffihúsin sem hafa haldið lífi í miðborginni með því að færa þangað fólk.*

Á næstu árum megum við sem sagt búast við að íbúum í miðborginni haldi áfram að fjölga sem er mikið gleðiefni. En það þýðir líka að árekstrar íbúa við næturlífið munu aukast að sama skapi. Og ekki er ástandið beinlínis til fyrirmyndar nú.

Íbúabyggð og næturlífið er í raun og veru í einkennilegri pattstöðu í miðbænum. Eftir nokkuð stöðuga hnignun allan níunda áratuginn, þegar skemmtanalífið fór fram meira eða minna utan miðborgarinnar og verslun var að byrja að færast þaðan, kom bjórinn 1989 og í kjölfarið opnuði kaffihús og veitingasstaðir sem áttu sér annan tilverugrundvöll en helgarfyllerín í Sigtúni og Broadway í Mjóddinni. Þessir nýju staðir voru langflestir opnaðir í bænum og smám saman færðist nánast gjörvallt næturlíf höfuðborgarinnar á svæðið frá Kvosinni að Hlemm.

Þótt verslun í miðbænum hafi verið að sækja aftur í sig veðrið eru það þó barirnir og kaffihúsin sem hafa haldið lífi í miðborginni með því að færa þangað fólk. Sú umferð er hins vegar á öllum tímum sólarhringsins, sem skiljanlega truflar einhverja.

Það er þó engin ástæða til að gefa sér að ekki sé hægt að hafa áhrif á hegðun þeirra sem eru að skemmta sér. Gott fyrsta skref væri til dæmis að sjá lögregluna freista þess að halda uppi lögum, og kannski mikið frekar reglu á nóttinni, en það heyrir til undantekninga ef lögregluþjónn sést á rölti í bænum um helgar.

Við skulum þó ekki gleyma þrátt fyrir allt að íbúðaverð hefur hvergi hækkað meira en í 101 Reykjavík, sem segir okkur að þar vilja margir búa þrátt fyrir sögur af ófremdarástandi. Takið líka eftir fasteignaauglýsingnum um íbúðir í miðbænum sem halda einmitt á lofti nálægðinni við næturlífið. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hættulegur?**
Fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch fær ekki háa einkunn hjá Agli Helgasyni á Vísi. „Hrollvekjandi maður“, segir hann. „Í raun ætti hann að leika illmennið í næstu James Bond mynd. Hún gæti þá endað með því að Bond lokaði óþverrablaðinu The Sun með tilheyrandi sprengingum og pomsarapomsi - tæki kannski Fox News með í leiðinni.“ Og Egill er líka ósáttur við það hvernig stjórnmálamenn flaðra upp um kónginn. „Murdoch var í viðtali um helgina og sagði að hann væri tvívegis búinn að hitta David Cameron, nýja leiðtoga breska Íhaldsins. Sér litist vel á Cameron en hann yrði að leggja meiri áherslu á



skattalækkanir. ... Það er skelfilegt ef stjórnmálamenn af hans kalíberi telja nauðsynlegt að hafa blessun slíks manns. Murdoch telur líklega sjálfur að enginn geti komist til valda í Bretlandi nema að hafa blessun The Sun. Þetta er maður sem er hættulegur lýðræðinu - ekki síður en þrjótarnir í Bond.“

**Fræðrit**
Höfundar fræðirita eru margir hverjir ósáttir eftir jólabókavertíðina. Þeim finnst að hvorki útgefendur né fjölmiðlar sinni þeim nógu vel og benda á þær hættur sem eru samfara því að fræðileg umræða einangrist í menntastofnunum. Hagþenkir, félag fræðirithöfunda, ætlar að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að bæta ástandið. Hyggst félagið byrja á því að skapa meira tilstand en verið hefur í kringum árlega viðurkenningu fyrir áhugaverðasta fræðiverk ársins. Í stað þess að tilkynna fyrirvaralaust hver hafi dottið í lukkupottinn - sem í fyrra var tékki upp á 750 þúsund krónur - verður byrjað á því að velja tíu höfunda sem koma til greina og síðan tilkynnt um verðlaunahafann með pomp og pragt eftir nokkra umfjöllun um topp tíu verkin.

**Sirrý og Sigurður G.**
Fjölmenni sótti peppfund Stefáns Jóns Hafsteins í Iðnó á laugardaginn. Þótt skoðanakannanir séu honum ekki hagstæðar er mikill hugur í frambjóðandanum og fylgismönnum hans. Meðal þeirra sem sýndu sig á samkomunni og vilja greinilega fá Stefán Jón fyrir oddvita Samfylkingarinnar í prófkjörinu voru sú fræga sjónvarpskona Sirrý, Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, og Sigurður G. Guðjónsson, útgefandi Blaðsins.

gm@frettabladid.is

## Indverska eða kínverska?

Í DAG
MENNTAMÁL INDLANDS OG KÍNA
–
ÞORVALDUR GYLFASON



Bandarískir vinir mínir veðjuðu á Japan: þeir sendu dætur sínar í skóla fyrir löngu til að læra japönsku, tungu framtíðarinnar. Það er ríkt í mörgum bandarískum foreldrum að búa börnin sín sem allra bezt undir framtíðina, því að almannavaldið þar vestra deilir forræði menntamálanna með foreldrunum, svo að feður og mæður finna til beinnar ábyrgðar á menntun barna sinna. Það er frekar sjaldgæft, að íslenzkir foreldrar grípi til viðlíka sérráðstafana í menntunarmálum barna og unglinga, því að hér heima eru ríkið og byggðirnar allt í öllu í menntamálunum, ef tónlistarfræðslan ein er undanskilin.

Indlandi og Kína svipar að þessu leyti til Bandaríkjanna. Fólkið þarna austur frá þyrstir í menntun handa börnum sínum - menntun, sem það sjálft fór á mis við. Bandaríski blaðamaðurinn Nicholas Kristof sagði nýlega frá heimsókn sinni í barnaskóla í einu af fátækrahverfum Kalkúttu. Foreldrar barnanna þar eru flestir ólæsir. Þeir selja léttan varning á gangstéttum, búa þar, draga léttivagna og vinna algenga verkamannavinnu. Þetta fólk hefur farið alls á mis og hefur ekkert að selja öðrum nema eigið vöðvaafl. Meðaltekjur þessara fjölskyldna eru fjórtán hundruð krónur á mánuði, og röskan helming þeirrar fjárhæðar reiða foreldrarnir fram í skráningargjöld við upphaf skólaársins og síðan 140 krónur - tíund! - í mánaðargjald til skólans. Fimm ára börn læra ensku, bengölsku (móðurmálið), stærðfræði, tónlist og aðrar listir og þurfa að læra heima í hálftíma á dag. Einkaskólar af þessu tagi spretta upp eins og gorkúlur um allt Indland, og foreldrarnir taka þeim fagnandi, því að þeir hafa fengið sig fullsadda af ríkisskólum, sem eiga að heita ókeypis og kenna börnunum ekkert að gagni. Eitt

*Einkaskólar af þessu tagi spretta upp eins og gorkúlur um allt Indland, og foreldrarnir taka þeim fagnandi, því að þeir hafa fengið sig fullsadda af ríkisskólum, sem eiga að heita ókeypis og kenna börnunum ekkert að gagni.*

dagblaðið í Kalkúttu birtir reglulegan dálk um stærðfræði til að svala fróðleiksfúsum lesendum.

Þarna er efnahagsstórveldi í uppsiglingu. Enskumælandi Indverjum fjölgar dag frá degi. Ég lýsti súrsun ýmissa þjónustustarfa út til Indlands hér í Fréttablaðinu fyrir viku. Indverskir hágæðaspítalar bjóða ýmsar flóknar læknisaðgerðir við broti þess verðs, sem bandarískir sjúklingar þyrftu að greiða heima hjá sér fyrir sömu þjónustu. Indland hefur upp á ýmislegt annað að bjóða: traust bankakerfi, frjálsa fjölmiðla og lýðræði. Kína hefur ekkert af þessu, ekki enn. Kínverjar kunna yfirleitt ekki ensku, svo að það er tómt mál að tala við þá um súrsun í stórum stíl. Bankakerfið í Kína stendur á brauðfótum, því að Kommúnistaflokkurinn hefur misbeitt því miskunnarlaust í eigin þágu í meira en hálfa öld. Fjölmiðlarnir lofsyngja yfirvöldin daginn út og inn. Fólk er dæmt í fangelsi fyrir að reyna að slá upp leitarorðum eins og frelsi og lýðræði á vefnum. Tölvuleitin ber í öllu falli engan árangur, því að landsstjórnin er búin að kemba leitarvélarnar. Eigi að síður fleygir Kínverjum fram í menntamálum á öllum stigum.

Kína hefur vaxið mun hraðar en Indland síðan 1950. Löndin tvö stóðu jafnfætis í efnahagslegu tilliti fyrir tuttugu árum, en tekjur á mann í Kína eru nú tvisvar sinnum meiri en á Indlandi. Kínverjar hafa lagt meiri rækt en Indverjar við menntun, fjárfestingu, erlend viðskipti, getnaðarvarnir og aðrar undirstöður örs hagvaxtar. Umbæturnar í Kína hafa verið hraðari og stórstígari og staðið tvisvar sinnum lengur en á Indlandi, því að Indverjar sneru ekki baki við miðstýrðum áætlunarbúskap að sovézkri fyrirmynd fyrr en 1991, Kínverjar 1978. Indverjar eru enn á báðum áttum: þeir hika við að hleypa erlendri fjárfestingu inn í landið, einkavæðing ríkisfyrirtækja gengur hægt og illa, matur er ennþá niðurgreiddur í stórum stíl með ærnum tilkostnaði, vinnulöggjöfin íþyngir einkaframtaki, og innviðir efnahagslífsins - flugvellir, hafnir, vegir - eru morknir. Ekkert af þessu vefst fyrir Kínverjum. Eitt hafa Indverjar þó klárlega fram yfir Kínverja, og það er lýðræði. Indverjum er frjálst að fella ríkisstjórn landsins í almennum kosningum, ef þeim mislíkar stjórnarstefnan. Kínverja skortir þennan rétt til að skipta um stjórn eftir þörfum.

Hvort eigum við að kenna börnunum okkar og barnabörnum indversku eða kínversku? Því er ekki auðsvarað. Indverjar tala sextán tungumál, Kínverjar annan eins fjölda. En við skulum samt ekki láta það dragast öllu lengur hér heima að hefja enskukennslu strax við upphaf skólagöngu auk tilsagnar í móðurmálinu, stærðfræði, tónlist og öðrum listum.

## EFST Í HUGA

HILMU GUNNARSDÓTTUR SAGNFRÆÐINGS

**Íslenska söguþingið 2006** Þessa dagana er ég í óðaönn við undirbúning íslenska söguþingsins sem haldið verður dagana 18.-22. maí í Reykjavík. Þar mun föngulegur og fjölmennur hópur íslenskra sagnfræðinga kynna sínar nýjustu rannsóknir og gera sér glaðan dag. Þetta er mjög spennandi og skemmtilegt verkefni.

**Kistan.is** Ég ritstýri ásamt Jóni Þór Péturssyni vefritinu Kistunni. Kistan hóf göngu sína árið 1999 og varð að veruleika sú hugmynd Matthíasar Viðars Sæmundssonar bókmenntafræðings að stofna vefrit um menningu og fræði. Í dag er hún einn helsti vettvangur íslenskra fræðimanna á veraldarvefnum. Kistan teygir anga sína víða og fæst við menningu, listir og fræði í víðu samhengi. Við höfum á okkar snærum fjölda pistlahöfunda á öllum aldri sem skrifa fyrir okkur um hvaðeina sem þeim liggur á hjarta í þessum efnum. Það eru spennandi tímar framundan hjá okkur því þessa dagana er Kistan að ganga í gegnum miklar breytingar og endurnýjun - bæði í útliti og að innri gerð - og mun hin nýja Kista opna áður en langt um líður.

**Frá endurskoðun til upplausnar** Um þessar mundir er ég að vinna að útgáfu greinasafns sem ber titilinn Frá endurskoðun til upplausnar og mun það líta dagsins ljós með vorinu. Þar munu nokkrir fræðimenn í yngri kantinum birta



spennandi greinar um sín hugðarefni.

**Vorið** Það er yndislegt að daginn sé byrjað að lengja. Ég er búin að fá yfir mig nóg af myrkri og kulda og get ekki beðið eftir vorinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

mazda





# Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda3 5 dyra Touring, 5 gíra og Toyota Corolla Hatchback Terra, 5 gíra. Mazda3 kostar núna aðeins frá 1.590.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkin þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Verð á Toyota Corolla Hatchback Terra, 5 gíra er frá 1.685.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda3 Touring:**

- *1,6 lítra vél*
- *Stöðugleikastýrikerfi (DSC)*
- *Loftkælikerfi*
- *Stillingar í stýri fyrir hljómtæki*
- *Hiti í framsætum*
- *Rafdrifnar rúður að aftan*

Brimborg Bíldshöfði 8 · Brimborg Bíldshöfði 6 · MAX1 Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**

Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr.1.590.000

**Mazda3 5 dyra Touring 1,6i 5 gíra***



NÝTT HÚSNÆÐI

## Sérstakt tilboð!

**Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!**

**Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.**
Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkin færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Betri kjör hjá Lýsingu.
**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

LÝSING Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is – skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.

Skoðaðu úrval Mazda í nýjum húsakynnum

Nýttu þér sérstakt tilboð á Mazda

Gildir aðeins til 31. janúar





| Mazda2 | Mazda3 Touring 1,6i | Mazda3 Touring 1,6i | Mazda5 Touring 2,0i | Mazda6 Touring 2,0i |
|---|---|---|---|---|
| Væntanlegur í apríl | 5 dyra, 5 gíra* | 4 dyra 5 gíra* | 7 manna, 5 gíra* | 4 dyra, sjálfskiptur* |
| | **Besta verð 1.590.000 kr.** | **Besta verð 1.620.000 kr.** | **Besta verð 2.090.000 kr.** | **Besta verð 2.190.000 kr.** |
| | Bílasamningur 21.361 kr. | Bílasamningur 21.768 kr. | Bílasamningur 28.078 kr. | Bílasamningur 29.422 kr. |
| | Rekstrarleiga 29.900 kr. | Rekstrarleiga 31.700 kr. | Rekstrarleiga 39.150 kr. | Rekstrarleiga 39.990 kr. |



| Mazda6 Touring 2,0i | Mazda6 Touring 2,0i | Mazda MX-5 Sport 2,0i | Mazda RX-8 High | Mazda6 MPS AWD 2,3i |
|---|---|---|---|---|
| 5 dyra, sjálfskiptur* | Wagon, sjálfskiptur* | 2 dyra, 6 gíra* | 4 dyra 6 gíra* | 4 dyra, 6 gíra* |
| **Besta verð 2.240.000 kr.** | **Besta verð 2.290.000 kr.** | **Besta verð 2.750.000 kr.** | **Besta verð 3.190.000 kr.** | **Besta verð 3.390.000 kr.** |
| Bílasamningur 30.093 kr. | Bílasamningur 30.764 kr. | Bílasamningur 36.944 kr. | Bílasamningur 42.856 kr. | Bílasamningur 45.543 kr. |
| Rekstrarleiga 41.100 kr. | Rekstrarleiga 42.700 kr. | | | |

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Umfelgun, smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaðurá mynd: þokuljós og sóllúga. Skv. verðlista Toyota 12/05. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Costa del Sol

## Alltaf vinsælasti áfangastaðurinn



Frá 26.995 kr.*

Heimsferðir bjóða nú aftur vinsælasta íbúðarhótelið á Costa del Sol, Castle Beach, með frábærri aðstöðu fyrir farþega sína. Þeir fyrstu sem bóka tryggja sér sérstakan 10.000 króna afslátt á þetta glæsilega hótel. Frábær aðstaða fyrir ferðamanninn, einstakt loftslag og ótrúlegt úrval veitinga- og skemmtistaða.

Castle Beach er glæsilegt íbúðahótel með stórum og vel útbúnum íbúðum og einstakri aðstöðu. Íbúðirnar eru ýmist með einu eða tveimur svefnherbergjum og rúma allt að sjö manns.




25. maí / 22. júní
Kr. 26.995
* Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn, netverð.

25. maí / 22. júní
Kr. 39.696
M.v. hjón með 3 börn, Castle Beach, vikuferð með sköttum, netverð.

25. maí / 22. júní
Kr. 49.990
M.v. 2 í stúdíó, Bajondillo, vikuferð með sköttum, netverð.

10.000 kr. afsláttur af fyrstu 500 sætunum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 15. feb. 2006 eða meðan afsláttarsæti eru laus.







Úrval gistimöguleika í boði

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík, sími 595 1000
Akureyri, sími 461 1099 • Hafnarfjörður, sími 510 9500 • www.heimsferdir.is




# Skattur eða þjónustugjöld?

UMRÆÐAN
AFNOTAGJÖLD RÍKISÚTVARPSINS



SÆVAR ÞÓR JÓNSSON

*En hvað þá með þetta öryggishlutverk sem er svo mikið fjallað um? Hvernig á sá sem ekki á útvarp eða sjónvarp að geta notið þess öryggishlutverks sem RÚV á að veita þegar hætta steðjar að almenningi, til dæmis að vara fólk við hamförum eða öðrum hættum?*

Skilgreiningin á skatti er að um peningagreiðslu sé að ræða sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila ber að greiða til hins opinbera samkvæmt ákvörðun ríkisvaldsins eftir efnislegum mælikvarða og án endurgjalds frá hinu opinbera. Þjónustugjöld eru hins vegar peningagreiðsla sem tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila ber að greiða til hins opinbera, með heimild í lögum, fyrir þjónustu sem látin er í té. Greiðslu þessari er sem sagt ætlað að standa undir kostnaði sem verður til þegar hið opinbera veitir tiltekna þjónustu.

Vaknar þá sú spurning undir hvorn flokkinn afnotagjöld RÚV falla. Almennt hefur verið talið að afnotagjöld RÚV séu ekki skattur. Þjónustugjöld má einungis innheimta af notendum viðkomandi þjónustu en skatta má innheimta óháð því hvort skattgreiðandinn fær eitthvað í staðinn. Þar sem greiðendur afnotagjalda RÚV fá gegn því að borga afnotagjöld þjónustu í formi útvarps- og sjónvarpsútsendingar, þá telja sumir að afnotagjöld verði ekki talin falla undir skatta.

Samkvæmt stjórnskipun landsins fer Alþingi með ákvörðunarvaldið um fjárstjórn ríkisins. Samkvæmt því má Alþingi eingöngu ákveða í formi laga hvaða skatta skuli innheimta sbr. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Með lögum nr. 122/2000 eru settar reglur um ákvörðun afnotagjalda og er það á valdi útvarpsstjóra með samþykki ráðherra að ákveða þau. Hefur því Alþingi gefið ráðherra í samstarfi við útvarpsstjóra vald til að ákveða þau gjöld sem almenningi ber að greiða fyrir afnot af þjónustu RÚV. Hins vegar kemur fram í sömu lögum að afnotagjöld séu ekki eini tekjuþátturinn hjá RÚV því RÚV hefur einnig heimild til að afla tekna með auglýsingasölu. Eru afnotagjöldin því gjöld sem aðilar láta af hendi fyrir að nýta sér þjónustu RÚV.

En RÚV er ekki bara fjölmiðill í eigu ríkisins sem sinnir afþreyingarhlutverki fyrir almenning því hlutverk RÚV hefur líka verið að sinna öryggishlutverki í þágu almennings á hættutímum til dæmis í hamförum eða þegar annað ástand skapast sem getur valdið eigna- og manntjóni. Er því RÚV komið í það hlutverk að sinna störfum sem allir eiga að geta notið, sérstaklega þegar hætta steðjar að þegnum þessa lands. Meginreglan er sú að í tilfellum sem þessum þá ber að veita almenningi slíka þjónustu að kostnaðarlausu. Hér er um nauðsynlega þjónustu að ræða sem almenningur verður að fá vegna hættuástands. En er RÚV þá ekki skylt að veita þessa þjónustu endurgjaldslaust?

Hægt er að færa rök fyrir því að afnotagjöld RÚV séu mitt á milli þess að vera skattur og þjónustugjöld. Má rökstyðja það þannig að fólki sé skylt að greiða afnotagjöld ef það á sjónvarp eða útvarp, þótt það horfi eða hlusti bara á frjálsa fjölmiðla en ekki á ríkismiðlana. Hér stendur hnífurinn í kúnni því það er afar erfitt að réttlæta afnotagjöld þegar greiðendur eru skyldaðir til að greiða afnotagjöld óháð því hvort þeir nýti sér þjónustuna eður ei. Gjaldtakan byggist eingöngu á því hvort þú átt útvarp eða sjónvarp. Páll Hreinsson, lagaprófessor, segir í riti sínu, Þjónustugjöld, að um leið og hið opinbera innheimti þjónustugjöld án þess að nokkur þjónusta sé í raun veitt þá sé gjaldtakan komin inn á svið skattheimtu. Gefur það auga leið að aðili sem hvorki horfir á RÚV né nýtir sér útvarpsþjónustu RÚV er ekki að nota þá þjónustu sem hann er skyldaður að borga. Er þetta þá ekki orðinn skattur frekar en þjónustugjald?

Það kemur hins vegar fram í lögum um Ríkisútvarpið nr. 122/2000 að ekki skuli krefja fólk sem hvorki á sjónvarp né útvarp um greiðslu afnotagjalda af sendingum RÚV. En hvað þá með þetta öryggishlutverk sem er svo mikið fjallað um? Hvernig á sá sem ekki á útvarp eða sjónvarp að geta notið þess öryggishlutverks sem RÚV á að veita þegar hætta steðjar að almenningi, til dæmis að vara fólk við hamförum eða öðrum hættum? Er það mat mitt að ekki sé með nokkru móti hægt að réttlæta gjaldtöku afnotagjalda á annan veg en að um skattlagningu sé að ræða.

*Höfundur er laganemi.*

# Drykkjuskapur ungmenna

UMRÆÐAN
UNGLINGA-DRYKKJA



KRISTINN SNÆLAND

Nýlega gengu svo úr hömlu drykkjulæti nemenda Menntaskólans við Sund að lögreglan í Reykjavík lýsti yfir dansleikjabanni á nemendafélagið fram til vors. Fulltrúar nemenda, kennarar og skólastjórar viðurkenna að hluta vandamálið en allir virðast á sama máli að of mikið sé gert úr þessu.

Lögreglan var á öðru máli er varðaði skemmtanahald M.S.

Það keyrði allt um þverbak á ballinu og sagði Friðrik Gunnarsson hjá lögreglunni um það: „Ég var á staðnum og horfði upp á þetta. Már rektor MS, var hins vegar ekki á staðnum, kom ekkert allt kvöldið. Þetta var ótrúleg upplifun.“ Ballið sem um ræðir var haldið á Gullhömrum í Grafarholti og segir Friðrik að skemmdir hafi verið unnar á staðnum.

Fyrir mig leigubílstjóra, er engin frétt að almenn drykkja og skrílslæti einkenni skólaskemmtanir framhaldsskólanema. Viðhorf margra í minni stétt er að þau kvöld sem til standi að halda slíkar skemmtanir sé betra að halda sig heima en ekki að reyna að vera að aka þessum vesalings unglingum.

Ég vil fara yfir hvers má vænta í mínu starfi. Fyrst er rétt að geta heimapartíanna. Margir foreldrar virðast yfirgefa heimili sitt og láta það eftir barni sínu að halda undirbúningsdrykkju, fyrir sig og bekkjarfélaga. Þegar líður að balli hringir einhver á leigubíla, slær tölu á hópinn og pantar bíla fyrir allt liðið. Nokkrir bílar mæta og eftir mikla bið fer gjarnan svo að sumir unglingarnir fara brott á eigin bílum, því vissulega eru til unglingar sem ekki drekka, en eftir sitja tveir eða þrír bílar sem ekki fá farþega og er þar með ónýt þeirra fyrirhöfn. Þá má geta þess að vín og bjórveitingar eru í því óhófi að algengt er að vesalings unglingarnir æli í bílana.

Svartasta dæmið er þegar tvær unglingsstúlkur komu dröslandi með vinkonu sína dauða á milli sín til þess að koma henni þannig á ballið. Útskýringin var sú að hún ætti ekki heima í þessu húsi og allir væru að fara, við þurfum bara að koma henni inn á ballið og út í horn þar sem rennur svo af henni að hún komist heim.

Úti fyrir ballstaðnum er venjulega allt þakið í glerbrotum og bílum nemanna lagt því sem næst hverjum upp á annan næst dyrum staðarins svo hvergi er hægt að losa farþega nærri dyrum. Þar við bætist að illa drukkin ungmennin þvælast um akbrautina og hlaupa um í rugli svo það er hættuástand að aka um svæðið.

Skrípaorðið áfengismenning hefur blindað foreldra, kennara og skólastjóra svo að engum þessara aðila virðist finnast sér skylt að tala almennt gegn áfengisneyslu. Blöð og tímarit eru full af auglýsingum og greinum varðandi áfengi og svo þykir fínt að kunna að velja rétt vín með mat. Til þess að kóróna svívirðuna eru síðan félagsheimili íþróttafélaga útbúin með vínveitingastúkum og fáir virðast hneykslast. Ekkert íþróttafélag sigrar eða tapar leik eða keppni án þess að drykkjuhóf sé haldið í félagsheimilinu til að gleðjast eða syrgja. Kennarar eða skólastjórar virðast ekki sinna því að koma í veg fyrir að drukkin ungmenni komist inn á skemmtanirnar og ótrúlegast af öllu er trúlegt að áfengisveitingar séu á skólaböllum nemenda framhaldsskólanna sem þó eru flestir vel undir áfengiskaupaaldri. Meðan ofangreint ástand er liðið þarf engan að undra skrílslæti vesalings ungmennanna.

*Höfundur er leigubílstjóri.*

# Kosningaskjálftinn til bjargar

UMRÆÐAN
ÞJÓRSÁRVER



SIGTRYGGUR ARI JÓHANNSSON

Æðstu ráðamenn Landsvirkjunar, hafa nýverið sagt í vorkunnartón að áform pólitíkusa um verndun Þjórsárvera beri vott um kosningaskjálfta. Það er til marks um óþolandi hroka hjá þessum starfsmönnum Landsvirkjunar að þeir telji fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga vera hafið yfir að angar lýðræðis nái að teygja sig upp í turninn við Háaleitisbraut.

Ef rétt reynist að pólitíkusar hafi frestað áformum um að eyðileggja Þjórsárver eingöngu fyrir sakir kosningaskjálfta, þá virki aðeins síðasta árið fyrir kosningar. Hin þrjú árin hafi fulltrúarnir frjálsar hendur með að svíkja loforð og stunda svik og pretti, óáreittir. Þetta verður að teljast áfall fyrir kjósendur.

Friðrik Sophusson er reyndur stjórnmálamaður og því eiga orð hans sér nokkra stoð. Ef við athugum þetta kjörtímabil sem senn er á enda þá má sjá að hér hefur verið búinn til Hæstiréttur sem er pólitískt skipaður, sjálfstæðismenn gáfu frændum sínum grunnnet Landssímans, framsóknarmenn gáfu sjálfum sér Búnaðarbankann og svona má lengi telja.

Sagan segir okkur svo að þegar kemur að því að endurnýja umboðið þá munum við líkast til sýna þessum gerspilltu fulltrúum okkar þakklæti fyrir að passa upp á náttúru landsins með því að horfa í gegnum fingur okkar á afglöp þeirra næstu þrjú árin.

*Höfundur er dæmigert óvissuatkvæði.*

## STELL VIKUNNAR

Blái laukurinn er nýtt tékkneskt stell þar sem blanda má saman alhvítum hlutum og mynstruðum.

HEIMILI BLS. 5



## NÁMSKEIÐ Í HLÁTRI

Sýnt hefur verið fram á að hlátur bætir bæði andlega og líkamlega heilsu.

HEILSA BLS. 7





# Froskakona í grænu



Berta Dröfn með froskaspennuna sína og uppstoppaða froskinn frá Kosta-Ríka. Ermarnar eru klipptar úr sokkabuxum. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

***Berta Dröfn Ómarsdóttir heldur mikið upp á froskaspennuna sína. Hún klæðist oftast grænum, rauðum og appelsínugulum fötum og gerir mikið af því að breyta gömlum flíkum.***

„Ég er svolítil froskakerling," segir Berta Dröfn Ómarsdóttir, nemi í fatahönnun. „Ég safna froskadóti og held til dæmis alveg súpermikið upp á froskaspennuna mína, hún er alveg geðveik. Ég fékk hana í Portúgal þegar ég var tíu ára og er nánast alltaf með hana. Svo á ég til dæmis pínulitla froskanælu og uppstoppaðan frosk frá Kosta-Ríka." Berta segist ekki alveg vita hvað það sé við þessi slímugu dýr sem heilli hana svo mikið. „Það er eitthvað við munstrið þeirra og svo eru þeir grænir en ég held mikið upp á þann lit," segir Berta sem klæðist helst grænum, rauðum og appelsínugulum flíkum. „Ég er með fóbíu fyrir svörtum og hvítum litum, að minnsta kosti á sjálfri mér. Mér finnst þeir ekki passa við mig."

Berta er nánast alltaf í pilsum og elskar litaðar og munstraðar sokkabuxur. „Þegar það kemur gat á sokkabuxurnar mínar geri ég úr þeim ermar undir boli og stundum grifflur. Það er svona mitt einkenni," segir Berta sem kveðst ekki oft sauma föt frá upphafi en gera mikið af því að breyta flíkum. „Ég nýti og klippi gömul föt frá ömmu og eitthvað sem mamma er hætt að nota."

Berta hefur verið með æði fyrir fötum frá því hún man eftir sér. Því kemur ekki á óvart að hún sé í fatahönnun. „Ég er á fyrsta ári í Flórens og er ennþá í jólafríi en fer út á sunnudaginn. Í augnablikinu stefni ég á masterinn í þessu námi. Ég er rosalega hrifin af Ítalíu svo það getur bara vel verið að ég haldi mig þar enda býður landið upp á mikla möguleika í fatahönnun," segir Berta að lokum.

mariathora@frettabladid.is

## ALLT HITT

**[HEILSA HEIMILI TÍSKA]**

**Heilbrigðismálaráðherra** hefur lagt fram frumvarp þess efnis að sameina Heyrnar- og talmeinastöð og Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra (Sjónstöð) í eina stofnun undir stjórn forstöðumanns. Rökin fyrir sameiningu eru einkum þau að með henni næst hagræðing sem styrkir bæði faglega og rekstrarlega starfsemi stofnunarinnar til lengri tíma litið. Málið er nú í meðferð hjá þingflokkum stjórnarflokkanna.

**Jennifer** Lopez seldi tvo kjóla sína á uppboði fyrir nærri sjö þúsund dollara á netuppboði síðastliðinn nóvember. Kjóll í hennar eigu frá Dolce & Gabbana seldist fyrir 3.700 dollara. Versace kjóllinn hennar seldist á 3.200 dollara, en þeim kjól muna margir eftir þar sem „háls"málið náði vel niður fyrir nafla og út á mið brjóst. Já, það má gera góð kaup í mörgu á netinu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagur 26. janúar 26. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.26 | 13.40 | 16.55 |
| Akureyri | 10.26 | 13.25 | 16.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is


## Nákvæmara leitartæki

Krabbameinsfélagið fær fljótlega nýtt leitartæki að gjöf frá Íslandsbanka. Íslandsbanki hefur ákveðið að gefa Krabbameinsfélagi Íslands nýtt leitartæki sem nýtist við leit að brjóstakrabbameini hjá konum. Leitartækið er stafrænt röntgentæki og með því er hægt að færa myndir beint inn í tölvu í stað þess að nota hefðbundnar röntgenfilmur. Þessi tækni gefur möguleika á nákvæmari greiningu lítilla æxla, auk þess sem geislun er minni en með þeirri tækni sem hefur verið notuð hingað til.



Nákvæm leit að brjóstakrabbameini er mikilvæg.


# Útsala á íslenskri grafík 20-50% afsláttur

## Innrömmun 20% afsláttur - gildir út janúar



**Málverk eftir:**
Kristján Davóðsson
Atli Már
Tolli
Sveinn Þórarinsson
Valtýr Pétursson
Ásgrímur Jónsson
Scheving o. fl.

**Grafik:**
Bragi Ásgeirsson
Tolli
Jón reykdal
Þórður Hall
Daði Guðbjartsson
Kjartan Guðjónsson
o. fl.



RAMMA MIÐSTÖÐIN
Síðumúla 31 • Sími 533 3331
Opið 10 – 18 • Laugard. 11 – 14

**Gróf armbönd** eru mjög flott og geta lífgað upp á hvað sem er. Það er til dæmis alltaf flott að vera með gróft armband við látlausan bol og gallabuxur.






## Augnháralitur og augnbrúnalitur

**Tana® Cosmetics**

Augnháralitur og augnbrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa – þægilegra getur það ekki verið.

**SÖLUSTAÐIR:**
**APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR**

**Útsalan í fullum gangi allt að 50% afsláttur**

**GULLBRÁ,** Nóatún 17 s. 562-4217

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060
BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163



















# Rómantískt og litríkt

***Tískuvikan í Sao Paulo er fimmta stærsta sinnar tegundar. Hönnuðurinn Gisele Nasser sýndi þar vetrarlínu sína fyrir næsta vetur á dögunum. Hún er bæði kvenleg og rómantísk.***

Brasilía er orðin veigamikil í tískuheiminum. Brasilískar fyrirsætur svo sem Gisele Bündchen hafa verið áberandi og þarlendir fatahönnuðir hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir flíkur sína. Af þessu leiðir að tískuvikan í Sao Paulo er orðin að fimmtu stærstu tískuviku heims og kemur beint á eftir New York, París, London og Mílanó.

Tískuvikunni í þessum suðausturhluta Brasilíu var að ljúka á dögunum en þar kynntu hönnuðir fatalínur næsta vetrar. Einn þeirra var Brasilíukonan Gisele Nasser sem sýndi kvenlegar og rómantískar flíkur. Belti voru tekin saman í mittinu og kjólarnir aðsniðnir svo að mjaðmirnar koma vel í ljós. Fötin voru litrík og blár, rauður og gulur í forgrunni. Efnin voru gæðaleg og þykk, sumt var prjónað og það virtist hafa verið nostrað við minnsta smáatriði. Fötin voru ævintýraleg og undir austurlenskum áhrifum.






## Witherspoon fékk gamlan kjól

Reese Witherspoon klæddist sama kjól á Golden Globe og Kirsten Dunst hafði klæðst þremur árum áður.

Á síðustu Golden Globe-verðlaunahátíðinni fékk leikkonan Reese Witherspoon kjól að láni frá Chanel. Nú hefur það komið í ljós að kjóllinn sem hún klæddist var nákvæmlega sá sami og sá sem Kirsten Dunst klæddist þegar hún sótti sömu hátíð fyrir þremur árum. Witherspoon hefur þó gefið það út að hún fyrirgefi Chanel-tískurisanum þessi mistök.



# Klassískar alpahúfur

*Alpahúfan á rætur að rekja til fornaldar.*

Alpahúfan á sér langa sögu sem rekja má allt aftur til forn Grikkja þó nútímalega útgáfan eigi uppruna sinn í Baskalandi í Pýreneafjöllum.

Upprunalega baskahúfan var annaðhvort rauð eða dökkblá að lit en í dag hefur alpahúfan tekið á sig ýmsa liti en sniðið hefur að nær öllu leyti haldist óbreytt.

Ýmsir ólíkir þjóðfélagshópar hafa skartað alpahúfunni í gegn um tíðina, franska andspyrnuhreyfingin í fyrri heimstyrjöldinni bar baskahúfuna upprunalegu, bandarískir hermenn settu græna alpahúfu upp við hversdagslegri tækifæri og þýska leik- og söngdívan Marlene Dietrich gerði svo alpahúfuna að tískutrendi þegar hún fór að bera hana við hin ýmsustu tækifæri á þriðja og fjórða áratugnum.



Che Guevara var alltaf með alpahúfu.

Sú ímynd sem tengist þó hvað sterkast alpahúfunni er goðsögnin og byltingarleiðtoginn Che Guevara sem sjaldan sást opinberlega án alpahúfunnar.

Í dag er alpahúfan klassík í tískuheiminum, hún er til í öllum regnboganslitum og hana er hægt að bera á margan og mismunandi hátt.

Allar húfurnar kosta 990 og fást í Skarthúsinu ■



Húfurnar kosta 990 kr. og fást í Skarthúsinu.

Allar útsöluvörur
-50%
IANA
Laugaveg 53 s. 552 3737
Opið mán. - föst. 10 -18 • Laugard. 10 -16

Útsala Útsala
enn meiri verðlækkun
Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Það verður seint sagt að lognmolla hafi ríkt í kringum Kate Moss að undanförnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kate Moss með ævisögu

***Richard Branson, forstjóri og eigandi Virgin, hefur hvatt ofurfyrirsætuna Kate Moss til þess að senda frá sér ævisögu.***

Ef einhver sker sig verulega úr í tískubransanum í dag þá hlýtur það að vera Kate Moss. Fréttir um líf hennar og störf birtast nær dag hvern í öllum helstu tískuritum og vefsíðum um þessar mundir eða allt síðan upp komst um kókaínneyslu hennar. Moss hefur hins vegar að undanförnu verið að snúa við blaðinu og virðist nú vera komin aftur á beinu brautina. Hefur hún verið að landa fjölmörgum fyrirsætusamningum og má þar meðal annars nefna Virgin Mobile.

Eigandi og forstjóri Virgin, hinn ofvirki Richard Branson, hefur nú hvatt Moss til þess að skrifa ævisögu sína. Að sögn talsmanns Bransons vill hann að hún segi sína hlið á öllu fjaðrafokinu.

Kate Moss hefur orðið við beiðni Bransons og því má jafnvel gera ráð fyrir því að vinsælasta jólabókin í ár verði ævisaga Kate Moss, að minnsta kosti í Bretlandi. ■

allt
tilboð
Alla föstudaga



**Dyramottur** eru mjög hentugar til þess að halda óhreininindum, sem berast að utan, frá hreinum gólfum. Það er hins vegar ekki nóg að mottan sé á sínum stað ef enginn þurrkar sér á henni.




















Steinunn í öðrum stólnum sem hún keypti fyrir vátryggingarféð 1961. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Býr innan um verkin sín

***Steinunn Marteinsdóttir myndlistarkona býr og starfar í einstöku húsi að Hulduhólum í Mosfellsbæ.***

Upphaflega var húsið að Hulduhólum hlaða og fjós en hefur fyrir löngu skipt um hlutverk og er hið glæsilegasta heimili sem búið er mörgum listmunum bæði eftir Steinunni sjálfa og eiginmann hennar, Sverri Haraldsson listmálara, sem nú er látinn. „Við sáum strax möguleikana á að sameina hér heimili okkar og vinnustofur og fluttum inn 1969 eftir að hafa einangrað og innréttað eftir okkar höfði,“ segir Steinunn. Húsið er á tveimur hæðum og þar líður Steinunni vel enda vill hún hvergi annars staðar vera „á meðan hún er rólfær“ eins og hún orðar það sjálf. Svo hefur hún haldið fjölda sýninga á heimilinu, bæði ein og með öðrum. Á síðustu árum hefur hún einkum sýnt málverk en leirlist var meginverkefni hennar framan af ævinni. Spurð hvort sýning sé á döfinni nú segist hún huga að slíku með haustinu og þá gjarnan utan höfuðborgarsvæðisins. „Það hefur verið mér mikill styrkur að eiga húsnæði til að sýna í, því það er ekki auðhlaupið að fá inni í sýningarsölum höfuðborgarsvæðisins og þeir sem ráða hinum opinberu sölum hafa lítinn áhuga á því að bjóða listamönnum af eldri kynslóðinni sýningaraðstöðu,“ segir hún. Þegar hún er spurð hvort einn staður í húsinu sé í meira uppáhaldi en annar á heimilinu hlær hún dátt og svarar: „Ja, ætli mér líði ekki best í svefnherberginu en ég held ég vilji nú síður fá mynd af mér þar.“ Tyllir sér síðan í stól sem hún kveðst hafa keypt 1961 fyrir vátryggingarfé er hún fékk þegar gamalt hús sem hún átti hlut í brann suður í Höfnum. „Síðar sá ég mynd af þessum stólum í dönsku blaði og þeir reyndust vera eftir frægan danskan hönnuð og vel eru þeir smíðaðir því þeir hafa ekki einu sinni bilað í límingunum,“ segir Steinunn að lokum.



Girðingin er sérstök kringum Hulduhóla.






Mörgum líður hvergi betur en í herbergi fullu af bókum.

# Allar bækur á einn stað

***Það má auðveldlega framkalla notalega bókasafnsstemningu inni á heimilinu.***

Bækur geta hjálpað til við að skapa notalegt umhverfi á heimilum. Ef mikið er til af bókum á heimilinu getur verið ágætt að hafa þær allar á sama stað í staðinn fyrir að vera með eina og eina bókahillu úti um allt hús. Það má til dæmis koma bókahillunum fyrir í sérherbergi eða í einu horni stofunnar. Þar er þá hægt að hafa leslampa og þægilegan stól svo fjölskyldumeðlimir geti komið sér vel fyrir við lesturinn. Það er nefnilega hvergi notalegra að lesa heldur en innan um mikið af bókum. ■



Orkuveita Reykjavíkur veitir ýmsar upplýsingar á heimasíðu sinni.

# Lægri orkureikningar

***Orkuveita Reykjavíkur er með ýmis konar gagnlegan fróðleik á heimasíðu sinni.***

Á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is, fást ýmsar hagnýtar upplýsingar sem geta komið sér vel fyrir heimilið. Undir flokknum Heimili má til dæmis finna verðskrár Orkuveitunnar, svör við algengum spurningum um reikninga, ráðleggingar um hvernig er hægt að lækka orkureikningana og ábendingar um öryggismál sem ágætt getur verið að kynna sér. ■

Keramik fyrir alla

Barnaafmæli
Bekkjaferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.

Tilboðspakkar

Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is

## STELLIÐ: BLÁI LAUKURINN

***Blái laukurinn er eitt af nýjustu stellunum í Tékk-Kristal.***

Þótt nafnið Blái laukurinn bendi til annars er hluti af stellinu alveg hvítur. Er sá hluti þess mest hvítur en með bláu mynstri í miðju, þannig eru til dæmis forréttardiskarnir, en einnig eru til almynstraðir hlutir og þannig eru súpuskálar og diskar. Því er gaman að raða stellinu saman og blanda eftir smekk og áhuga. Fjöldi hluta er til í stellinu sem er úr ekta kínversku postulíni og mynstrin sem eru margvísleg eru líka undir áhrifum frá Kína. Matardiskarnir eru stórir og salatskálarnar líka. Stellið er frá Tékklandi og það þolir að fara í uppþvottavél. Ekki spillir að Blái laukurinn er á kynningarverði eins og er. Mynstruðu hlutirnir eru dýrari en þeir hvítu því í bláa litnum er kóbalt, sem er eðalefni úr gulli og platínu.



Bollastellið er bæði til hvítt og mynstrað. Takið eftir djúpu undirskálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Auðvelt er að leggja fallega á borð með bláa lauknum.



Matardiskarnir eru hvítir en forréttardiskarnir með litlu bláu mynstri og súpuskálar fást almynstraðar.



**Kvef** er algengur fylgifiskur veðrabreytinga. Þó að hlýni aðeins tímabundið er vissara að halda sig við vetrarúlpuna því margir gera þau mistök að halda að það sé hlýrra úti en það er.






# Auknar líkur á brjóstakrabbameini

***Síðastliðna áratugi hefur aukning nýgengis brjóstakrabbameins hjá íslenskum konum verið rúm tvö prósent á hverju ári. Ný rannsókn sýnir að konur eru fjórfalt líklegri til að fá brjóstakrabbamein en áður var talið.***



Laufey Tryggvadóttir, faraldsfræðingur, vann að rannsókn þar sem athugaðar voru líkur kvenna, með svokallaða BRCA2 stökkbreytingu, á að fá brjóstakrabbamein. Laufey segir ekki vitað hvað valdi aukinni áhættu en meðal annars mætti rekja hana til breytts lífstíls.

Laufey Tryggvadóttir, faraldsfræðingur og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrárinnar, stýrði krabbameinsrannsókn sem miðaði að því að kanna hversu mikil áhætta væri hjá konum að fá brjóstakrabbamein. Rannsóknin náði yfir 80 ára tímabil og birtust niðurstöður hennar í Journal of the National Cancer Institute.

Rannsökuð var stökkbreyting í geninu BRCA2, sem er arfgeng. Þær konur sem hafa stökkbreytta genið eru fjórfalt líklegri til að fá brjóstakrabbamein en fyrir 80 árum. Þetta er mun meiri áhætta en áður var talin vera.

Um 0,5 prósent íslendinga er með BRCA2 stökkbreytinguna og sex til sjö prósent þeirra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein hafa þessa stökkbreytingu. Tæplega 95 prósent tilfella brjóstakrabbameins er því ekki hægt að skýra með arfgengum þáttum. Ýmislegt bendir þó til að konur sem eru ekki með þessar stökkbreytingar fái breytingar seinna á ævinni sem líkjast áhrifum stökkbreytingu BRCA2, en þær breytingar verða ekki arfgengar.



Samkvæmt nýrri rannsókn eru fjórfalt meiri líkur á að konur fái brjóstakrabbamein fyrir sjötugt en áður var talið. Rannsóknin tók til 80 ára tímabils. Þetta er í fyrsta sinn sem hægt er að sýna fram á aukningu með jafn óyggjandi hætti.

Laufey segir niðurstöður rannsóknarinnar gagnlegar fyrir þá rannsóknarvinnu sem framundan er á þessum skæða sjúkdómi. „Þetta hjálpar okkur að öðlast grundvallarskilning á hvernig krabbamein myndast,“ segir Laufey. „Við viljum öðlast þann skilning til að geta fyrirbyggt að krabbamein myndist. Einnig gefur þetta von um að hægt verði að meðhöndla konur með þetta stökkbreytta gen á sérstakan hátt sem gæti orðið þeim til bjargar. Hugsanlega gæti þá sú meðferð einnig hjálpað konum sem fá breytingar sem líkjast BRCA2.“

Laufey segir skipta miklu máli að vita hversu mikil áhættan er fyrir konur sem bera þetta gen svo þær geti leitað sér aðstoðar og látið fylgjast vel með sér. Aðspurð um hverjar orsakir séu fyrir þessari auknu áhættu kvenna að fá brjóstakrabbamein fyrir sjötugt segir Laufey að flesta áhættuþættina megi finna í umhverfinu. „Áhættuþættirnir hafa verið að breytast. Sem dæmi má nefna að næringin okkar hefur breyst þar sem við erum að borða meira en við brennum. Konur byrja nú mun fyrr á sínum fyrstu blæðingum en þær gerðu áður en eftir því sem konur byrja fyrr eykst hættan á brjóstakrabbameini. Einnig eykur áfengisneysla áhættuna, notkun tíðarhvarfahormóna og hreyfingarleysi.“

Þrátt fyrir að áhættan við að fá brjóstakrabbamein hafi fjórfaldast síðustu 80 ár sýndu niðurstöðurnar einnig að batahorfur kvenna sem greinast hafa batnað til muna. Miklar framfarir hafa orðið í meðferð við brjóstakrabbameini og nú greinast meinin á mun lægri stigum vegna áhrifa leitarinnar. **johannas@frettabladid.is**



Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæði Reykvíkinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Elliðaárdalurinn langvinsælastur

***Umhverfissvið Reykjavíkur kannaði nýlega vinsældir útivistarsvæða Reykvíkinga.***

Samkvæmt nýlegri könnun sem Umhverfissvið Reykjavíkur lét gera er Elliðaárdalurinn langvinsælasta útivistarsvæði Reykvíkinga. Spurt var um hversu oft borgarbúar færu í Elliðaárdalinn, Heiðmörk og á útivistarsvæðið við Rauðavatn.

Niðurstöðurnar voru þær að fjörutíu og fimm prósent borgarbúa fara þrisvar eða oftar á ári í Elliðaárdalinn, tæplega þrjátíu og tvö prósent fara þrisvar eða oftar í Heiðmörk en aðeins rétt rúmlega ellefu prósent fara þrisvar eða oftar á ári á útivistarsvæðið við Rauðavatn. Í könnuninni kom einnig fram að aðeins þrjátíu prósent borgarbúa fara aldrei í Elliðaárdalinn, þrjátíu og þrjú prósent fara aldrei í Heiðmörk og sjötíu og tvö prósent fara aldrei að Rauðavatni. ■

# 35 sjálfsvíg árið 2004

***Það eru fleiri sem taka eigið líf en farast í umferðarslysum.***

Árið 2004 tóku 35 Íslendingar eigið líf. Fleiri karlar en konur fyrirfóru sér og voru karlmennirnir um þrisvar sinnum fleiri en konurnar og um fimmtungur af þeim voru karlmenn innan við 25 ára aldur.

Talið er að 500 til 700 sjálfsvígstilraunir séu gerðar hér á landi á hverju ári. Árið 2002 fyrirfóru sér nítján karlar og níu konur. Árið 2003 voru þeir tuttugu en konurnar sex. Árið 2004 féllu 9 konur fyrir eigin hendi og 26 karlmenn. Þetta er samkvæmt tölum sem teknar voru saman af Hagstofunni fyrir Landlæknisembættið.

Árin 2002 til 2004 fórust 75 í umferðarslysum en 89 tóku eigið líf á þessu sama tímabili. Að jafnaði deyja tveir karlmenn á móti hverri konu í umferðinni en um þrefalt fleiri karlmenn en konur svipta sig lífi. ■



Árlega eru um 500 til 700 sjálfsvígstilrauna gerða á Íslandi. Árin 2002 til 2004 féllu 89 manns fyrir eigin hendi.














Kristján Helgason er hláturleiðbeinandi og hjálpar fólki að komast í tengsl við hláturtaugarnar. Hann verður með kynningu á hláturjóga á vegum Geðhjálpar í febrúar.

# Hláturinn lengir lífið

***Laugardaginn 18. febrúar verður kynning á hlátursjóga í húsi Geðhjálpar við Túngötu.***

Kristján Helgason hefur þann skemmtilega titil að vera hláturleiðbeinandi. Laugardaginn 18. febrúar verður hann með kynningu á hláturjóga í Geðhjálp fyrir þá sem vilja glæða líf sitt gleði og hlátri.

Kristján segist hafa mikla trú á heilandi áhrifum hláturs, bæði andlega og líkamlega. Hláturinn hefur jákvæð áhrif bæði á líkama og sál. Hláturinn styrkir varnarkerfi líkamans með því að fjölga hvítu blóðkornunum ásamt því að hláturinn dregur úr sársauka þar sem hlátur eykur magn endirfína í líkamanum. Hlátur er líka gott meðal við þunglyndi, ótta, svefnleysi ásamt því að skerpa námsgetu og veita vörn gegn streitu.

„Æfingarnar sem við gerum innihalda tilbúinn hlátur," segir Kristján. „Líkaminn og tilfinningarnar eru plataðar þangað til á endanum að tilbúni hláturinn verður að alvöru hlátri. Svo byrjar einn á því að fá hláturskast og þá fylgja allir með." Hláturjóga er byggt á indverskum jógaaðferðum og Kristján hefur einnig stuðst við æfingar frá Annette Goodheart. Námskeiðið er opið öllum félagsmönnum Geðhjálpar og gestum þeirra.



Þeir sem vilja leita sér nánari upplýsinga um hlátur geta skoðað síðurnar www.laughteryoga.org, www.laughtercoach.com og www.lansner.dk. ■

# Lyf gegn flensu

***Sóttvarnalæknir og Landlæknisembættið beina þeim tilmælum til almennings að koma sér ekki upp birgðum af veirulyfjum vegna mögulegs heimsfaralds inflúensu.***


Nú þegar eru til um 89 þúsund meðferðaskammtar af lyfinu Tamiflu við fuglaflensu. Almenningi er ráðlagt að koma ekki upp eigin birgðum af veirulyfjum.

Landlæknisembættinu hafa borist töluvert af fyrirspurnum frá almenningi um hvort ráðlagt sé að eiga birgðir af veirulyfjum til eigin nota komi til heimsfaraldurs vegna inflúensu.

Nú þegar eru til um 89.000 meðferðaskammtar af veirulyfjum sem verða notaðir í heimsfaraldri inflúensu og verið er að ræða hvort frekari kaup verði gerð. Sóttvarnalæknir mælir ekki með að almenningur verði sér úti um slíkar birgðir. Tekið er fram á heimasíðu Landlæknisembættisins að lyfjameðferð skuli ávallt vera undir eftirliti læknis um upphaf og lok meðferðar, skammtastærðir, hvenær beri að gæta varúðar og vegna hugsanlegra aukaverkana.

Kaupi margir lyfið til eigin birgðahalds gæti svo farið að veirulyfið verði ekki til fyrir áhættuhópa til meðferðar við hefðbundinni árlegri inflúensu. Einnig er talið líklegt að lyfin verði tekin við öðrum veirusýkingum í öndunarfærum en inflúensu. Lyfin eru ekki virk gegn öðrum öndunarfæraveirum og aukin óþörf notkun eykur líkur á myndun inflúensuveirustofna sem eru ónæmir fyrir lyfjunum. ■

# Miðlað af reynslu

***Valgeir Skagfjörð leikari og fyrrum stórreykingamaður skrifaði bók um reynslu sína af því að hætta að reykja.***




Í bók Valgeirs, Fyrst ég gat hætt getur þú það líka, miðar höfundurinn að því að breyta hugarfari reykingamanna til bestaóvinar síns, sígarettunnar. Sjálfur reykti Valgeir árum saman og segir hann ýmsa kvilla hafa hrjáð hann. Valgeir tengdi þá flensu, ofþreytu, mataræði, stressi og öðru, en sjaldnast rakti hann vanlíðanina til reykinganna.

Bókin miðar að því að losa fólk við ranghugmyndir um fíkn sína. Einnig býður bókin upp á aðrar leiðir en skyndilausnir sem duga skammt með öllu frá rettunum. Bókin er ekki sjálfshjálparbók heldur kveikir hún löngun hjá fólki til að losa sig undan fíkninni. Á endanum erum það við sjálf sem tökum ákvörðun um að hætta að reykja og höfum viljann til að standa við þá ákvörðun. ■

allt
bílar
Alla laugardaga

Ný líkamsrækt fyrir konur
Betri heilsa á 30 mínútum




**Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur**
Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að grennast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves
The power to amaze yourself.™

Fyrir allar konur

**Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu.**

**50% afsláttur**
af þjónustugjaldi

Curves, Bæjarlind 12, sími 566 6161 *curves@simnet.is*

**Mest**
lesna tímarit landsins!




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
birta
* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

## Herör gegn einelti }

NEMENDUR Í MENNTASKÓLANUM Á EGILSSTÖÐUM MÓTMÆLA EINELTI OG ÆRUMEIÐINGUM UNGLINGA Á NETINU.

Einelti hefur tekið á sig nýja mynd síðustu ár. Í auknum mæli eru börn og unglingar farnir að nota netið og farsíma við eineltið og hefur reynst erfitt að koma í veg fyrir það. Slík tegund af einelti getur verið verra fyrir þolandann þar sem hann fær hvergi frið.

Nemendur í Menntaskólanum á Egilsstöðum hafa sent veggspjöld í alla grunn- og framhaldsskóla á Austurlandi til að mótmæla einelti og ærumeiðingum á netinu. Veggspjöldunum er ætlað að vekja börn og unglinga til umhugsunar um hversu alvarlegt einelti af þessu tagi er.





*Ný öflug lína*
tæki
*sem skila þér árangri...*
Landsins mesta úrval af **hlaupabrautum** við allra hæfi.
Fyrir heimili, vinnustaði, íþróttahús, líkamsræktarstöðvar, skip og fl. Margir verðflokkar.
**Tækin eru uppsett í verslun!**
*Taktu á því með tækjum...*
ÖRNINN
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Opið laugard. 10-14 | Visa- og Euroraðgr. | Allar nánari uppl. www.orninn.is
SCHWINN PRO·FORM NordicTrack™ CYBEX NAUTILUS™
KORTER.IS



## GAMAN AÐ SKOÐA GAMLAR MYNDIR

*Pixlar setur myndir á DVD-diska*

SJÁ BLS. 2



## BÖRNIN OG NETIÐ

*Skemmtilegar vefsíður fyrir börn* BLS. 11

[ SÉRBLAÐ UM SÍBREYTILEGAN HEIM TÆKNINNAR – FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR 2006 ]

# tölvur & tækni



NORDICPHOTO/GETTY

## EFNISYFIRLIT


**Sjónvarpsþættir á netinu**
*Nýjung hjá Google* BLS. 2






**Örþunn og hraðvirk**
*MacBook Pro* BLS. 4





**Allt á einum stað**
*Tónlist og myndir* BLS. 6

**Miðlæg geymsla**
*Gagnageymsla Símans*
BLS. 10

**Pása í beinni**
*DVD-spilarar með upptöku-möguleikum* BLS. 12






**Gátt að efnisheimi**
*Vodafone live*
BLS. 14



Klár í snjóinn! **MAZDA TRIBUTE**

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar: **SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444**
**BSA Akureyri - Sími 462 6300**
**Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100**

X4 ehf. **Opið virka daga 10-18:30**
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**



## væntanlegir leikir }



### BLACK

Format : PS2/XBOX
Gerð : Skotleikur
Framleiðandi : Electronic Arts
Aldursmerking 16+
Væntanlegur 23.febrúar 2006.

Fyrstupersónu skotleikur úr smiðju þeirra þeim gerðu Burnout-leikina. Hér eru allar reglur brotnar. Í Black ferðast leikmenn um undirheima ósamþykktra hernaðaraðgerða og hafa engar áhyggjur af hernum, lögunum eða afleiðingunum. Markmiðið er að stöðva þá sem enginn annar getur stöðvað og láta ekkert standa í vegi sínum.

Áhrif Hollywood-kvikmynda eru greinileg og hljóma allar byssur leiksins eins og í bestu bíómyndum. Ryk þyrlast upp, allt er hægt að skjóta í tætlur. Klárlega besti skotleikur ársins.



### COMMANDOS STRIKE FORCE

Format : PC/PS2/XBOX
Gerð : Skot- og hernaðarleikur
Framleiðandi : Eidos
Aldursmerking 16+
Væntanlegur 17.febrúar 2006.

Nýjasti leikurinn í Commandos-seríunni. Áður fyrr var áherslan lögð á herkænsku og skipulag, en nú hefur leikurinn tekið á sig form fyrstupersónu skotleiks. Sögusviðið er seinni heimsstyrjöldin og fara leikmenn í hlutverk sérsveitarmanna sem þurfa að bjarga málunum. Í leiknum eru þrjár persónur, fótgönguliði, njósnari og skytta, og hver þeirra hefur sína sérkosti og möguleika. Ásamt biluðum skothasar þurfa leikmenn líka að skipuleggja árásirnar og velja hvaða persona á við í hvert sinn.

## tækið }



Eitt af nýjum fylgi- og aukahlutum fyrir iPod-vídeó er Eyebud 800, sem eru eins konar gleraugu með innbyggðum skjá og gerir notendum kleift að njóta þeirra kvikmynda og myndbanda sem eru á iPod mun betur. Eyebud 800 er þó aðeins fyrir annað augað svo fólk geti notað hitt augað til að sjá umhverfi sitt. Með gleraugunum fylgir þó augnleppur sem hægt er að setja yfir augað ef fólk vill ekki sjá umhverfið. Áætlað er að Eyebud 800 komi á markaðinn í sumar og mun kosta um 600 dollara.


# Vissir þú?

Að hjá Grensásvideo.is er gert við alla geisladiska.

**PLAYSTATION DVD CD X-BOX**

*Rispurnar eru fjarlægðar og diskurinn verður sem nýr!*

**Verð aðeins 650-**

**Grensásvideo.is Grensásvegi 24**
Sími:568-6635
Opið alla daga frá 15:00-23:30




Jens Ormslev með ljósmyndina Brosbörn sem prentuð er á striga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gaman að skoða myndir

Stafræna myndbyltingin hefur haft talsverð áhrif á hvernig fólk tekur myndir, auk þess sem fólk er farið að gera meira með myndirnar sínar en að setja þær í albúm.

„Maður er farin að sjá miklu betri myndir, enda tekur fólk mikið meira af þeim á stafrænar myndavélar og velur svo þær bestu úr til útprentunar,“ segir Jens Ormslev, sem rekur framköllunar- og prentþjónustuna Pixlar. Þar er lögð áhersla á stafræna framköllun og myndvinnslu en þó segir Jens filmumyndavélarnar ekki alveg vera farnar út og býður hann því upp á hefðbundna framköllun og lætur cd-disk með myndunum fylgja hverri filmuframköllun. „Margir eiga filmuvélar sem þeim er annt um en vilja samt sem áður eiga myndirnar á stafrænu formi. Með því að láta disk fylgja með er vandamálið leyst,“ segir Jens.

Stafræn framköllun, eða prentun öllu heldur, er orðin mjög algeng og segir Jens það vera ódýrara fyrir fólk að láta fagaðila í málið en að gera hlutina heima, auk þess að myndirnar endist lengur. „Kostnaður á bleki og pappír er mikill. Það tekur tíma að vinna myndirnar og því ódýrara fyrir fólk að láta prenta þær fyrir sig,“ segir Jens. Hann segir einnig fólk farið að átta sig á prentmöguleikum og nú sé verið að prenta myndir mjög stórar eða á striga, sem er ný þjónusta hjá Pixlum. „Ég fann það fyrir jólin að fólk var að kveikja á þessum möguleika, að setja eigin ljósmyndir á striga. Næst eru þær settar á blindramma og settar þannig upp á vegg.“

Margar leiðir eru til að njóta eigin ljósmynda og talar Jens um að fólk eigi að nýta sér dvd-spilarann til að skoða myndir. „Við tökum gamlar slides-myndir og skönnum þær inn og setjum á dvd-disk og þá skoðar fólk myndirnar frekar. Það er mjög gaman að skoða myndir og því leiðinlegt að láta þær liggja óhreyfðar í kassa niðri í geymslu,“ segir Jens að lokum.



Þætti eins og CSI verður hægt að kaupa í gegnum nýja þjónustu hjá Google á netinu.

# Sjónvarpsþættir á netinu

Google mun fljótlega selja myndbönd á netinu, þar sem fólk getur leitað að og keypt sjónvarpsþætti og fleira.

Google tilkynnti á Tölvu- og raftækjaráðstefnunni í Las Vegas, sem haldin var fyrr í þessum mánuði, að fyrirtækið myndi hefja sölu á stafrænum myndböndum. Google fetar þar með í fótspor Apple, sem hóf nýverið sölu á tónlistarmyndböndum í gegnum iTunes.

Google mun þó líklega mæta harðri samkeppni á þessum markaði. Um 3000 myndir eða þættir verða í boði á vef Google og valið stendur um að leigja efnið eða eiga það, og hægt að horfa á efnið í nýjum myndspilara frá Google.

Fyrirtækið hefur meðal annars gert samning við CBS um að selja þætti eins og Star Trek, CSI og I love Lucy á 1.99 dollara stykkið. Til að byrja með verður efnið aðeins í boði í Bandaríkjunum, en til stendur að bjóða þessa þjónustu um allan heim. Efnið mun þó vera mismunandi eftir löndum.

Myndirnar verður hægt að hlaða niður fyrir Windows, Makka, PSP og iPod.


Nauðsynlegur búnaður á
hátækni
heimili
Lampa
magnarar
frá Primaluna
Plötuspilarar
Mikið úrval af plötuspilurum
Frá kr. 29.000.-
Magnarar
og heimabíókerfi
stereo one
audio pro
Mini
stereosystem
Mini stereó system með Ace/Base
Hönnuður: Steinar Árnason, Íslandi - Verð kr. 79.900.-
TIVOLI
Model two
Hönnuður: Henry Kloss
Emmy verðlaunahafi / Audio Hall of Fame
MODEL TWO STEREO SYSTEM
Útvarp, geislaspilari, hátalarar og sub,
Ótrúleg hljómgæði. Afar einfalt í notkun.
Martin Logan
Upplifðu tónlist og
hönnun samtímis
MARANTZ
LCD sjónvörp
VIÐ KYNNUM
USHER
Margverðlaunaða hátalara
Háþróuð tæki og hönnun
Podspeakers
flottustu hátalararnir í bænum
www.hljómsyn.com
HLJÓMSÝN
HLJÓMTÆKI • HEIMABÍÓ • BÍLTÆKI
Ármúla 38 - Sími 588-5010
PrimaLuna | projection design | Pro-Ject | GRADO | Paradigm | Vincent | marantz | lexicon | Martin Logan | audio pro | PODSPEAKERS
KORTER.IS

## tölvuleikir }



### 24 THE GAME

Format : PS2
Gerð : Hasarleikur
Framleiðandi : Sony Computer
Aldursmerking 16+
Væntanlegur 23.mars 2006

Þessi leikur byggist á 24-sjónvarpsþáttunum vinsælu. Hér fara leikmenn í hlutverk helstu sérsveitarmanna CTU og ljá allir leikarar þáttanna leiknum raddir sínar og andlit. Leikurinn, sem gerist á milli seríu 2 og 3, svarar mörgum spurningum um persónur og söguþráð 24-þáttanna. Hvers vegna fór Chase Edmunds að vinna hjá CTU? Hvernig komst Kim Bauer að hjá CTU? Hver stóð á bakvið morðtilraun á forseta Bandaríkjanna? Í leiknum eru skotbardagar, bílaatriði og fjöldi „mini"-leikja þar sem leikmenn þurfa meðal annars að pynta menn til frásagnar, aftengja sprengjur og margt fleira. Skotheldur leikur sem byggist á 24-sjónvarpsþáttunum.



Tölvuleikurinn Bliss lítur út eins og hefðbundið borðspil

# Tölvuleikur fyrir elskendur

Bliss er tölvuleikur sem kryddar kynlífið

Tölvuleikurinn Bliss er rómantískur tölvuleikur ætlaður pörum og getur hann hrist ærlega upp í ástarlífinu. Leikurinn, sem fær reyndar seint verðlaun fyrir flott útlit, er í grunninn hefðbundið borðspil. Leikmenn hafa borð á tölvuskjánum þar sem þeir færa sig á milli reita, og á hverjum reit fá þeir skemmtilegt og spennandi verkefni.

Það sem gerir leikinn öðruvísi er að hann tekur mið af persónulegum þörfum hvers og eins, sem er helsti kostur þess að þetta er tölvuleikur. Leikendur þurfa að svara nokkrum spurningum áður en leikurinn hefst, eins og hverju þeir klæðast, og hversu heitt þeir vilja að kynlífið sé og svo framvegis. Maðurinn sem bjó til þetta spil fór á netið í leit að leik í þessum dúr til að gefa konunni sinni í 25 ára brúðkaupsafmælisgjöf. Þar sem ekkert spennandi rak á fjörur hans ákvað hann að búa til svona spil sjálfur.

Konan hans komst á snoðir um málið og tók að lokum fullan þátt í að skapa spilið. Sjálf voru þau verulega ángæð með árangurinn sem varð til þess að þau sögðu nokkrum vinum sínum frá þessu, og allir vildu ólmir fá eintak. Að lokum ákváðu þau að setja upp vefsíðu þar sem spilið er selt og hefur það algerlega slegið í gegn. Sjá gamesforloving.com.

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS



Steve Jobs, forstjóri Apple, og Paul Otellini, forstjóri Intel, skoða saman nýju fartölvuna MacBook Pro sem inniheldur nýja Intel-örgjörvann.

# Örþunn og hraðvirk

Intel Core Duo-örgjörvinn er í raun tveir örgjörvar. Hann er afrakstur samstarfs Apple og Intel og er notaður í nýjustu fartölvuna frá Apple, MacBook Pro.

Steve Jobs kynnti nýverið nýja Apple fartölvu, Apple MacBook Pro, sem inniheldur glænýjan örgjörva frá Intel, Intel Core Duo sem er mun hraðvirkari og öflugari heldur en PowerPC-örgjörvinn sem Apple var að nota áður. Apple fartölva með G5-örgjörva mun því aldrei líta dagsins ljós, sem enginn þarf að gráta því Intel Core Duo-örgjörvinn stenst honum fyllilega snúning og vel það.

Fyrir utan útlitið eiga PowerBook-fartölvurnar og MacBook Pro-tölvurnar fátt sameiginlegt. Með nýja örgjörvanum er þetta fyrsta tveggja örgjöva fartölvan sem Apple framleiðir. Gagnabraut tölvunnar keyrir á 667MHz hraða með nýja örgjörvanum en keyrði á 167MHz á þeim gamla. Nýja PCI Express-based grafíktæknin býður upp á 8GB bandvídd sem er fjórum sinnum hraðari en AGP grafíkkerfið sem er í PowerBook. Drifið notar nú hina hröðu ATA-tækni og RAM vinnsluminnið er töluvert hraðara. MacBook Pro er því fjórum sinnum hraðvirkari en PowerBook. Þrátt fyrir að MacBook Pro virðist hafa mikla yfirburði er eitt og annað sem vantar. Til dæmis er geisladrifið hæggengara en í PowerBook og er fjögurra hraða í stað átta, og brennir ekki tveggja laga dvd-diska. Apple segir þetta vera vegna þess að það þurfti að setja sérstaklega þunnt drif í tölvuna svo að hægt sé að hafa hana aðeins tommu á þykkt. Þar að auki er ekki módem í tölvunni, en Apple metur það svo að módem séu á útleið, þó skal tekið fram að hægt er að láta setja módem í tölvuna.



Nýja MacBook Pro tölvan frá Apple.

Ein af nýjungum við tölvuna er MagSafe snúra. Apple hefur endurhannað snúruna á hleðslutækinu þannig að á enda hennar er segull sem tengir hana við tölvuna. Apple gerir þetta til að koma í veg fyrir slys, eins og þau þegar fólk gengur á snúruna og kippir tölvunni með sér í gólfið. Ef slíkt gerist losnar snúran mjög auðveldlega frá og dregur því ekki tölvuna með sér niður á gólf.

Von er á MacBook Pro-tölvunum í Apple-búðina á Íslandi í lok mars.

# Löghlýðni eykst á netinu

Fleiri eru farnir að kaupa tónlist á netinu í stað þess að stela henni

Hagnaður af tónlist sem seld er á internetinu náði um 1,1 milljarði dolla á síðasta ári og þrefaldaðist þar með salan frá árinu áður. Sérfræðingar segja síðasta ár hafa verið árið sem tónlistariðnaðurinn festi sig í sessi á internetinu og fleiri notendur fóru að hlaða niður tónlist löglega.

Rannsóknir í Evrópu sýna meðal annars að í Bretlandi og Þýskalandi, þar sem stafræni tónlistarmarkaðurinn er stærstur, hlaða fleiri niður tónlist löglega en ólöglega.

Ástæðurnar fyrir því eru meðal annars taldar vera samstillt átak tónlistariðnaðarins gegn ólöglegu niðurhali, sem bæði felst í því að fólk er hvatt í gegnum fjölmiðla að stela ekki tónlist, og eins með því að lögsækja fólk fyrir tónlistarþjófnað. Þar að auki hefur tónlist verið aðgengilegri á netinu gegn vægu verði og fólki gert auðvelt að nálgast tónlist á löglegan hátt.


Sífellt fleiri kaupa tónlist á netinu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

LJÓSLEIÐARI

OR

# Leiðandi í ljósi

Orkuveita
Reykjavíkur

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Í framtíðinni mun fólk hafa alla tónlist, kvikmyndir og ljósmyndir í einu tæki sem hægt er að stýra úr sófanum með fjarstýringu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Öll stafræn miðlun á einn stað

**Þörf hefur skapast fyrir tæki sem getur geymt allt stafrænt afþreyingarefni heimilisins á einum stað, þar sem það er bæði aðgengilegt og skipulegt.**

Raftækja- og tölvuframleiðendur leitast nú við að útbúa tæki sem getur geymt allt stafrænt myndefni og hljóð á einum stað, þar sem efnið er aðgengilegt og skipulagt. Þörfin fyrir slíkt er mikil, því flestir eru með myndir og tónlist á mörgum stöðum, í myndavélinni, símanum, iPod-inum og tölvunni.

Framleiðendur hafa lagt áherslu á að tækið, sem verður að innihalda stóran harðan disk, eigi að vera staðsett í stofunni, næst sjónvarpsskjánum, svo fólk geti notað hann til að fletta í efninu á skjánum með fjarstýringu, skoða myndir, bíómyndir og hlusta á tónlist. Nokkur tæki af þessu tagi eru komin á markaðinn nú þegar og má þar nefna Vaio XL1 Digital Living System frá Sony, Digital Entertainment Center frá Hewlett-Packard og KaleidoScape Entertainment Server. Talsverður verðmunur er þó enn á þessum tækjum. Kostar Vaio XL11 um 2000 dollara á meðan KaleidoScape kostar um 22.000 dollara, enda er það helst notað af fagmönnum í kvikmyndaiðnaðinum.

Ekki eru allir framleiðendur sammála um að geyma eigi allt efni inni á heimilinu og vilja meina að betra sé að geyma það utan þess þar sem það er aðgengilegt í gegnum internetið. Fólk mun þá borga visst áskriftargjald á mánuði og upphæðin miðast við hversu mikið pláss það þarf. Sá kostur fylgir því að þá er hægt að nálgast efnið einnig annars staðar en á heimilinu. Það er nokkuð víst að fólk mun smám saman sækjast eftir því að hafa allt afþreyingarefni á einum stað, hvorn kostinn sem það velur, og hvort fólk vill hafa það inni í stofu eða utan hennar.



Vaio XL11 frá Sony.

ÖRTÆKNI

Tölvukaplar - tölvukaplar

Við erum sérfræðingar í tölvuköplum og tengihlutum.

Eigum til á lager allar algengustu tegundir tölvukapla.

Sérsmíðum allar mögulegar gerðir kapla eftir óskum viðskiptavinarins.

Eigum til mikið úrval af tengibúnaði, s.s. KVM skipta, svissa, USB tengihluti o.m.fl.



Okkar kaplar ná alla ..... leið



Vörulisti á www.ortaekni.is

Eina sérverslun landsins með tölvukapla

Hátúni 10 - 105 Reykjavík
Sími: 552 6800
Fax: 552 6809
ortaekni@ortaekni.is



Tvær linsur eru í stafrænu myndavélinni Kodak EasyShare V570.

# Tvær í einni

**Nýja stafræna myndavélin frá Kodak er með tvær linsur.**

Kodak kynnti nýverið nýja stafræna myndavél með tveimur linsum, hina fyrstu sinnar tegundar, Kodak EasyShare V570. Linsurnar, sem eru annarsvegar aðdráttarlinsa og hinsvegar breiðlinsa, liggja hvor ofan á annari framan á miðju vélarinnar, sem er afar smágerð, létt í hendi og passar auðveldlega í brjóstvasa eða veski. Með þessu leysir Kodak ákveðið vandamál, þar sem það er nánast ógerlegt að útbúa netta breiðlinsu, sem er jafnframt aðdráttarlinsa, fyrir smáar stafrænar vélar. Flestar smáar stafrænar myndavélar eru með aðdráttarlinsu sem oft ná ekki nægilega miklu svæði inn í rammann, til dæmis að þótt manneskja standi alveg upp við vegg í herbergi á hún erfitt með að ná öllu herberginu. Til þess að fá góða breiðlinsu á smárri stafrænni vél verður hún að vera án aðdráttar. Þykir þetta því snilldarlausn hjá Kodak og er búist við að vélin njóti mikilla vinsælda á þessu ári. Hún býður upp á marga skemmtilega möguleika, eins og að setja saman panoramamynd í vélinni. Þá er þremur myndum smellt af, og vélin sér sjálf um að setja þær saman.

## vefsíðan }

Á vefsíðunni Flickr.com er hægt að setja upp eigin ljósmyndasýningu á mjög einfaldan hátt með möguleika á slides-myndasýningu og geta gestir vefsíðunnar skrifað athugasemdir við hverja mynd. Vefsíðan er mjög einföld í notkun og má hlaða inn myndum á hana í gegnum vafra, tölvupóst eða beint úr farsímanum. Notendur geta ákveðið hvort myndirnar eru öllum sýnilegar eða sett inn aðgangsorð til að skoða þær. Þjónusta vefsíðunnar er ókeypis. Hún er í eigu Yahoo og þarf því Yahooreikning til þess að nota hana.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hefur þú efni á að missa af þessu?
ótrúleg verð á fartölvum hjá Boðeind
Verð kr. 74.900 stgr. ef pantað er á
www.bodeind.is
Norton Systmeworks vírusvörn, fartölvutaksa og mús
fylgir frítt með öllum fartölvum
Allar fartölvur frá Boðeind eru árgerð 2006
Verð kr. 117.750,-
Netverð kr. 74.900 stgr.
ef pantað er á bodeind.is
ASUS A6000U
15,4" WideScreen (1280x768)
AMD Sempron 3000+ Mobile
Vinnsluminni 512MB DDR
40GB harður diskur
Innbyggt skjákort
DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort - Kortalesari
MSN vefmyndavél
4x USB2.0 - 1x FireWire
Windows XP Professional
Taska og mús fylgir frítt með
Verð kr. 203.464,-
Netverð kr. 189.900 stgr.
ef pantað er á bodeind.is
ASUS W1 Digital
15,4" WideScreen (1680x1050)
Intel Pentium Mobile 2,13GHz
Vinnsluminni 1GB DDR2
100GB harður diskur
ATI Radion X700 128MB
DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort - Kortalesari
Blue Tooth, 10/100/1000 lan
Sjónvarpsmóttakari & fjar-
stýring - 4.1 hátalarakerfi
Windows XP Professional
Taska og mús fylgir frítt með
Verð kr. 160.607,-
Netverð kr. 144.900 stgr.
m. 1GB vinnsluminni
ef pantað er á bodeind.is
ASUS A6000K
15,4" WideScreen (1280x768)
Glare type
AMD Turion Mobile 3000+ 64Bita
Vinnsluminni 512MB DDR
80GB harður diskur
Geforce 7300 256MB
DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort -Kortalesari
MSN vefmyndavél
Blue Tooth, 10/100/1000 lan
Windows XP Professional
Taska og mús fylgir frítt með
Verð kr. 155.250,-
Netverð kr. 139.900 stgr.
m. 1GB vinnsluminni
ef pantað er á bodeind.is
ASUS A6000V
15,4" WideScreen (1280x768)
Glare type
Intel Pentium Mobile 1,73GHz
Vinnsluminni 512MB DDR2
80GB harður diskur
ATI Radion X700 128MB
DVD Dual layer brennari
Þráðlaust netkort - Kortale-
sari MSN vefmyndavél
Blue Tooth, 10/100/1000 lan
Windows XP Professional
Taska og mús fylgir frítt með
Boðeind ehf. í 18 ár - Mörkin 6 - 108 Rvk. 588 2061

# FRÁBÆR TÖ

# ACE 3500+



VL15
* Samtals kr. 134.466
8.660

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **3500+ Athlon64 - 90nm 939**<br>640K flýtiminni, 2000MHz FSB+HT |
| **Móðurborð** | **MSI K8N NEO4 F - nForce4**<br>PCI-E 16x, 8xUSB2, FireWire |
| **Minni** | **1GB DUAL DDR400 Corsair**<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | **250GB WD SE 16MB - SATA II**<br>SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| **Skjákort** | **256MB GeForce7 NX7300GS**<br>MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2 |
| **Skjár** | **17" LCD Acer 1716s flatskjár**<br>500:1 í skerpu og 12ms viðbragðstími |
| **Skrifari** | **16x DVD± DL skrifari**<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| **Hljóðkort** | **7.1 Dolby Digital DTS - EAX2**<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| **Hátalarar** | **2.1 Logitech S200 hljóðkerfi**<br>2 öflugir hátalarar og bassabox |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000**<br>Vandað og hraðvirkt netkort |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2**<br>Á íslensku eða ensku |

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**64 BITA 3500+**
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 2000FSB

**17" ACER LCD SKJÁR**
17" LCD ACER AL1716S skjár með 12ms viðbragðstíma og 500:1 skerpuhlutfall. Glæsileg hönnun

**SATA II – 16MB**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**GEFORCE 7300GS**
Nýjasta kynslóð skjákorta með 256MB DDR2 810MHz minni, CineFX 4.0 tækni og TV-út tengi

**2.1 HLJÓÐKERFI**
Logitech S200 hátalarakerfi með 2 hátölurum og öflugu bassabox. Flottur hljómur í leiki og kvikmyndir

**SPECIAL EDITION**
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús, lyklaborði og SE músarmottu

ACE SPECIAL EDITION

# VERÐ 129.900

## ACE P4 TILBOÐ 2



ACE SPECIAL EDITION

VL12
* Samtals kr. 103.411
8.325

3.06GHz Intel Celeron D346 örgjörvi með EM64T tækni
512MB DDR2 minni • 200GB WD SE SATA2 harðdiskur
17" LCD Acer skjár • 128MB ATI X300 PCI-E 16X skjákort
16xDVD±/DL skrifari • Dolby 7.1 hljóðkort • 2 nettir hátalarar
10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 99.900**

## ACE P4 TILBOÐ 5



ACE SPECIAL EDITION

VL15
* Samtals kr. 155.169
9.993

2.8GHz Intel PD 920 DualCore, 2x2MB cache EM64T og SpeedStep
1GB DUAL DDR2 minni • 250GB WD SATA2 harðdiskur 16MB buffer
17" LCD Acer skjár • 128MB GeForce6 NX6600GT PCI-E 16X skjákort
16xDVD±/DL skrifari • Dolby 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi
Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 149.900**

## ACE AMD TILBOÐ 1



ACE

2600+ AMD Sempron 64-BIT HT
128MB DDR minni • 40GB harðdiskur
52x hraða geisladrif • 17" CRT skjár
64MB S3 Unichrome skjákort • netkort
2 hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 54.900**

## ACE AMD TILBOÐ 3



ACE

VL12
* Samtals kr. 79.603
6.408

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 200GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" CRT skjár
128MB GeForce 6100 skjákort • Netkort
2 hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 76.900**

## ACE P4 TILBOÐ 1



ACE

VL12
* Samtals kr. 82.708
6.658

2.8GHz Intel Celeron D336 EM64T
256MB DDR2 minni • 200GB harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
128MB ATI Radeon X300 PCI-E 16X skjákort
Innbyggt 10/100 netkort • Win XP Home

**VERÐ 79.900**

## MSI H2 - MPC915



MSI

VL12
* Samtals kr. 124.114
9.992

3.0GHz Intel P4 630 EM64T örgjörvi
512MB minni • 200GB SE harðdiskur
16xDVD±RW skrifari • 17" LCD skjár
128MB Geforce6 NX6200 PCI-E 16X skjákort
Þráðlaust lyklaborð og mús • Win XP Home

**VERÐ 119.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# ÖLVUTILBOÐ

# ACER 5672




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.66GHz Intel DUO T2300** Með 667MHz FSB og 2MB flýtiminni |
| **Minni** | **1GB Dual DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| **Harðdiskur** | **80GB 5400RPM SATA** 5400RPM SATA harðdiskur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW Dual Layer skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X1400** Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | **Vefmyndavél og kortalesari** Hvoru tveggja innbyggt í tölvu |

## ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

**INTEL DUO CORE**
Intel Duo Core er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1400**
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

## VERÐ 149.900

## ACER 1694WLMib




2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 örgjörvi með 2MB flýtiminni 1GB DDR2 533MHz minni • 100GB 5400RPM harðdiskur 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" CrystalBrite WXGA skjár • 256MB ATI X700 PCI-E 16X skjákort • Bluetooth Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 169.900**

## ACER 5024WLMi




1.8GHz AMD Turion64 ML-34 örgjörvi • 512MB DDR minni 80GB Ultra ATA100 harðdiskur • Slot 8xDVD±RW DL skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI-E 16X skjákort • Gigabit netkort • Þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 114.900**

## ACER 3003LMI




1.8Ghz Mobile AMD Sempron 3000+ 512MB DDR minni • 60GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" XGA CrystalBrite skjár • 128MB SISM760GX skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 79.900**

## HP NX6125 - 4



1.8GHz Mobile AMD Sempron 3000+ 512MB DDR minni • 60GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" SXGA skjár 128MB ATI Radeon X300 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 79.900**

## MSI S260 - 1



1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 512MB DDR minni • 80GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 12,1" WXGA ColorBrite skjár • 128MB GMA900 skjákort Aðeins 1.8Kg • Windows XP Home

**VERÐ 129.900**

## MSI M645 - 1



2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 1GB DDR minni • 80GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA ColorBrite skjár • 128MB Geforce Go6600 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 149.900**

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730
**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400
**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400

hönnun }



## Falleg hönnun og mikil skerpa

SAMSUNG HDTV 40“ LE40M61 FÉKK EISA VERÐLAUNIN Í LCD SJÓNVÖRPUM FYRIR ÁRIÐ 2005-2006

Háskerpu sjónvarpstæki frá Samsung hlaut nú á dögunum hin eftirsóknarverðu Eisa verðlaun í LCD sjónvörpum. Tækið sem er með svarta umgjörð, er með 1.366.x 768 upplausn og 5000:1 skerpu og 8 millisekúndu viðbragðstíma. Jafnramt er það með 6,4 milljarða lita þegar flest öll önnur LCD sjónvörp eru með 16,7 milljónir lita. Með því nást raunverulegir litir og meiri skerpa. Tækin eru einnig með birtuskynjara sem lýsir og dekkir myndin eftir birtunni í herberginu. Tækið er einnig til með 32“ skjá og fást bæði tækin hjá Radíónaust á Íslandi.



## HELLT YFIR LYKLABORÐIÐ

FÁTT ER VERRA EN AÐ HELLA NIÐUR KAFFI EÐA GOSDRYKK YFIR LYKLABORÐIÐ SITT. BEST ER AÐ ÞRÍFA LYKLABORÐIÐ STRAX.

1. Taktu lyklaborðið úr sambandi.
2. Ef vatn hellist yfir lyklaborðið er best að snúa því á hvolf, og láta það þorna a.m.k. í sólarhring.
3. Klístraða drykki getur verið erfitt að þrífa, en best er að losa af lyklana til að auðvelda þrifin.
4. Ekki losa bilslána, enterlykilinn eða aðra stóra lykla. Taktu mynd af lyklaborðinu, eða teiknaðu upp röðina á tökkunum, svo þú vitir hvar þeir eigi að vera þegar þú festir þá aftur. Notaðu rakan bómul til að þrífa.
5. Settu lyklana aftur á sinn stað, eftir að hafa hreinsað þá og látið þá þorna.
6. Láttu allt þorna vel í a.m.k. sólarhing áður en þú stingur lyklaborðinu aftur í samband.

## Skjár í stað pappírs

Stafrænar bækur (eBooks) hafa átt erfitt uppdráttar, en munu sennilega hljóta uppreisn æru eftir að Sony tilkynnti um sérstakt tæki til að lesa slíkar bækur. Tækið heitir Sony reader og er á stærð við vasabrotsbók, með stórum skjá á framhliðinni. Skjárinn styðst við E Ink-tækni, sem inniheldur 480.000 örsmáar míc-róagnir, og hver og ein er hlaðin jákvæðum hvítum ögnum og neikvæðum svörtum ögnum í glærum vökva. Skjárinn lítur því frekar út eins og pappír heldur en bók, þar sem ekkert endurkast er af skjánum og hann flöktir ekki neitt. Tækið gengur fyrir rafhlöðu sem á að duga fyrir 7500 blaðsíður. Tækið er væntanlegt á markað í vor og mun kosta á bilinu 300 til 400 dollara.





Eva Magnúsdóttir upplýsingafulltrúi Símans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Miðlæg geymsla fyrir ljósmyndir, tónlist og einkaskjöl

Síminn mun á næstunni kynna þjónustu sem nefnist Safnið en í gegnum það geta viðskiptavinir Símans geymt gögnin sín miðlægt hjá Símanum og miðlað þeim með öruggum hætti.

„Viðskiptavinir okkar eiga eftir að taka þessari nýjung fagnandi en með miðlægri geymslu af þessu tagi getum við boðið upp á öruggt geymslusvæði fyrir mikilvæg gögn, eins og til dæmis skjöl, tónlist og ljósmyndir. Þetta er að mínu mati góð leið fyrir notendur að deila gögnum með öðrum aðilum. Þannig er t.d. mögulegt að gefa fjölskyldumeðlimum eða vinum aðgang að ákveðnum myndaalbúmum. Með þessu vill Síminn stuðla að betri þjónustu við viðskiptavini sína,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

Að sögn Evu hefur orðið mikil aukning í stafrænni gagnasöfnun hjá Íslendingum. Stafrænar upptökuvélar og myndavélar hafa þar haft sitt að segja. Einnig verður sífellt algengara að tónlist sé geymd á þessu formi. Þá eru nýjustu gsmsímarnir í dag með fullkomnum innbyggðum myndavélum. Viðskiptavinir geyma efni sitt sjálfir og er það misöruggt á hörðum diskum





Síminn býður nú upp á miðlæga gagnaþjónustu.

einkatölvunnar, minniskortum, á fyrirtækjadrifum, geisladiskum og í einhverjum mæli hjá erlendum gagnageymslum. Viðskiptavinir Símans hafa mikinn áhuga á að Síminn bjóði upp á slíkra geymslu samkvæmt nýlegri neyslukönnun sem Síminn hefur látið gera.

„Síminn hefur markað þá stefnu að bjóða heimilum landsmanna upp á stafræna tilveru sem felst m.a. í því að viðskiptavinir geta nýtt sér lausnir eins og Safnið í gegnum mismunandi viðmót eins og Internetið, sjónvarpið og farsímann, allt eftir þörfum hvers og eins. Eftir því sem viðskiptavinir nýta fleiri þjónustuþætti því sterkari verður upplifun þeirra á stafrænni tilveru,“ segir Eva.

# Börnin og netið

Sumir foreldrar eru hálfsmeykir við að hleypa börnum sínum á netið af ótta við hættur sem þar leynast. Aftur á móti er heilmargt sem netið hefur upp á að bjóða fyrir ung börn sem foreldrarnir geta leitt þau í gegnum. Vinalegar persónur eins og Mikki mús og íþróttaálfurinn bíða barnanna á netinu og geta veitt þeim jákvæða reynslu af netheimum, þar sem upplýsingar, fræðsla og leikur fer saman. Hér á eftir fer listi yfir áhugaverðar síður sem börn og fullorðnir geta skoðað saman og haft gaman af:

**www.nickjr.com**
Latabæ er að finna á þessari vefsíðu og börnunum boðið upp á að hoppa með Íþróttaálfinum, lita myndir af Sollu stirðu og spila tölvuleik með Gogga mega, svo eitthvað sé nefnt. Þar er einnig heilmikið af spennandi efni sem tengist ýmsum teiknimyndahetjum, eins og litamyndir, minnisleikir og margt fleira. Að auki er að finna svæði á síðunni sem er sérstaklega ætlað foreldrum, með fróðleik, upplýsingum og ábendingum um mataræði barna, uppeldisráðum og fleira.

**www.sesamestreet.org**
Margir þekkja Sesamestræti, þar sem Berti og Árni búa, Elmo og kökuskrímslið. Síðan er stútfull af skemmtilegu og fræðandi efni, en Sesamestræti er búið til af góðgerðarstofnun sem hefur það eitt að markmiði að búa til gott efni fyrir börn. Elmo er ein vinsælasta persónan á Sesamestræti og er sérstaklega skemmtilegur fyrir yngstu börnin sem hafa gaman af því að kitla hann eða skoða með honum slökkviliðsstöðina.

**www.skolavefurinn.is**
Á vefnum er að finna vandað efni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og fróðleiksfúst fólk á öllum aldri. Nær allir skólar á landinu eru áskrifendur að vefnum, en það er hægt að fá einstaklingsáskrift fyrir 1.290 krónur á mánuði. Efni vefsins er viðamikið og yfirgripsmikið. Sjón er sögu ríkari.





Fyrsta reynsla barna af netinu getur verið skemmtileg og fræðandi.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## tölvuleikir }



### BUZZ! THE BIG QUIZ

Format: PC/PS2/XBOX
Gerð: Spurningaleikur
Framleiðandi: Sony Computer
Aldursmerking 3+
Væntanlegur 23.mars 2006.

Buzz er mættur aftur í glænýjum spurningaleik þar sem ekkert er gefið eftir. Í leiknum eru 5000 spurningar um tónlist, kvikmyndir, fræga fólkið og ýmsan annan almennan fróðleik. Nú styðst Buzz við myndir, hljóð og myndbönd við spurningarnar, enda er hér allt lagt undir. Sem fyrr spila leikmenn með sérstökum stjórntækjum, „Buzzerum“, og geta nú allt að átta manns spilað í einu sem ætti að tryggja góða stemningu á öllum betri heimilum.


BlackBerry® frá Vodafone

Mobile Office FRÁ OG VODAFONE

# Alvöru ferðaskrifstofa

**BlackBerry® frá Vodafone** er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir **BlackBerry frá Vodafone** notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum, allt í rauntíma.

**Með BlackBerry frá Vodafone er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.**

» **BlackBerry frá Vodaone** er alltaf tengdur og tölvupóstur berst og er sendur samstundis
» Stór skjár sem hentar vel við að skoða viðhengi
» Aldrei þarf að uppfæra upplýsingar á milli farsímans og tölvunnar
» **BlackBerry frá Vodafone** uppfyllir ítrustu öryggisstaðla
» **BlackBerry frá Vodafone** er einstaklega vel hannaður fyrir kerfisumsjón

**BlackBerry frá Vodafone** er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



Vodafone Mobile Connect
Global Hotspots
Vodafone World

og vodafone
Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta** í síma 599 9500, **starfsfólk verslana Og Vodafone** og 1414.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 31065 01/2006

## tækið }



Nýjasta æðið í Ameríku er útvarp í gegnum gervihnött og hefur Pioneer kynnt til sögunnar nýtt tæki, Pioneer Inno, sem tekur á móti gervihnattaútvarpi og spilar MP3 og WAV skrár. Tækið er með innbyggðu flash minni svo hægt er að geyma allt að 50 klukkustundir af XM (gervihnattaútvarp) efni eða tónlist. Hægt er að merkja við lög sem notandinn vill hlaða niður af Napster auk þess sem Inno er með innbygðum FM-sendi svo hægt sé að hlusta á tónlistina til dæmis í FM útvarpstækinu í bílnum.

Áætlað er að Inno komi á markaðinn snemma á þessu ári og kosti um 400 dollara.

# Hljóðbækur á netinu



Á vefsíðunni www.audible.com er hægt að kaupa sér áskrift að ýmis konar hljóðbókum. Áskrift er allt niður í 10 dollara á ári og býðst fólki að hlaða niður hinum og þessum bókatitlum beint í tölvuna sína og hlusta á þær í MP3-spilara hvar og hvenær sem er. Ekki er þó nauðsynlegt að vera áskrifandi til að kaupa efni af síðunni. Flokkarnir eru af ýmsu tagi og úrvalið ansi mikið, og er til að mynda hægt að kaupa upplestur á ljóðum Shakespeare eða Narniubókum C.S. Lewis. Auk þess er hægt að kaupa sér hljóðbækur með tungumálakennsku, sjálfstyrkingu og mörgu fleira.



Að mörgu þarf að huga þegar fartölva er keypt. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Gátlisti fyrir fartölvukaup

Fólk sem er mikið á ferð og flugi þarf gjarnan á fartölvu að halda en stundum getur það verið þrautin þyngri að finna réttu tölvuna. Hér að neðan eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar fartölva er keypt.

**ÖRGJÖRVI** Miklu máli skiptir að vera með góðan örgjörva, því skaltu taka eftir því hvað örgjörvinn heitir og leita þér upplýsinga um hann á netinu. Intel-örgjörvar þykja góðir og ættu þeir ekki að vera minni en 1.5GHz í fartölvu.

**MINNI** Ekkert minna en 512MB minni ætti að koma til greina ef tölvan á að vera sæmilega hraðvirk.

**HARÐUR DISKUR** Harðir diskar eru tiltölulega ódýrir og þar ætti fólk ekki að spara við sig. Ekkert undir 30GB ætti að koma til greina.

**STÝRIKERFI** Ef Windows-stýrikerfi verður fyrir valinu er best að nota Windows XP Professional.

**NETTENGING** Gott er að hafa þráðlaust netkort í tölvunni, því víða hafa verið settir upp heitir reitir þar sem fólk getur komist inn á þráðlaust net. Einnig þarf að vera Ether-net-tengi á tölvunni og ef mikið er ferðast þar sem lítið annað er í boði en símalína er nauðsynlegt hafa módem í tölvunni.

**TRYGGING** Ekkki er svo dýrt að tryggja fartölvuna og getur borgað sig ef henni skyldi vera stolið, kaffi hellt yfir hana eða hún dettur í gólfið.

**ÞYNGD** Ef þú býst við því að þurfa að ferðast mikið með tölvuna þína skaltu leita að tölvu sem er lítil og létt. Og hafa skal í huga að því stærri sem skjárinn er, því meira pláss tekur tölvan og er þyngri.

**„DOCKING STATION“** Sumir tegundir fartölva bjóða upp á að hægt sé að setja þær í svokallaðar „docking station“ sem tengdar eru við skjá, mús og lyklaborð. Þægilegt getur verið að hafa slíkt tæki á heimilinu og í vinnunni, eða þar sem tölvan er mest notuð, því það getur verið vont fyrir líkamsstöðu fólks að nota einungis skjáinn og hnappaborðið á fartölvunni.

**SKJÁRINN** Hafa ber í huga að fá sér skjá sem hentar þörfum hvers og eins. Fáðu að skoða skjáinn með þeirri upplausn sem þú þarft að vinna við.



Með hörðum diski í dvd-spilaranum er hægt að setja beina útsendingu á pásu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Bein útsending sett á pásu

Harðir diskar í dvd-spilurum og öðrum tækjum bjóða upp á margvíslega upptökumöguleika.

Síðasta vígi myndbandstækisins er fallið nú þegar framleiddir hafa verið dvd-spilarar með upptökumöguleikum, sem var en ein helsta ástæða þess að fólk hélt dauðahaldi í gömlu myndbandstækin. Aðdáendur tækjanna, eða þeir sem búa yfir gríðarlegu VHS-safni, þurfa þó ekki að örvætna, því tækin eru enn í framleiðslu og ennþá fáanleg. Aftur á móti eru dvd-spilararnir, sem jafnframt eru brennarar, að vinna mikið á. Í þeim er stór harður diskur sem getur geymt gífurlegt magn af efni og eru hérlendis fáanlegir dvd-spilarar/brennarar með 80GB hörðum disk upp í 400GB. Verðið er frá 35.000 kr. og upp úr, en það er ekki ósvipað verð og var á fyrstu dvd-spilurunum. Þægindin við að hafa slíkt tæki til upptöku úr sjónvarpi eru ótvíræð. Fyrir það fyrsta eru tækin með svokallaðan buffer sem geymir sjálfkrafa nokkra klukkutíma aftur í tímann af því efni sem var horft á, án þess að stillt hafi verið á upptöku. Því er hægt að setja á pásu í miðjum fótboltaleik sem er í beinni, bregða sér á salernið, koma aftur og halda áfram þar sem frá var horfið. Auk þess er hægt að taka upp á einni rás á meðan horft er á aðra, og hægt að setja upp prógram þar sem upptaka fer í gang á sama tíma á hverjum degi, eða í hverri viku, til dæmis til að taka upp tiltekinn sjónvarpsþátt. Eftir að efnið hefur safnast upp er annaðhvort hægt að henda því út af harða disknum eða brenna það á dvd-disk. Þar að auki er hægt að velja um gæði upptökunnar hverju sinni, eða upplausnina öllu heldur. Hærri upplausn kallar þó á meira pláss. Flestir spilarar ganga við hvaða sjónvarpstæki sem er, en það þarf þó að skoða tengimöguleikana á hverju tæki fyrir sig, sérstaklega ef tengja á tækið við flatskjá.



Bill Gates fékk Justin Timberlake til að kynna Urge. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Urge til höfuðs iTunes

Ný tónlistargátt frá Microsoft með sérstakri áskriftarþjónustu mun fljótlega verða aðgengileg á netinu.

Í Las Vegas kynnti Bill Gates nýverið, með aðstoð popparans Justins Timberlake, nýja tónlistargátt á netinu sem kallast Urge og er í beinni samkeppni við iTunes. Urge sem fljótlega fer í loftið mun hýsa yfir um tvær milljónir laga sem hægt er að kaupa stök, eða sem hluta af „allt-það-sem-þú-getur-í-þiglátið“ áskriftarpakka, sem er möguleiki sem iTunes býður ekki upp á. Jafnframt verður þar að finna efni frá MTV, sem verður hvergi annars staðar í boði, en það mun þó ekki vera hægt að nota með iPod sem er langalgengasti mp3-spilarinnn. Af þeim sökum eru sumir svartsýnir á velgengni Urge, þar sem margir telja velgengni iTunes fyrst og fremst stafa af því að flestir nota iPod, en fólk kaupi ekki iPod vegna iTunes, heldur öfugt.

Bill Gates ef aftur á móti bjartsýnn og vonast til að auka áhrif Microsoft í tónlistariðnaðinum með þessu útspili, þar sem hann sér fyrir sér að í framtíðinni renni afþreying og skemmtun saman við önnur Microsoft-forrit, eins og Messenger, Word og Explorer.



Bill Gates kynnti nýja tónlistarþjónustu á dögunum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**Árni Sigtryggsson** **Guðbjörg Skúladóttir**
**Jón Björn Sigtryggsson** **Magdalena Sirrý Þórisdóttir**
**Hreiðar Sigtryggsson** **Salóme Anna Þórisdóttir**
**Katrín Sigtryggsdóttir** **Steingrímur Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn.**

ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON: HLÝTUR LJÓÐSTAFINN 2006

# Bókavörður líkt og Jón úr Vör

„Þetta er draumkennd mynd um ferðalag um nótt þar sem eitthvað „ég“ er á ferðinni, einhver ljóðrödd sem skoðar heiminn,“ segir Óskar Árni Óskarsson um ljóð sitt Í bláu myrkri sem hann sendi inn í ljóðasamkeppnina Ljóðstafinn sem haldin hefur verið árlega frá árinu 2002. Skemmst er frá að segja að ljóðið heillaði dómnefndina og Óskar hreppti að launum silfurbúna ljóðstaf Jóns úr Vör til varðveislu í eitt ár. Óskar hafði ekki sent ljóð í keppnina fyrr. „Þetta var vel auglýst og ég átti einhver ljóð í skúffunni og þótti þetta upplagt,“ segir Óskar hæverskur og bætir við að sér hafi komið það töluvert á óvart að sigra. „Ég er ánægður og glaður að fá staf Jóns úr Vör,“ segir Óskar sem byrjaði að skrifa ljóð á unglingsárum.

„Það kom algerlega af sjálfu sér, til dæmis við lestur bóka og þegar ég fór að kynnast atómskáldunum,“ segir Óskar sem eyddi mörgum stundum á Borgarbókasafninu sem ungur maður. „Ég var þó orðinn 36 ára þegar ég gaf út mína fyrstu ljóðabók sem þykir heldur seint fyrir ljóðskáld,“ segir Óskar sem hefur ritstörf og þýðingar að aðalstarfi. „Svo er ég líka bókavörður eins og Jón úr Vör,“ segir Óskar kíminn en hann starfar á Landsbókasafni.

Fyrir utan allt sem tengist bókum eru ferðalög mikil ástríða Óskars en hann ferðast mikið, mest innanlands og ekki síst um borgina. „Ég er ekki með bílpróf þannig að ég geng eða fer í strætó allar mínar leiðir. Það eru svona ferðir sem ég nota mikið í því sem ég skrifa,“ segir Óskar en gamli bærinn í Reykjavík á sérstakan sess í hjarta hans. Sérstaklega Austurbærinn þar sem hann býr og Þingholtin þar sem hann ólst upp. Þá er hann einnig afskaplega hrifinn af Vestfjörðum. „Þar er maður kominn í annan heim og það er svolítið eins og annað Ísland að koma þangað,“ segir Óskar sem finnst erfitt að útskýra hvað sé heillandi við að skrifa ljóð. „Það er einhvern veginn þannig að það er mjög gefandi að þegar maður hefur klárað eitthvað og gert það sæmilega. Það er það sem drífur mann áfram,“ segir Óskar Árni og bætir glettinn við að það geti auðvitað gengið bölvanlega á stundum.



**EKKI MEÐ BÍLPRÓF** Óskar Árni fer allar sínar leiðir gangandi eða í strætó. Hann fær oft hugmyndir að ljóðum og sögum á ferð sinni um Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Viggósdóttir**

Sóltúni 2, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 19. janúar sl., verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 11.00.

**Viggó Vilbogason** **Sesselja Gísladóttir**
**María Vilbogadóttir** **Einar Kr. Friðriksson**
**Jóhann Vilbogason** **Þórdís Gunnarsdóttir**
**Guðlaug Vilbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI
frá **kr. 27.000** með uppsetningu og áletrun - takmarkað magn.
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

## ANDLÁT

**Sesselja Olgeirsdóttir**, Hlíf 1, Ísafirði, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði laugardaginn 21. janúar.

**Aðalbjörg Aðalsteinsdóttir**, frá Þingeyri, andaðist á Hrafnistu Reykjavík sunnudaginn 22. janúar.

**Guðjón Þorsteinsson**, Litlu-Hólum, Mýrdal, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 22. janúar.

**Halldór Gunnarsson**, Þverholtum, Mýrum, lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 22. janúar.

**Örn Þór** hæstaréttarlögmaður lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 22. janúar.

**Hjörtur Friðberg Jónsson**, Fornastekk 1, Reykjavík, fyrrverandi fulltrúi hjá Vegagerð ríkisins, lést mánudaginn 23. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Ólöf Bjartmarsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Þórunn Þorvarðardóttir**, áður til heimilis á Kleppsvegi 120, Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 **Karl Ingimarsson**, Engihjalla 19, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI



**Gísli Einarsson** fréttamaður er 39 ára.



**Bjarni Benediktsson** alþingismaður er 36 ára.



**Ingibjörg Lárusdóttir** flugfreyja og leikkona er 36 ára.



**Sólveig Arnarsdóttir** leikkona er 33 ára.

# Verðhrun!

# á bókum

**Fyrstur kemur fyrstur fær**

## 47-84% afsláttur




47%* afsláttur

2,490 kr. ~~4,690~~ kr.




58%* afsláttur

1,990 kr. ~~4,690~~ kr.




58%* afsláttur

2,490 kr. ~~5,990~~ kr.




50%* afsláttur

990 kr. ~~1,990~~ kr.




50%* afsláttur

249 kr. ~~499~~ kr.




58%* afsláttur

1,990 kr. ~~4,690~~ kr.




57%* afsláttur

1,990 kr. ~~4,680~~ kr.




84%* afsláttur

490 kr. ~~2,980~~ kr.




50%* afsláttur

2,490 kr. ~~4,990~~ kr.




51%* afsláttur

490 kr. ~~990~~ kr.

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*










## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 4 | 9 | 6 |
| 8 | 5 | 1 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 |
| 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 5 | 1 |
| 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 2 | 5 | 6 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | 6 | 1 | | 5 |
| | | | | | | | 7 | |
| | | | | | 2 | 6 | | 4 |
| 4 | | | | 7 | | 8 | | |
| | 1 | 8 | 2 | | 3 | 5 | 9 | |
| | | 3 | | 1 | | | | 2 |
| 2 | | 4 | 1 | | | | | |
| | 9 | | | | | | | |
| 6 | | 5 | 3 | | 9 | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ SECURITAS

# STUÐ MILLI STRÍÐA Opin vinnusvæði

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** FORÐAST LANDAMÆRADEILUR



Eins og svo margir aðrir þá vinn ég á opnum vinnustað. Slíkt fyrirkomulag hefur sína kosti. Allan daginn er maður umkringdur samstarfsmönnum sínum og getur deilt með þeim bröndurum og vinnupirringi svo manni líði betur í vinnunni og skemmti sér á kaupi. Til dæmis þá situr á móti mér kona sem syngur daginn út og inn og oftar en ekki tekur restin af skrifborðseyjunni undir í kröftugum söng. Og er það alltaf ákaflega skemmtileg stund.

En ókostirnir eru að á annasömum dögum þarf maður að hlusta á lætin og stressið í öllum í kringum sig. Mest þreytandi er að þurfa að hlusta á fjölbreyttar farsímahringingar daginn út og inn. Digital-útgáfur af fallegum sinfóníum Mozarts, óræðan hávaða af samsettum klingjum og blíbbum og þar fram eftir götunum. Verst af öllu er þó þegar vinnufélagi á nálægri eyju velur símhringingu sem nístir gegnum merg og bein sökum þess hversu leiðinleg hún er. Sem ég er að upplifa núna.

Mér finnst það ætti að vera réttur starfsmanna á opnum vinnustað að geta safnað undirskriftum fyrir því að fólk í nágrenni þeirra láti af ákveðinni hegðun. Fái pirraði starfsmaðurinn meira en helming samtarfsmannanna til að skrifa undir ber þeim starfsmanni sem pirringnum veldur að skipta um símhringingu hið snarasta, taka til á borðinu sínu, hætta að smjatta eða hvað það er sem undirskriftasöfnunin miðast að.

Ég hafði hugsað mér að standa í slíkri söfnun gagnvart þessari farsímahringingu en grunar að geri ég það muni ég stofna til landamæradeilna milli þessara tveggja skrifborðseyja, og jafnvel að símaeigandinn banni minni eyju í framhaldi að bresta í söng. Það vil ég alls ekki og því verð ég að þrauka. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Þú og þa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Anv. före/käyt. ennen:
50 g
Voltaren® Emulgel® 11,6 mg/g
Geeli/Gel
Nyrjähdyksistä, venähdyksistä, urheiluvammoista tai liikarasituksesta
johtuvan lihas- ja nivelkivun paikallishoitoon.
Diclofenac. diethylamin.
Vid lokal behandling av muskel- och ledvärk
förorsakade av stukningar, försträckningar,
idrottsskador eller av överansträngning.
Fæst án lyfseðils
Við vöðva- og liðverkjum
ARNARSON.TK · EMU-002-230305
VoltarenEmulgel®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g
Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Fiton/SÍA

Starfsfólk **VBS fjárfestingarbanka** er stolt af því að bjóða viðskiptavinum sínum faglega ráðgjöf og þjónustu með vandvirkni og metnað að leiðarljósi.

Verðbréfastofan tók til starfa sem löggilt verðbréfafyrirtæki í nóvember 1996. Allt frá þeim tíma hefur starfsemin aukist jafnt og þétt og í byrjun desember 2005 hlaut Verðbréfastofan starfsleyfi sem lánafyrirtæki og tók upp nafnið VBS fjárfestingarbanki hf.

Sérstaða VBS fjárfestingarbanka hefur ávallt legið í sjálfstæði hans og hagsmunir viðskiptavinarins eru ætíð í fyrirrúmi. Hluthafar VBS fjárfestingarbanka eru fjölmargir, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki og VBS þjónar ekki hagsmunum einstakra hópa umfram aðra. VBS fjárfestingarbanki veitir því trausta og óháða fjármálaþjónustu.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 570 1200
Fax: 570 1209
www.vbs.is
vbs@vbs.is



# Alvöru harka

Birkið er meðal örfárra trjátegunda sem lifði af síðustu ísöld. Þetta er harðger tegund, fljót að hasla sér völl og dreifir sér hratt. Hún er undirstaða fjölskrúðugs dýralífs á stórum svæðum og til margra hluta nytsamleg. Greinar og stofn eru sterk og sveigjanleg, og birkibörkur var notaður í skjólfatnað og ílát. Birkigreinar þóttu gæfumerki til forna og meðal Kelta var hjónaband álitið taka gildi um leið og brúðhjón stukku saman yfir birkistaf.

Við viljum vera eins og birkið. Við viljum vera harðger, sveigjanleg og sterk, og hasla okkur völl hratt þegar tækifærin gefast. Við viljum vanda til verka og vaka yfir fjármunum traustra viðskiptavina. Og við viljum færa gæfu.

VBS
FJÁRFESTINGARBANKI

**Kl. 17.00**
*Í Norræna húsinu verður opnuð farandsýningin Norrænar myndabækur leggjast í landaflakk. Á þessari sýningu má sjá úrval nýlegra myndskreyttra barnabóka frá sex Norðurlöndum. Tvær bækur frá hverju landi eru kynntar með veggspjöldum og upplýsingum um höfund og myndskreytara. Frá Íslandi eru bækurnar Eggið eftir* ***Áslaugu Jónsdóttur****, rithöfund og myndskreytara, og Jóladýrin eftir* ***Gerði Kristnýju*** *sem* ***Brian Pilkinton*** *myndskreytti.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Óperublaðið á vefinn

Óperublaðið er komið út á Óperuvefnum, www.opera.is. Þar er fjallað ítarlega um Öskubusku, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni 5. febrúar næstkomandi. Einnig er fjallað um aðra starfsemi óperunnar og Vinafélags Íslensku óperunnar.

Íslenska óperan gefur reglulega út Óperublaðið, sem að þessu sinni er jafnframt leikskrá fyrir sýningar á Öskubusku. Félagsmenn í Vinafélaginu fá það sent í pósti, en á vefnum er að finna allt efni prentaðrar útgáfu blaðsins.


SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR

Meðal efnis í Óperublaðinu á Óperuvefnum er viðtal við söngvarana Sesselju Kristjánsdóttur, Garðar Thór Cortes, Bergþór Pálsson og Davíð Ólafsson, sem öll fara með stór hlutverk í Öskubusku. Þar er einnig grein eftir Gunnstein Ólafsson um hvernig þeir Rossini og Ferretti sömdu óperuna um Öskubusku á mettíma suður í Róm um jól 1816 og á fyrstu vikum ársins 1817.

Magnús Lyngdal Magnússon skrifar grein um hljóðritanir á Öskubusku og mælir með þeim þremur sem honum finnst allra bestar. Þá er í blaðinu viðtal við Sigrúnu Hjálmtýsdóttur söngkonu, sem jafnframt situr í stjórn Menningarsjóðs Íslandsbanka, um þátttöku sjóðsins í Óperustúdíói Íslensku óperunnar.

Andrea Gylfadóttir fer með hlutverk mannætuplöntunnar í Litlu hryllingsbúðinni, sem Leikfélag Akureyrar og Íslenska óperan sýna norðan og sunnan heiða í vor og af því tilefni birtist viðtal við hana.

## > Ekki missa af ...

... aukasýningu á **Hinni endanlegu hamingju** eftir **Lárus Húnfjörð**, sem Leikfélag Hafnarfjarðar verður með á sunnudagskvöld í gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði.

... fyrirlestri **Halldórs Guðmundssonar** um „Halldór og hommana" í Odda í hádeginu á morgun í nýrri fyrirlestraröð Samtakanna 78. Halldór fjallar um kynni **Halldórs Laxness** af hommum á þriðja áratugnum.

... uppfærslu nemenda Söngskólans í Reykjavík á **Töfraflautu Mozarts**, sem frumsýnd verður í Iðnó annað kvöld.


**VITELLIA OG SEXTUS** Söngkonurnar Danielle Halbwachs og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir ásamt Rumon Gamba stjórnanda á æfingu með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Næst síðasta ópera Mozarts

**Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur upp á 250 ára afmæli Mozarts með því að flytja næst síðustu óperu snillingsins, Mildi Títusar, á tónleikum í Háskólabíói í kvöld. Gunnar Guðbjörnsson fer með hlutverk hins keisarans, sem eftir mikil innri átök ákveður að sýna miskunnsemi.**

Mozart samdi óperuna Mildi Títusar, eða La Clemenza di Tito, haustið 1791 þegar hann var önnum kafinn við að ljúka við Töfraflautuna og átti einungis örfáa mánuði ólifaða. Þótt söguefni Títusar sé öllu alvarlegra finnst mörgum hlustendum þeir heyra óminn af Töfraflautunni víða í Títusi.

Mildi Títusar var frumflutt í Prag 6. september árið 1791, aðeins tæpum mánuði áður en Töfraflautan var frumsýnd í Vínarborg. Tilefnið var krýning Leopolds II. keisara af Bæheimi.

Mildi Títusar hefur ekki verið flutt áður á Íslandi. Reyndar er hún ekki oft flutt yfirhöfuð og Gunnar Guðbjörnsson telur það ekki síst stafa af því að Mozart hafði aldrei samið neina talsöngskafla fyrir óperuna.

„Stundum hafa nútímaleg tónskáld verið fengin til þess að skrifa ný resitatív, en það hefur mælst misjafnlega vel fyrir."

Í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar í kvöld verður eingöngu flutt sú tónlist sem Mozart skrifaði, en texti talsöngsins einungis lesinn til þess að fólk haldi söguþræðinum.

„Þá sleppur fólk við það sem óperugestir hafa stundum þurft að sitja undir," segir Gunnar og er þess fullviss að þetta sé skásti kosturinn í stöðunni. „Annars er þetta er gríðarlega flott músík. Þetta er með því síðasta sem hann skrifar og þótt þetta verk sé dæmigerður Mozart þá finnur maður greinilega hvað tónlistin hans hefur þróast mikið frá fyrstu óperunum," segir Gunnar og veltir því fyrir sér hve mikils heimurinn hefur farið á mis vegna þess hve Mozart dó ungur.

„Við getum ekki ímyndað okkur hvernig þessi þróun hefði haldið áfram, en þetta er eins og með Bach. Hefði hann dáið þrítugur hefði vissulega legið eftir hann heilmikið af frábærri músík, en þá átti hann líka eftir að semja ósköpin öll af stórum verkum."

Auk Gunnars, sem fer með hlutverk Títusar, syngja þau Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Rannveig Fríða Bragadóttir, Hallveig Rúnarsdóttir og Davíð Ólafsson í sýningunni, en þau eru öll í hópi okkar glæsilegustu söngvara. Einnig tekur söngkonan Danielle Halbwachs þátt í flutningi verksins sem verður undir stjórn aðalhljómsveitarstjórans Rumons Gamba. Sönghópurinn góðkunni Hljómeyki tekur einnig þátt í flutninginum.

Sagan gerist í Rómaveldi til forna, og fjallar um ástir, svik og hefndir. Títus keisari hyggst kvænast dóttur Júdeukonungs, en Vitellía hyggst ná fram hefndum fyrir föður sinn, fyrrum keisara, og leggur á ráðin um að myrða Títus. Hún fær vin keisarans, Sextus, sem er yfir sig ástfanginn af Vitellíu, til að taka voðaverkið að sér. Hann kveikir í ráðhúsinu og um stund lítur út fyrir að Títus hafi látið lífið. Hann lifir tilræðið hins vegar af og Sextus tekur á sig allar sakir. En Títus getur ekki fengið sig til að dæma vin sinn til dauða, og að lokum gefur hann bæði Vitellíu og Sextusi upp allar sakir. ■


**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON** Sér um tónleikakynningu Vinafélags Sinfóníunnar á Hótel Sögu FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Árni Heimir kynnir Títus

Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjallar um óperuna Mildi Títusar eftir Mozart á tónleikakynningu, sem haldin er á vegum Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Sunnusal Hótels Sögu klukkan 18 í dag, stuttu áður en óperan verður flutt í Háskólabíói um kvöldið. Þarna gefst tvímælalaust gott tækifæri til að búa sig undir 250 ára afmælisdag Mozarts, sem verður á morgun, með því að hlýða á þessa stórkostlegu óperu og kynningu Árna Heimis á henni.

Samverustundir Vinafélags Sinfóníunnar hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár, enda eru þær frábær undirbúningur fyrir sinfóníutónleika. Tónleikakynningin á fimmtudaginn er sú fyrsta af fimm á vormisseri Vinafélagsins. Aðgangseyrir er kr. 1200 og er súpa, brauð og kaffi innifalið. Allir eru velkomnir, en áhugasamir eru beðnir um að skrá sig með því að senda tölvubréf á netfangið vinafelag@sinfonia.is eða hringja í síma 545 2500. ■


# Úr leikskóla í grunnskóla - brúum bilið

Opinn fundur menntaráðs um samstarf leik- og grunnskóla í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 26. janúar kl. 17–19

- **Skil leik- og grunnskóla**
  Hrönn Pálmadóttir, lektor við KHÍ
- **Vísindaleikir í leikskóla**
  Leikskólakennarar í Hamraborg
- **Hvernig nýtast upplýsingar leikskólans?**
  Guðríður Pétursdóttir, kennari í Ölduselsskóla
- **Fyrirspurnir og almennar umræður**
- **Fundarstjóri**
  Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Menntasvið Reykjavíkurborgar Fríkirkjuvegi 1 Sími 411 7000 www.menntasvid.is menntasvid@menntasvid.is


## NÝJAR BÆKUR




Ný bók eftir Boris Akúnín um Fandorin ríkisráð er komin út í kilju í þýðingu Árna Bergmann. Bókin heitir Levíatan - Morðingi um borð, og segir þar frá ævintýrum um borð í farþegaskipinu Levíatan. Útgefandi er Mál og menning. Þetta er fimmta bókin um Fandorin ríkisráð sem kemur út á íslensku en þær fyrri eru Ríkisráðið, Krýningarhátíðin, Vetrardrottningin og Tyrknesk refskák.




Hjá Máli og menningu er komin út í kilju ein frægasta ástarsaga heimsbókmenntanna, Hroki og hleypidómar eftir bresku skáldkonuna Jane Austen í þýðingu Silju Aðalsteinsdóttur. Hroki og hleypidómar Jane Austen kom fyrst út árið 1813 og er allt í senn; fjörug, fyndin og ögrandi. Silja Aðalsteinsdóttir skrifar eftirmála um Jane Austen og umhverfi sögunnar.

# LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is



## BANDAMAÐUR ÞINN GEGN KVEFI

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 31001 01/2006

## STREPSILS

- Hefur staðbundna verkun við meðferð á vægum sýkingum í munni og hálsi, t.d. kokbólgu, tannholdsbólgu og munnbólgu
- Fæst án lyfseðils
- Fjórar bragðtegundir: Ávaxtabragð, sítrónu- og hunangsbragð, sítrónu- og jurtabragð og mentholbragð
- Strepsils með sítrónu- og jurtabragði er sykurlaust




frá 458 kr.

## OTRIVIN

Nefúði án rotvarnarefna. Notast við bólgu og aukinni slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Einnig við miðeyrabólgu.




frá 399 kr.

Nefúði 1,0 mg/ml fyrir 7 ára og eldri

Nefúði 0,5 mg/ml fyrir börn 2-6 ára

## PANODIL HOT 500 mg

- 10 skammtar
- Verkjastillandi
- Hitalækkandi




489 kr.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

# Mozart á Kjarvalsstöðum

**Undanfarin ár hefur hópur tónlistarmanna haldið þeirri hefð að efna til tónleika á Kjarvalsstöðum á fæðingardegi Mozarts. Á morgun, þegar 250 ár verða liðin frá fæðingu tónskáldsins, verða þeir á sínum stað með úrval af tónlist Mozarts.**



**MOZART Á KJARVALSSTÖÐUM** Beth Levine píanóleikari og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari einbeittar á svip. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Ég held að rondóið í a-moll hafi verið fyrsta verkið sem Mozart samdi eftir að hann fékk þær fréttir að faðir hans væri að deyja,“ segir bandaríski píanóleikarinn Beth Levine, sem er kominn til landsins til þess að taka þátt í þessum afmælistónleikum á Kjarvalsstöðum.

Hún ætlar að leika rondó í a-moll, verk sem Mozart samdi í Vínarborg árið 1787. Venjulega eru rondóin eftir Mozart frekar létt og lífleg tónlist, en yfir þessu verki hvílir ákveðinn drungi sem ef til vill skýrist af þessum kringumstæðum, að faðir hans lá fyrir dauðanum.

„Þetta er samt afar fallegt verk og mjög fjölbreytilegt. Það er svo mikið að gerast og hann kemur alltaf aftur að meginstefinu með algerlega nýjum hætti.“

Levin leikur einnig sónötu fyrir píanó og fiðlu í a-dúr ásamt Laufeyju Sigurðardóttur fiðluleikara, og einnig tríó fyrir píanó, fiðlu og selló ásamt Laufeyju og Richard Talkovsky sellóleikara. Það er fiðluleikarinn Laufey sem jafnan hefur verið í forystu um hina árlegu Mozart-tónleika á Kjarvalsstöðum.

Beth Levin þekkir Laufeyju frá því þær voru báðar við nám í Boston í Bandaríkjunum. Hún hefur komið hingað nokkrum sinnum áður til að leika á tónleikum og segist hafa orðið afskaplega ánægð þegar Laufey bað hana um að koma enn á ný til þess að leika Mozart á þessum merkisdegi.

„En svo kemur það óvenjulegasta,“ segir Laufey, „þegar níu karlar úr Kammerkór Langholtskirkju koma til okkar og flytja frímúraralög eftir Mozart, sem aldrei eru flutt utan reglunnar. Þessi lög eru flutt við upphaf frímúrarafundar og við lok frímúrarafundar.“

Gunnar Guðbjörnsson tenór syngur einsöng í þessum lögum, en það er Jón Stefánsson organisti sem stjórnar þessum níu manna karlakór.

Tónleikarnir á Kjarvalsstöðum hefjast klukkan 20 annað kvöld. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

23 24 25 **26** 27 28 29

### Fimmtudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur næstsíðustu óperu Mozarts, **Mildi Títusar**, á fyrstu Mozart-tónleikum starfsársins í Háskólabíói. Einsöngvarar eru **Gunnar Guðbjörnsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Rannveig Fríða Bragadóttir, Hallveig Rúnarsdóttir, Davíð Ólafsson** og **Danielle Halbwachs**. Stjórnandi er Rumon Gamba og einnig tekur sönghópurinn Hljómeyki þátt í flutningnum.

☐ 20.00 Hljómsveitirnar **We made god, Andrúm, Pan** og **Evoked** troða upp á fimmtudagsforleik í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5. Gengið er inn í kjallarann Austurstrætismegin.

#### OPNANIR

☐ 17.00 Í Norræna húsinu verður opnuð farandsýning á norrænum myndabókum.

#### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Dúettinn **Ferdinand** spilar á Hressingarskálanum.

☐ **Tangueray-bandið** spilar á Café Oliver eins og jafnan á fimmtudögum.

#### FYRIRLESTRAR

☐ 12.20 **Vala Friðriksdóttir** ónæmisfræðingur fjallar um garnaveikibakteríuna og hvort hún tengist Crohn's sjúkdómi í fræðsluerindi, sem hún flytur í bókasafni Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum.


ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
AÐEINS SÝND Í FEBRÚAR OG MARS
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

THULE
TYPPATAL MEÐ AUDDA
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS
Sýnt á NASA við Austurvöll
Fimmtudagur 26. janúar - Örfá sæti
Föstudagur 27. janúar - Örfá sæti
Laugardagur 28. janúar - Örfá sæti
Fimmtudagur 2. febrúar - Laus sæti
Föstudagur 3. febrúar - Laus sæti
Laugardagur 4. febrúar - Laus sæti
Fimmtudagur 9. febrúar - Laus sæti
Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30
Miðasala í verslunum Skífunnar, www.midi.is og í síma: 575 1550

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen | Salka Valka | Belgíska Kongó | WOYZECK
Stóra svið
SALKA VALKA
Í kvöld kl. 20 Fi 2/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fi 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
WOYZECK
Su 29/1 kl. 20 UPPSELT! AUKASÝNINGAR
Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20
Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU
Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS.
AUKASÝNING Su 5/2 Kl. 17.
CARMEN
Fö 27/1 kl. 20 Græn kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20
Lau 4/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT
Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT
Nýja svið/Litla svið
MANNTAFL
Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 25/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20
BELGÍSKA KONGÓ
Lau 28/1 kl. 20 UPPS. Su 29/1 kl. 20 UPPS.
Mi 1/2 kl 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS.
Su 5/2 kl. 20 Fi 9/2 kl. 20
Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Í kvöld kl. 20 Fö 27/1 kl. 20
Fi 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20
NAGLINN
Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20
Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20
Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 27/1 örfá sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 nokkur sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 nokkur sæti laus, lau. 18/2 nokkur sæti laus.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 29/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fös. 27/1 uppselt, lau. 28/1 uppselt, sun. 29/1 uppselt, þri. 31/1 uppselt, mið. 1/2 uppselt, fim. 2/2 uppselt, fös. 3/2 uppselt, lau. 4/2 kl. 16:00 örfá sæti laus og kl. 20:00 uppselt, sun. 5/2 uppselt, þri. 7/2 uppselt, mið. 8/2 uppselt, fim. 9/2 uppselt, fös. 10/2 uppselt, lau. 11/2 uppselt, sun. 12/2 uppselt.
Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil. Þri. 14/2 uppselt, mið. 15/2 uppselt, fös. 17/2, lau. 18/2, sun 19/2, mið. 22/2 uppselt, fös. 24/2 örfá sæti laus, lau. 25/2 uppselt, sun. 26/2.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 29/1 kl. 18:00 uppselt, sun. 5/2 kl. 18:00 uppselt, sun. 12/2 kl. 18:00 uppselt.
Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlestrum.
Sun 19/2 kl. 18:00, sun. 26/2 kl. 18:00. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Le'Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Lau. 28. Jan. kl.20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20
eftir Jón Atla Jónasson
Sun . 22. Jan. kl 19.57
Fös. 27. Jan. kl. 19.57
Sun. 29. Jan. kl. 19.57
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*
EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Mið. 25. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
10 ÁRA HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
28. jan. Uppselt
4. feb. Nokkur borð laus
18. feb. Laus boð
25. feb.
4. mars.
17. mars.
25. mars.
Aðeins þessar sýningar
Gjafakort á Nínu og Geira fást í miðasölunni
sena BROADWAY ☎ 5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddir miðar seldir hálfummánuði fyrir viðburð.

Sýnt á Nýja Sviði Borgarleikhússins
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fimmtud. 26. jan. kl. 20
Föstud. 27. jan. kl. 20
Fimmtud. 2. feb. kl. 20
Sunnud. 12. feb. kl. 20
„Fimm stjörnur af fimm.“
Valgeir Skagfjörð, Fbl.
„Fullt hús hjá Steypibaðsfélaginu Stút.“
Þorgeir Tryggvason, Mbl.
Miðasala í síma 568 8000 og á www.midi.is

# Myndir úr tístudýrasafni

Á kaffi Mokka við Skólavörðustíg stendur nú yfir sýning á stúdíóljósmyndum af tístudýrum úr tístudýrasafni Lindar Völundardóttur. Lind hefur safnað þessum tístudýrum á undanförnum tíu árum og sýnir nú myndir af nokkrum þeirra.

Lind notar gjarnan ljósmyndir sem miðil, og svo er einnig á þessari sýningu á Mokka. Oftast tekur hún myndirnar sjálf en myndirnar á sýningunni á Mokka eru teknar í stúdíói af hollenskum ljósmyndara, Pieter Lemmens.

Lind útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1994 og lauk meistaraprófi í myndlist frá St. Joost í Hollandi árið 1997. Hún hefur búið og starfað í Hollandi síðan 1995 og haldið samsýningar og einkasýningar bæði hér heima og erlendis.

Undanfarin ár hefur Lind unnið við Het Nederlands Dans Theater, eitt merkasta listdanshús Hollands, þar sem hún sér um litun búninga.

Á síðastliðnu ári opnaði hún einnig ásamt sjö öðrum listamönnum og hönnuðum gallerí Zoet í miðborg Den Haag þar sem fatahönnun hennar er til sýnis og sölu. ■



# Framhald sigurgöngu

Sigurganga Tíma nornarinnar á erlendum vettvangi heldur áfram. JPV útgáfa hefur gengið frá samningi um ítalskan útgáfurétt á Tíma nornarinnar eftir Árna Þórarinsson en í desember var erlendur útgáfuréttur á henni seldur til allra Norðurlandanna og Þýskalands fyrir hærri fjárhæðir en dæmi eru um að greiddar séu fyrir útgáfu á íslenskum bókum erlendis.




Tími nornarinnar hlaut afbragðs móttökur lesenda og gagnrýnenda fyrir jól og varð ein af söluhæstu bókum ársins og er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Nokkrir ítalskir útgefendur vildu tryggja sér útgáfuréttinn en eftir strangar samningaviðræður samdi JPV útgáfa við Gruppo editoriale Mauri Spagnol um réttinn fyrir umtalsverða fyrirframgreiðslu, væntanlega þá hæstu sem greidd hefur verið fyrir íslenska bók á Ítalíu.

JPV útgáfa vinnur að sölu útgáfuréttar á Tíma nornarinnar í fjölmörgum öðrum löndum um þessar mundir. ■



# Eldhúsið slær í gegn

Eldhús eftir máli hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá leikhúsgestum í Þjóðleikhúsinu. Nú þegar er uppselt á 20 sýningar og vegna þessarar miklu aðsóknar hefur sýningatímabilið verið framlengt til loka febrúar.

Svava Jakobsdóttir hafði með skáldsögum sínum, smásögum og leikritum mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á ofanverðri tuttugustu öld, en með verkum sínum miðlaði hún meðal annars skarpri sýn á stöðu konunnar í samfélaginu.

Með sýningunni Eldhús eftir máli heiðrar Þjóðleikhúsið minningu Svövu. Hún hefði orðið 75 ára í ár, en lést árið 2004.

Í tengslum við sýningu stendur Þjóðleikhúsið fyrir Sunnudagskvöldum með Svövu þar sem boðið er upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýningu og umræður. Þessi kvöld eru í samvinnu við Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í kvenna- og kynjafræðum. Strax varð uppselt á þau fimm kvöld sem fyrirhuguð voru og því hefur verið bætt við tveimur kvöldum; 19. febrúar verður Soffía Auður Birgisdóttir með fyrirlestur og 26. febrúar er röðin komin að Dagnýju Kristjánsdóttur.

Leikarar í Eldhúsi eftir máli eru Aino Freyja Järvelä, Kjartan Guðjónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, María Pálsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Þórunn Lárusdóttir. Þess má til gamans geta að frjósemin er mikil í leikhúsinu um þessar mundir því tvær leikkonur í sýningunni eiga von á barni, þær Aino Freyja og Þórunn. ■

## SAMKOMUR

☐ **18.00** Á fundi Vínafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Sunnusal Hótels Sögu fjallar **Árni Heimir Ingólfsson** tónlistarfræðingur um óperuna Mildi Títusar eftir Mozart, sem verður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar seinna um kvöldið.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

LeikHöllin
Leikur og List
Listanámskeið
3 ára - 9 ára
S:517-7900
www.leikhollin.is

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
CAFÉ ROSENBERG
Fimmtudagur:
ANDREA GYLFA og félagar blúsa
Föstudagur:
Trúbadorinn HELGI VALUR
kynnir nýtt efni
Laugardagur:
Stórhljómsveitin
SOUTH RIVER BAND
PRAVDA
Föstudagskvöld: HÁSKÓLAPARTÍ
Laugardagskvöld: DISKÓKVÖLD
með DJ Jóni Gesti og DJ Magga
MEIRA UM DJAMMIÐ Á
Heineken.is

Má bjóða þér í bíó?
Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um Snilldarkort SPRON fyrir 6. febrúar 2006 og þú færð 2 miða á myndina **Fun with Dick and Jane.**
Leynist Jim Carrey í þér?
Allar stelpur og strákar sem eiga Snilldarkort geta sent inn grettumynd af sjálfum sér á snilld.is og átt möguleika á að vinna árskort í bíó.




Frumsýnd 27. janúar
Jim Carrey



*Listen Vic, I don‘t mind what you do, but don‘t try to fuck me in my father‘s office, I don‘t think of you that way. I like you a lot man, but I don‘t think of you that way.*

Nice Guy Eddie og Mr. Blonde eiga í sérstöku vinasambandi og rifja það upp þegar þeir hittast aftur í tímalausri snilld Quentin Tarantino, Reservoir Dogs.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Gúmmífésið sem gat leikið

Jim Carrey er hálf undarlegt fyrirbæri, ef fyrirbæri skyldi kalla. Á örskömmum tíma varð hann einhver allra stærsta stjarnan sem Hollywood hafði séð í langan tíma. Myndir hans möluðu gull í miðasölu og andlit leikarans var út um allt. Á síðustu árum hefur grettunum fækkað og leikaranum hefur jafnvel tekist að fá hörðustu gagnrýnendur til að taka sig alvarlega sem leikara.

Carrey reyndi ungur að koma sér á framfæri og kom meðal annars fram hjá Johnny Carson og David Letterman. Hann var með uppistand hjá Comic Relief en hugurinn stefndi alltaf að kvikmyndaleik. Það var ekki fyrr en Carrey kom því til leiðar að gerð yrði mynd eftir handriti sem hann hafði skrifað um gæludýraspæjarann Ace Ventura. Hún sló í gegn svo um munaði og í kjölfarið fylgdu myndir sem voru hver annarri geggjaðri en dollararnir glumdu í kassanum.

Árið 1998 sýndi gúmífésið á sér nýja hlið þegar hann tók að sér hlutverk Truman í kvikmynd Peter Weir The Truman Show. Árið eftir lék hann Andy Kaufmann og hreppti Golden Globe verðlaunin í fyrir frammistöðu sína. Þá er skemmst að minnast stórkostlegs leiks hans í Eternal Sunshine of a Spotless Mind. Framundan hjá honum er myndin The Number 23 sem leikstýrð er af Joel Joel Schumacher en þar mun Carrey enn og aftur sýna á sér nýja hlið.



**JIM CARREY** Þeir voru margir sem efuðust um eiginlega hæfileika hans á leiksviðinu og töldu að hann gæti bara grett sig á hundrað vegu. FRÉTTABLAÐIÐ / REUTERS

### > Ekki missa af ...

Franskri kvikmyndahátíð sem nú stendur yfir í Háskólabíói. Það fer hver að verða síðastur til að sjá vandaðar franskar kvikmyndir en hátíðinni lýkur 30. janúar. Það er allaf gott að taka sér smá frí frá öllum bandarísku kvikmyndunum sem eru yfirleitt fyrirferðamestar í kvikmyndahúsunum. Franskar myndir þykja með þeim bestu í heiminum en áhugamenn skyldu þó vanda valið því þó myndin komi frá Evrópu er ekki sjálfgefið að hún sé góð.






**DICK HARPER** Verður óvænt aðstoðarforstjóri í stóru fyrirtæki en það fer daginn eftir á hausinn og hann skilinn eftir í súpunni.

## Draumurinn sem rættist – næstum því

Kvikmyndin Fun with Dick & Jane er endurgerð á samnefndri mynd frá árinu 1977 þar sem Jane Fonda og George Segal voru aðalhlutverkum. Að þessu sinni eru það Jim Carrey og Téa Leoni sem leika ógæfuhjónin Dick og Jane Harper. Carrey er gullkálfurinn í Hollywood þó einhverjum þykir aðeins hafa fjarað undan honum. Miklar væntingar voru bundnar við Téa Leoni í Hollywood á sínum tíma og lék hún meðal annars aðalhlutverkið í heimsendamyndinni Deep Impact. Það hefur þó minnna farið fyrir henni en vonir stóðu til en hún hefur unnið sér það helst til frægðar að vera eiginkona Davids Duchovny.

Dick Harper hefur lagt sig allan fram í vinnu sinni og virðist loksins vera uppskera laun erfiða sinna. Hann er gerður að aðstoðarforseta Globodyne sem er stórt fyrirtæki á fjölmiðlamarkaðinum. Lífið virðist því leika við hann og eiginkonu hans Jane sem loksins sjá drauma sína rætast. Adam er þó ekki lengi í paradís því eftir nákvæmlega einn dag í starfi fer fyrirtækið á hausinn og Dick neyðist til að taka á sig alla sökina. Vegna þess hversu skjótt þetta gjaldþrot ber að garði hefur Dick gefist lítill tími til að leggja fyrir og hjónin horfa því á eftir húsinu, bílnum og vinunum ásamt draumnum um betra líf.

Dick á erfitt með að fórna þessu öllu og getur ekki sætt sig við að öll sú vinna sem hann hefur lagt á sig skuli fara í súginn. Hann fer því heimsókn til atvinnurekanda síns sem gefur honum „góð“ ráð en í augum hans er stuldur ekkert stórmál. Dick leggur því á ráðin um að gerast þjófur til að klekkja á þeim sem skildu hann eftir í súpunni. Það verður þó seint sagt að hæfileikar þeirra hjóna til glæpa séu ótvíræðir. -fgg

# Spielberg svarar fyrir sig

**Bandaríski leikstjórinn Steven Spielberg er einn sá allra besti í Hollywood en undanfarin sjö ár hefur honum ekki tekist að gera myndir sem standa undir því orðspori. Kvikmyndin Munich gæti breytt því.**



**AVNER OG EPHRAIM** Eric Bana og Geoffry Rush leika aðalhlutverkin í Munich en þeir eru báðir leyniþjónustumenn hjá Mossad sem fengnir eru til að ráða grunaða hryðjuverkamenn af dögunum

Það mætti færa fyrir því rök að Catch Me If You Can eða Minority Report væru myndir sem flestir leikstjórar gætu verið fullsæmdir af. Þær nægðu hins vegar ekki sönnum Spielberg - aðdáendum. Þær hreinlega þóttu ekki nógu góðar fyrir þeirra smekk, meðalmyndir á ferli leikstjórans. Þegar War of the Worlds var frumsýnd voru ófáir sem töldu að mesti eldmóðurinn væri runninn af honum. Leikstjórinn hefur nú svarað þessum gagnrýnisröddum því Munich hefur fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda en hún var tilnefnd til tveggja Golden Globe verðlauna og þykir líkleg til afreka á Óskarnum.

Fimmta september árið 1972 réðst palestínskur hryðjuverkahópur undir nafninu Svarti September inní Ólympíuþorpið í Munchen. Slakað hafði verið á öryggisgæslu leikanna og var leiðin því greið fyrir þennan átta manna hóp sem hélt rakleiðis til svefnálmu ísraelska íþróttarhópsins og tók hann í gíslingu. Tveir íþróttarmenn féllu fyrir byssukúlum hryðjuverkamanna á meðan áhlaupinu stóð en gíslatakan var eftir það friðsamleg að mestu.

Atburðarrásinni var sjónvarpað beint um allan heim enda höfðu stærstu sjónvarpsstöðvarnar komið sér fyrir í borginni vegna Ólympíuleikanna. Þetta var því einn besti vettvangurinn fyrir samtökin til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Í heilan sólarhring reyndu þýsk stjórnvöld að semja við hópinn sem krafðist þess að pólitískir fangar yrðu látnir lausir. Eftir rúmlega sólarhrings þóf komst óvænt hreyfing á hlutina. Eins og hendi væri veifað var hópurinn allur keyrður út á flugvöll en þaðan áttu þrjár þyrlur að flytja hann á brott frá landinu. Við komuna þangað reyndi þýska lögreglan örvæntingafulla og illa skipulagða björgunaraðgerð sem fór út um þúfur með skelfilegum afleiðingum. Íþróttarmennirnir níu, fimm af átta hryðjuverkamönnunum og einn lögreglumaður létu lífið í árasinni sem þótti hneyksli fyrir þýsk stjórnvöld.

Kvikmynd Spielberg fjallar ekki beint um gíslatökuna heldur hvað hún leiddi af sér. Ísraelar hrópuðu eftir hefnd og blóði enda hafði þjóðin séð hvað fram fór í beinni. Leyniþjónustan Mossad greip til sinna ráða að undirlagi forsætisráðherrans Golda Meir. Fimm leyniþjónustumenn voru fengnir til leita uppi hugsanlega hryðjuverkamenn sem búsettir voru í Evrópu og gætu hafa haft eitthvað með þessa árás að gera. Skipti engu hvort þeir væru sekir eða saklausir, Mossad nægði grunurinn einn.

Það eru þeir Eric Bana, Geoffry Rush og nýi Bond - inn, Daniel Craig, sem leika aðalhlutverkin í Munich og leikritaskáldið Tony Kushner skrifaði handritið.

freyrgigja@frettabladid.is

KIA Picanto
1,0 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.088.000




**KIA Picanto,** lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.

**11.289** kr. á mánuði*

KIA Rio
1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.498.000



**KIA Rio,** glæsilegur fólksbíll úr smiðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.

**15.582** kr. á mánuði*

KIA Cerato
2,0 • 4 dyra • 5 gíra • verð 1.648.000




**KIA Cerato,** rúmgóður og kraftmikill, 2,0 lítra, 144 hestöfl. Ríkulegur staðalbúnaður, öryggisloftpúðar, aksturstölva, álfelgur o.fl.

**17.067** kr. á mánuði*

*miðað við SP-bílasamning til 84 mán. og 30% innborgun

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

KIA MOTORS

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

# Chris Penn allur

Leikarinn Chris Penn fannst látinn á heimili sínu í fyrradag aðeins fertugur að aldri en dánarorsök er ókunn. Lögreglan í Kaliforníu fer með rannsókn málsins en ekkert þykir benda til þess að Penn hafi verið myrtur. Leikarinn ætlaði að vera viðstaddur frumsýningu nýjustu kvikmyndar sinnar, The Darwin Awards, á Sundance-hátíðinni sem nú fer fram.

Chris Penn hefur lengi staðið í skugga bróður síns, Sean Penn, en þeir eru synir leikstjórans Leo Penn sem á heiðurinn að flestum Colombo-myndunum og þáttunum um Matlock og leikkonunnar Eileen Ryan, en ferill hennar hófst ekki fyrr en Sean var orðinn stórstjarna í Hollywood og hefur hún komið fram í mörgum myndum hans.

Chris er þekktastur fyrir túlkun sína á hinum skapbráða Nice Guy Eddie í Reservoir Dogs en þar virtist sem leikarinn væri að losna undan samanburðinum við bróður sinn. Hann komst þó aldrei í hálfkvisti við þann eldri en afrekaði þó að leika í nokkrum gæðamyndum á borð við Mulholland Falls og True Romance. Hann var þó oftar en ekki í sama aukahlutverkinu, pínulítið þybbinn og kjaftfor glæpamaður sem vílar ekki fyrir sér að taka í lurginn á hverjum þeim sem honum sýnist. -fgg



**CHRIS PENN** Leikarinn fannst látinn en dánarorsakir eru alls ókunnar. Enginn merki eru um að leikarinn hafi verið myrtur en lögreglan í Kaliforníu fer með rannsókn málsins. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES






# Geisha stíll-inn...



...á líka heima á matarborðinu. Fallegir prjónar og postulín eru málið.

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR LEIKRITASKÁLD

# *Á stefnuskránni að komast yfir snák*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti síst verið án grænmetis.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég fékk ógeðslega gott hlaðborð í Sjávarréttarkjallaranum sem er mér mjög minnstætt. Sú máltíð sem kom mér þægilegast á óvart var á pitsustað í Stokkhólmi. Þar var dúkur á borði og kertaljós og þjónar með slaufu. Ég pantaði karrímarínerað nautakjöt og banana á pitsuna og það er besta pitsa sem ég hef nokkurn tímann bragðað.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Það er voða fátt sem ég á erfitt með að borða en ég er ekki yfir mig hrifin af saltfiski. Ég myndi síst panta hann á veitingastað.

**Hvað leynist í eldhússkápunum?** Þar leynast alls konar niðursoðnir taílenskir réttir eins og masavan sem er niðursoðin taílensk sósa til að steikja kjöt upp úr. Ég er með alls konar svoleiðis niðursoðnar dósir og pasta í eldhússkápunum. Síðan er ég með krydd í hundraðatali og núðlusúpur til að grípa í þegar maður hefur stuttan tíma.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?** Ég er ekki „tröstespiser". Ég er ekki þannig manneskja sem fær sér mat til að lyfta sér upp. Ég leita frekar í aðra miðla, til dæmis fólk sem mér þykir vænt um. Ég myndi seint snúa mér að ísskápnum til að láta mér líða betur.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Grænmeti og Pepsimax.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða mat myndir þú taka með þér?** Klettasalat, Fincrisp-hrökkbrauð með kúmeni og lambalæri, sem myndi nýtast mér lengi. Ég gæti nagað það í fleiri vikur þangað til það færi að úldna.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það er þrennt sem mér dettur í hug; krókódíll, strútur og kanína. Það er líka á stefnuskránni að komast yfir snák, kengúru og höfrung. Ég get ekki ímyndað mér annað en að snákakjöt sé fyrsta flokks. Það er fitulaust og hreinn vöðvi. Ég held að það gæti verið „delicatessen".



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## BON COURAGE:

# *Vín með þorramatnum!*



Léttvín hafa ekki verið algeng á þorrablótum þar sem bjór og brennivín hafa verið allsráðandi. Má nánast segja að ekki hafi hvarflað að Íslendingum að drekka léttvín með hinum alíslenska súrmat! Að hákarlinum frátöldum, eiga sum léttvín hins vegar vel við þorramatinn. Hvítvínin eru erfiðari þar sem hinn bragðmikli þorramatur yfirgnæfir jafnvel sýruhæstu hvítvín. Kraftmikil rauðvín sem eru sýruhá eiga einna best við. Vín frá Rioja á Spáni, Argentínu og Ástralíu eru gjarnan sýruhá sem og vín frá Suður-Afríku en þaðan er einmitt Bon Courage Cabernet Sauvignon-Shiraz sem er ákaflega góður kostur með þorramatnum.

Bon Courage hefur netta sveitastemningu, dökk ber og smá neftóbakslykt sem er náttúruulega afar viðeigandi á sveitaþorrablótum! Þægileg sýra kemur fram í bragðinu og ræður vel við sýruna í þorramatnum. Vínið gerir það að verkum að þorramaturinn verður mjög ljúfur, sérstaklega á vínið vel við bringukollana, lundabagg-ana og hrútspungana.

*Verð í vínbúðum 1190 kr.*


Milljónamæringur nr. 36

Þú gætir líka unnið

Það hefur sjaldan verið eins auðvelt að vinna í Happdrætti Háskólans. Á þessu ári greiðum við út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Tryggðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings




# Borðar fisk daglega

**Sveinn Kjartansson kokkur vill nánast bara fisk á sinn disk enda er hann einn af eigendum Fylgifiska. Þessa dagana er hann veikur fyrir risarækjum með heilhveitinúðlum.**



**SVEINN KJARTANSSON** Komst að því þegar hann vann sem kokkur ytra hversu gott hráefni íslenskur fiskur er í framandi rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ HARI

Það er eins gott að Sveini þykir fiskur góður því hann hefur veg og vanda af því að búa til uppskriftir fyrir sælkerabúðina Fylgifiska. „Ætli ég borði ekki fisk svo til daglega. Mér hefur alltaf þótt fiskur góður, en því er ekki að neita að ég borðaði meira kjöt áður en við stofnuðum verslunina." Sveinn hefur ferðast mikið og hefur alltaf haft gaman af því að smakka framandi rétti sem ekki fundust á Íslandi, en uppgötvaði þegar hann vann sem kokkur ytra hversu gott hráefni íslenskur fiskur er.

Þessa dagana eru risarækjur í uppáhaldi hjá Sveini og til uppskriftarinnar sem hann lætur Fréttablaðinu í té segist hann grípa að minnsta kosti einu sinni í mánuði. „Fólki vex þetta kannski í augum, en þetta er alls ekki flókið og tekur mjög stuttan tíma þegar þetta er komið í gang. Það þarf fyrst og fremst að hafa í huga að undirbúa sig vel; kaupa allt hráefni, leggja rækjurnar í kryddlög og svoleiðis en þegar það er frá er maður eldsnöggur." Þeir sem vilja stytta sér leið geta líka prófað að líta inn í Fylgifiska, því þessi réttur er reglulega á boðstólum þar."

## RISARÆKJUR MEÐ SOBA HEILHVEITINÚÐLUM OG AGÚRKUSALATI (FYRIR FJÓRA)

**Rækjur:**
24 stk risarækjur
3 msk sesamolía
1 msk Tom Yum (kryddmauk)
30 gr saxað engifer
2 stk hvítlauksrif
2 stk límónulauf (kaffirblöð)
½ búnt ferskur kóríander
2 stk rauðlaukar
150 gr belgbaunir
2 stk stór rauð chilialdin
Nýmulinn pipar
Maldon salt

**Agúrkusalat:**
200 gr lífrænt jógúrt
1 tsk hunang
1 msk saxað engifer
1 stk agúrka

**Soba núðlur:**
250 gr Soba núðlur
4 msk kóríanderpesto
Safi úr hálfri sítrónu
Salt

**Aðferð:**

1. Blandið saman Tom Yum maukinu og sesamolíunni. Fínsaxið hvítlaukinn, engferrótina, límónulaufin og helminginn af kóríandernum og blandið saman við olíuna. Hellið öllu yfir rækjurnar og geymið í ísskáp í 2- 3 klst.
2. Hrærið hunanginu saman við jógúrtið. Saxið engiferrótina og setjið út í. Skerið agúrkuna í strimla og blandið öllu saman. Piprið eftir smekk.
3. Setjið núðlurnar í sjóðandi saltað vatn og látið þær sjóða í um 6 mínútur. Sigtið vatnið frá, blandið kóríanderpestóinu saman við ásamt sítrónusafanum.
4. Steikið rækjurnar á vel heitri pönnu þar til þær skipta um lit og verða fallega rauðar. Bætið sneiddum rauðlauknum og belgbaununum út á pönnuna og mýkið aðeins. Saltið og piprið.
5. Saxið í lokin chili og restina af kóríandernum yfir rækjurnar.

## ISOLE E OLENA:

# Bestu kaupin í Gestgjafanum



Enn á ný fær vín frá Isole e Olena góða umfjöllun í Gestgjafanum, fyrir skömmu var Cepparello 2001 valið jólavínið árið 2005 og núna í byrjun janúar fær Chianti Classico 2003 frá Isole e Olena frábæra dóma og er valið bestu kaupin í blaðinu. Árið 2005 fékk þetta sama vín mjög góða umfjöllun hjá hinu virta víntímariti Decanter og hlaut 5 stjörnur af 5 mögulegum. Þorri Hringsson, vínrýnir Gestgjafans, segir í umsögn sinni um vínið: „Þetta er framúrskarandi Chianti Classico, reyndar eitt af þeim bestu, og kemur frá Paolo de Marchi, töframanninum sem ætíð fer sínar eigin leiðir og hlustar frekar á röddina sem kemur innan frá heldur en að fylgja tískustraumum samtíðarinnar... Verulega spennandi vín og glæsilegt sem fer sérlega vel með rauðu kjöti, villibráð og hörðum ostum... Mjög góð kaup."

Þess má að lokum geta að vínið hefur selst það vel í reynslusölu Vínbúðanna að það flyst í kjarnasölu 1. febrúar nk.

*Verð í Vínbúðum 1.690 kr.*

## GLENFIDDICH:

# *Vinsælasta maltviskí veraldar*



William Grants er eitt elsta viskíhús Skota, en árið 1886 stofnaði Grants The Glenfiddich Distillery í bænum Dufftown á vesturströnd Skotlands. Dufftown er í hjarta skosku hálendanna, á svæði sem heitir Speyside og er eitt þekktasta viskíframleiðslusvæði Skotlands. Grants-fjölskyldan hefur haldið um stjórnartaumana óslitið frá upphafi, nú stýrir fimmti ættliðurinn fyrirtækinu og heldur fast í gamlar hefðir.

William Grants var fyrsta fyrirtækið til að setja maltviskí á almennan markað utan Skotlands, hið heimskunna viskí Glenfiddich sem er mest selda maltviskí veraldar. Mest allt viskí sem er framleitt er blandað viskí, oft frá ýmsum brugghúsum. Betri brugghúsin höfðu hins vegar alltaf búið til gæða maltviskí en þau fengust ekki utan Skotlands fyrr en Glenfiddich kom á markaðinn árið 1963. Það þótti ákaflega djarfur leikur en það reyndist svo sannarlega markaður fyrir gæðaviskí í heiminum.

Hér á landi fæst mikið úrval viskía frá Grants. Benda má á að 500 ml flaska lækkaði nýlega í verði og kostar núna 2.550 kr. Gott úrval er af Glenfiddich í vínbúðum, allt frá hinu sívinsæla 12 ára og alveg upp í 30 ára gamalt viskí. Um þessar mundir fæst Glennfiddich í sérstökum hátíðarumbúðum sem verða til sölu í vínbúðum meðan birgðir endast.



## VEITINGASTAÐURINN

**AFTUR TIL NÁTTÚRU**

Stórhöfða 17, önnur hæð, 110 RVK.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## *Heilnæmur & huggulegur*

**Hvernig er stemningin:** Það má alveg segja að heilsubitastaðurinn, Aftur til náttúru, sé eitt af best geymdu leyndarmálum Reykjavíkurborgar. Þegar staðurinn hefur verið heimsóttur einu sinni er ekki hægt annað en að koma þangað aftur og aftur því fæðið veitir mikla vellíðan, að minnsta kosti þeim sem eru á þessari „grænu línu“. Staðurinn sjálfur er látlaus og stílhreinn með sérlega ferskum salatbar sem blasir við þegar staðurinn er heimsóttur. Stemningin er róleg og heilnæm, ekkert óþarfa prjál. Staðurinn er vinsæll í hádeginu enda staðsettur í einu af stærsta fyrirtækjahverfi landsins.

**Matseðillinn:** Boðið er upp á fæði úr jurtaríkinu, ekkert kjöt og engan fisk. Það er þó boðið upp á egg í salatbarnum sem er einfaldur en samt sem áður girnilegur. Í hádeginu er hægt að fá heita rétti ásamt pönnukökum með fyllingu og hollum súpum. Girnilegar kökur kitla bragðlaukana, og er bæði boðið upp á hefðbundnar sykurlausar kökur en líka hrákökur sem ekki eru bakaðar. Uppistaðan í þeim eru döðlur, avokadó ásamt fleira hráfæði. Á veitingastaðnum Aftur til náttúru er ger, hvítt hveiti og sykur ekki að finna á matseðlinum. Mjólkurvörur eru heldur ekki notaðar út í rétti, fetaostur er hafður til hliðar ásamt salatsósum.

**Vinsælast:** Hrákakan hefur notið mikilla vinsælda og farið sérlega vel í gestina. Hún er bragðmikil og góð fyrir alla sælkera.

**Réttur dagsins:** Boðið er upp á mismunandi rétt frá degi til dags. Það er aldrei sami heiti rétturinn tvo daga í röð og nýjar súpur á hverjum degi.

**Gott að vita:** Aftur til náttúru opnar klukkan 11.30 og er opinn til 16.30 á virkum dögum. Staðurinn lokar kl. 14.30 á föstudögum og er lokaður um helgar.

**Verð:** Því er stillt í hóf en hægt er að fá vel útilátna máltíð á innan við þúsund krónur.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



> fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Matthew Barney**, eiginmaður **Bjarkar Guðmundsdóttur**, verður í dómnefnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín sem hefst þann níunda febrúar. Leikkonan **Charlotte Ramplin**, sem leikur í framhaldsmyndinni Basic Instinct 2, og þýski leikarinn **Armin Mueller-Stahl**, sem var tilnefndur til óskarsins fyrir hlutverk sitt í Shine, eru einnig í dómnefndinni ásamt fjórum öðrum.



## Fyrstu sveitirnar klárar

Í gær var tilkynnt að Kayne West og hljómsveitirnar Franz Ferdinand og Tool muni spila á Hróarskelduhátíðinni næsta sumar. Eru þetta fyrstu listamennirnir sem staðfest er að muni koma fram. Kayne West verður nýliði á hátíðinni en liðsmenn Franz Ferdinand og Tool hafa áður stigið á svið á þessari stærstu tónlistarhátíð Norðurlanda.
Miðasala hófst fyrsta desember en hátíðin sjálf verður sett þann 29.júní og stendur yfir í 4 daga.



**HLJÓMSVEITIN** Franz Ferdinand spilar á hátíðinni.



**THE SCHNEEDLES** Félagarnir Wolfe Bowart (til vinstri), og Bill Robison stofnuðu The Schneedles fyrir sex árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Börn og dýr miklir áhrifavaldar

Grínsýningin The Schneedles verður haldin í Austurbæ næstkomandi föstudags- og laugardagskvöld. Freyr Bjarnason hitti þá félagara Wolfe Bowart og Bill Robison og ræddi við þá um ferilinn og framtíðaráformin.

Á sýningunni, sem hefur notið mikilla vinsælda, blanda þeir Wolfe og Bill saman fimleikum, látbragðsleik, trúðslátum og töfrabrögðum og þykir útkoman engu lík. Sýningin byggir ekki á töluðu máli og höfðar því til allra aldurshópa. Wolfe og Bill komu hingað til lands á föstudaginn í síðustu viku og hafa nýtt tímann vel til ferðalaga. Hafa þeir meðal annars farið í Bláa lónið og séð Gullfoss og Geysi og eru hæstánægðir með dvölina. „Það er algjör draumur fyrir mig, og ég held fyrir okkur báða, að koma hingað,“ segir Bill, sem lítur út eins og trúður án þess að þurfa til þess nokkurt gervi. „Við höfðum heyrt að þetta væri ótrúlegur og kröftugur staður og það er hann svo sannarlega. Mér finnst frábært að vera uppi á sviði en það er líka gott að geta slappað af. Ég kem pottþétt hingað í sumar og fer í útilegur og fjallgöngur,“ segir hann.

Wolfe og Bill hafa verið á stanslausu ferðalagi um heiminn síðan þeir fóru af stað með The Schneedles fyrir sex árum. Eru sýningarnar á Íslandi lokahnykkurinn á sex mánaða löngu ferðalagi. Áður voru þeir í alls konar verkefnum saman en samstarf þeirra hófst árið 1986. „Við erum núna að bóka fyrir árið 2008 þannig að þetta er enn á fullu hjá okkur. Við fáum líka að skoða heiminn í leiðinni,“ segir Wolfe.

Þeir segjast sækja áhrif sín að mestu til Charlie Chaplin og Buster Keaton. Einnig eru börn og dýr miklir áhrifavaldar. „Þú getur horft á barn sem er rétt að læra að ganga og það er ótrúlega fyndið þegar það reynir að standa upp og detta. Börn vita ekki að þau eru fyndin en þau eru það bara,“ segir Bill, sem sjálfur er barnlaus rétt eins og kolleginn. „Sem skemmtikraftur þarf maður einnig að fylgjast með því sem er að gerast í kringum sig. Þegar ég spurði eitt sinn hvar ég gæti lært að verða trúður fékk ég svarið að það væri hjá fólkinu allt í kringum mig,“ segir hann.

Spurðir hvort það sé erfitt að fá fólk til að hlæja segja þeir það ekki vera. „En það er ákveðin aðferð til að gera það. Þú verður að hafa neistann,“ segir Wolfe og Bill bætir við. „Ein af frægustu setningum Laurence Olivier skömmu áður en hann dó var „dying is easy, comedy is hard“.

Að lokum lofa þeir félagar skemmtilegri sýningu fyrir alla aldurhópa í Austurbæ og hvetja fólk til að láta sjá sig.

Örfáir miðar eru eftir á fyrri sýninguna sem verður í Austurbæ á föstudagskvöld. Eitthvað er eftir af miðum á þá síðari. Miðasala fer fram á event.is, í verslunum Skífunnar og í verslunum BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 2800 krónur fyrir fullorðna auk miðagjalds en 1600 fyrir börn yngri en 16 ára. ■

# Sýnir með Viggo Mortensen

Íslenski landslagsmálarinn Georg Guðni var að koma frá Los Angeles þar sem hann opnaði stóra sýningu ásamt leikaranum og ljósmyndarum Viggo Mortensen. Sýningin sem heitir „The Nature of Landcape and Independent Perception“ stendur yfir í hinu þekkta gallerí Track 16 þar í borg og fékk mikla athygli. „Sýningin kom í kjölfarið á bókinni Strange Familiar sem var gefin út af útgáfufélagi Mortensens og í samstarfi við hann. Þetta gallerí er mjög stórt, er í gamalli brautarstöð í Santa Monica sem heitir Bergamot station í miðju listahverfi. Mér fannst þetta spennandi tækifæri og stökk á það,“ segir Georg sem kynntist Mortensen fyrir nokkrum árum þegar hann kom til Íslands. Mortensen sem er ljósmyndari hreifst mikið af verkum Georgs Guðna og góð kynni tókust með þeim. „Þetta eru eins og tvær einkasýningar á sama tíma inni í sama galleríi, ég sýni málverk og hann sýnir ljósmyndir. Það var nokkuð spaugilegt að vera á opnuninni þar sem að mikið af fólkinu sem kom voru aðdáendur leikarans. Það var þó bannað að koma með kvikmyndadót til áritunar en við eyddum sex klukkustundum í að árita listaverkabækur fyrir ákafa sýningargesti,“ segir Georg og hlær. Galleríið stútfylltist af fólki á opnuninni en þar höfðu margir farið um langan veg til að sjá sýninguna. „Ég varð hissa að hitta fólk sem hafði komið alla leið frá Frakklandi, Hollandi, Japan og fleiri löndum. Það var þó mikið af fólki líka sem hefur fylgst með því sem ég er að gera og vissi mikið um Ísland. Þarna var meira að segja fólk með bæklinga frá Listasafni Íslands.“ Viggo Mortensen segir á vefsíðu gallerísins að aðdáun hans á verkum Georgs Guðna fari sívaxandi. „Enginn nær að fanga anda þessa lands eins og Georg Guðni,“ skrifar hann.“ Það er ekki furða að verk hans séu svona hátt metin í Skandinavíu og nú af nokkrum mikils virtum söfnurum í Norður Ameríku.“ Spurður hvort þeir félagar séu með fleiri samstarfsverkefni á prjónunum svarar Georg Guðni „Það er allt opið í þeim málum.“ Sýningin vestra stendur yfir til 18 febrúar.



**LEIKARINN OG LJÓSMYNDARINN VIGGO MORTENSEN** Er mikill aðdáandi málverka Georgs Guðna

annabjornsson@frettabladid.is



**ÍSLENSKI MÁLARINN** Georg Guðni hefur vakið verðskuldaða athygli bæði í Evrópu og Norður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Eva Longoria er ekki ánægð með sjónvarpsgagnrýnendur sem segja söguþráðinn í seríu tvö af þáttunum Desperate Housewives vera of flókinn. Longoria segir þáttinn vinsælli en nokkurn tíma og að áhorfstölur séu hærri en árið á undan. „Í flestum þáttum hefðu áhorfendur þurft að bíða í mörg ár til að fá að vita hvað varð um Mary Alice. Framleiðandinn Marc Cherry er rosalega flinkur við að klára söguna og ganga frá lausum endum. Það er alveg klárt að Ameríka elskar þáttinn ennþá,“ sagði hún.



Ef leikferill Drew Barrymore fer úr skorðum er stelpan með það varaplan að gerast ferðablaðamaður. Drew finnst hún ekki fá næg tækifæri til að kynnast öðrum löndum og menningarheimum sem leikkona og telur að blaðamannastarfið eða það eitthvað hlutverk hjá Unicef gæti gefið henni nær þeim draumi. „Ég elska blaðamennsku. Ég væri til í að vinna fyrir ferðatímarit og vera þá send á ýmsa staði og látin skrifa um þá. Ég væri líka til í að starfa fyrir Unicef. Kannski Unicef-tímarit. Það væri fullkomið,“ sagði hún

Að mati mótleikara Daniels Craic, Ciaran Hinds, mun hann standa sig betur en Pierce Brosnan í hlutverki einkaspæjarans James Bond. Hinds var hrifinn af leikhæfileikum Craigs þegar þeir léku saman í myndinni Munich. „Daniel er frábær í hlutverkið. Hann er mun hörkulegri heldur en Brosnan. Ég held hann muni standa sig frábærlega,“ sagði Hinds.





**AMPOP** Meðlimir Ampop voru hæstánægðir með viðtökurnar í Þjóðleikhúskjallaranum og þökkuðu vel fyrir sig.

# Fullt út úr dyrum

Hljómsveitin Ampop hélt tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í síðustu viku en þá var sveitin nýkomin úr stuttri tónleikaferð um Bretland. Fullt var út úr dyrum á tónleikunum og var góður rómur gerður að frammistöðu Ampop, jafnt sem frammistöðu upphitunarsveitarinnar Ég. ■



**ÉG** Hljómsveitin Ég hitaði upp fyrir Ampop en hún gaf út plötuna Plata ársins á síðasta ári.

# Kate Moss baktalar Siennu opinskátt

Skutlurnar Sienna Miller og Kate Moss eru af mörgum taldar best klæddu konur Bretlands ef ekki heims. Ekki virðast þær þó vera hinar bestu vinkonur því Kate Moss var gripin glóðvolg við að baktala ungfrú Miller um daginn.

Vitni heyrðu Kate Moss og vini hennar flissa yfir óförum Siennu og Judes Law á bar í París að sögn The Daily Mail.

„Kate og vinir hennar voru frekar háværog pössuðu sig ekki. Einhver minntist á það að Sienna og Jude væru enn einu sinni hætt saman og allur hópurinn sprakk úr hlátri,“ sagði vitnið. „

Kate minntist líka á það að Sienna ætti það alls ekki skilið að vera á jafn mörgum forsíðum tímarita og raunin er. Einnig bætti Kate við að nú þegar Jude og Sienna væru hætt saman myndi hún vonandi hætta að hangsa með sínum vinahópi.

Að sögn Daily Mail hætti Kate ekki þarna heldur sagði í lokin: „Sienna er ekki fyrirsæta, hún er leikkona. Ég ætti frekar að vera á þessum forsíðum en hún. Hún á bara að leika í kvikmyndum.“ „Allir á barnum gátu heyrt og séð að það ríkir greinilega engin ást á milli þessara tveggja stúlkna,“ sagði vitnið. ■



**SIENNA MILLER** Kate Moss og vinahópur hennar flissuðu yfir óförum hennar og fyrrverandi kærastans.



**KATE MOSS** Hún virðist ekki vera of hrifin af Siennu ef marka má frétt sem birtist í The Daily Mail á dögunum.


LESTU BÓKINA - SJÁÐU MYNDINA!




Fyrstu 100 sem kaupa bókina fá miða á myndina í bíó!*

*„Það er kunnara en frá þurfi að segja að piparsvein í góðum efnum hlýtur að vanta eiginkonu.“*

*(Fræg upphafsorð sögunnar)*

Háskólabíó SAMBÍÓIN Penninn Eymundsson – svör við öllu BÓKABÚÐIR Edda

*Gildir aðeins í Pennanum/Eymundsson Austurstræti og Kringlunni

Pöntunarsími: 540 2130




**VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR**

**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 10.10 FORSÝNING |
| THE FOG | kl. 8, 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5.45, 8, og 10.45 |
| MEMOIRS OF GEISHA | kl. 5 |
| CHEAPER BY TE DOZEN 2 | kl. 4 og 6 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6 B.I. 14 ÁRA |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

FUN WITH DICK AND JANE kl. 8 og 10 FORSÝNING
BROKEBACK MOUNTAIN kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA kl. 6 og 9
BROTHERS GRIMM kl. 5.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA

**Borgarbíó** Akureyri SÍMI 462 3500

CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 6
FUN WITH DICK AND JANE kl. 8 FORSÝNING
THE FOG kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
HOSTEL kl. 10 - SÍÐUSTU SÝNINGAR B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn Russell Crowe ætlar að láta þá ljósmyndara sem angra ófríska eiginkonu hans, Danielle Spencer, fá það óþvegið. Spencer á von á öðru barni þeirra hjóna í júlí. „Dani eignaðist barnið þremur vikum fyrir tímann síðast, aðeins nokkrum dögum eftir að fjórir ljósmyndarar eltu hana um göturnar,“ sagði Crowe. „Hún fór í uppnám og rann til. Ef ég hefði verið þarna hefði ég tekið þessu atviki mjög alvarlega. Þeir verða teknir í bakaríið ef þeir áreita konuna mína aftur.“



Lostafullt kynlífsatriði með Katie Holmes og Aaron Eckhart hefur verið klippt út úr myndinni Thank you for Smoking. Talið er að unnusti Holmes, Tom Cruise, hafi heimtað að atriðið yrði klippt út. Atriðið var ennþá í myndinni þegar hún var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto á síðasta ári en hafði verið klippt út er hún var sýnd á Sundance-hátíðinni fyrir skömmu. Leikstjóri myndarinnar hefur vísað þessu á bug og segir að tæknileg vandamál hafi valdið því að atriðið þótti ekki henta lengur.





Leik- og söngkonan Jennifer Lopez ýtti undir orðróm um að hún sé ófrísk þegar hún fór út í búð og keypti heilmikið af barnafötum ásamt eiginmanni sínum Marc Antony. Einnig sást Antony nýverið kaupa tösku fyrir bleiur í síðustu viku og segja heimildarmenn að taskan hafi ekki verið ætluð sem gjöf.



Leikkonan Nicole Kidman segist fjarri því að vera trúlofuð kántríkappanum Keith Urban. Segir hún að þau séu einungis góðir vinir. Kidman dvaldi í heimabæ Urban, Nashville, á jólunum og héldu þá margir að þau væru að undirbúa brúðkaup. Svo virðist þó ekki vera.

# Björk til Indónesíu

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir hélt til Banda-Aceh-héraðs í Indónesíu í gær þar sem hún mun fylgjast með verkefnum og uppbyggingarstarfi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Verður hún í héraðinu í tvo daga.

Björk gaf út plötu með endurhljóðblöndunum af laginu Army of Me í byrjun maí á síðasta ári og rann ágóðinn til neyðaraðgerða UNICEF um allan heim. Á umslagi plötunnar skrifaði Björk að fyrir tilstuðlan skapandi náttúafla hefði fjöldi endurhljóðblandana flætt inn á heimasíðu hennar. Beindi hún þessum jákvæðu bylgjum til barna sem liðu þjáningar þegar þau urðu fyrir flóðbylgjunni við Indlandshaf fyrir rúmu ári síðan.

Neyðarhjálpin og uppbyggingin við Indlandshaf hefur gengið vel. Aceh-hérað varð hvað verst úti í hamförunum og hefur starf UNICEF þar verið umfangsmikið. Björk mun fylgjast með þeim verkefnum sem snúa að vernd og menntun barna, auk þess sem hún mun hitta fórnarlömb flóðbylgjunnar.



**BJÖRK** Söngkonan Björk Guðmundsdóttir er stödd í Indónesíu til að fylgjast með starfi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Landsnefnd UNICEF í Bretlandi hefur veg og vanda af heimsókninni.

# 3121 kemur í mars

Tónlistarmaðurinn Prince gefur út plötu sína 3121 þann 21. mars næstkomandi. Lagið Te Amo Corazon hefur þegar verið fáanlegt á netinu, aðdáendum kappans til mikillar ánægju. Lögin Black Sweat and Beautiful og Loved & Blessed munu einnig fá að hljóma áður en platan kemur út.



**PRINCE** Tónlistarmaðurinn Prince gefur út nýja plötu í mars. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Það er nýjasta útgáfufyrirtæki Prince, Universal Records, sem gefur plötuna út. Síðasta plata Prince, Musicology, kom út árið 2004 og fékk góðar viðtökur gagnrýnenda og almennings.



**BROSNAN** Bondinn fyrrverandi hefur ekki áhuga á að leika í endurgerð Remington Steel.

# Ekki aftur

Írski leikarinn Pierce Brosnan hefur ekki áhuga á að leika í kvikmynd sem verður byggð á sjónvarpsþættinum Remington Steel.

Brosnan lék í þættinum á níunda áratugnum en hefur ekki áhuga á að endurtaka leikinn. Telur hann að hlutverkið yrði skref aftur á bak fyrir hann, auk þess sem hann sé orðinn of gamall fyrir það. „Ég vil ekki snúa aftur í þetta hlutverk. Ég hef leikið það og þar hóf ég ferilinn,“ segir Brosnan sem er 52 ára.

# Plokkað í Kongó

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Congotronics er nokkuð áhugaverð sería sem gefur innsýn í magnað tónlistarlíf í Kinshasa, höfuðborg Kongó í Afríku. Hver plata í seríunni kynnir hljómsveit sem hefur starfað í úthverfum borgarinnar sem liggur einnig meðfram bökkum árinnar Kongó.

Þessi fyrsta plata í seríunni kynnir áhugasama fyrir sveitinni Konono N1, sem hefur verið starfandi í Kinshasa í rúm 25 ár. Hljóðfæraskipan sveitarinnar er mjög ólík því sem við Vesturlandabúar höfum vanist. Í sveitinni eru þrír likembe leikarar og er það sérstaða hljóðfæranna sem er aðal sveitarinnar. Þetta er mjög frumstætt hljóðfæri, í rauninni bara trékassi sem búið er að festa stálstrendinga ofan á. Strendingarnir eru svo skrúfaðir niður með brú og það ræður tóninum hvar hver og einn strendingur er skrúfaður niður. Önnur nöfn fyrir þetta hljóðfæri er sanza eða þumlapíanó þar sem maður plokkar stálstrendingana með þumalputtunum til þess að ná tóni úr þeim.

Restin af hljóðfæraskipaninni eru slagverksleikarar og dansarar. Allt er svo spilað í gegnum handónýtt hljóðkerfi sem veldur því að allt hljómar frekar bjagað.

Þeir sem þekkja eitthvað til tónlistar frá Afríku ættu að vita hverskonar taktar eru í gangi hér.



**KONONO N1:** CONGOTRONICS

NIÐURSTAÐA:

**Konono** N1 er ólíkt öllu öðru sem þú hefur heyrt um ævina. Þetta er eldgömul sveit frá höfuðborg Kongó þar sem helsta undirstaðan eru þumlapíanó og ásækinn taktur.

Stundum samba, stundum eitthvað annað sem ég kann ekki að nefna. Það sem þeir vita þó ekki er hversu sérstæð Konono N1 hljómar. Þetta hljómar á köflum ekki svo fjarri transtónlist og það væri vel hægt að ímynda sér elektróníska sveit reyna að framkalla svipaða tónlist. Undir niðri er alltaf eitthvað dáleiðandi grúf og taktur sem límir eyrun við tónlistina. Ofan á má heyra aragrúa af melódíum, fótboltaflautum eða gleðihrópum. Þetta er mjög upplífgandi tónlist og ég gæti vel ímyndað mér að dansa við þetta við bakka Kongó og horfa á sólina setjast í fjarska. Dansa svo áfram inn í nóttina. **Birgir Örn Steinarsson**






## FRÉTTIR AF FÓLKI



Gera þarf hlé á framleiðslu á bandarísku gamanþáttunum My Names is Earl, eftir að Jason Lee, sem leikur aðalhlutverkið, fékk hlaupabólu. Lee var tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir túlkun sína á titilpersónu þáttanna, en laut í lægra haldi fyrir Steve Carrell sem fékk verðlaunin fyrir frammistöðu sína í bandarísku útgáfunni af Skrifstofunni. Lee vill ekki eiga á hættu að smita samstarfsfólk sitt en framleiðendur þáttanna vonast til að tökur geti hafist að nýju eftir hálfan mánuð.



Nýjustu fregnir af Michael Jackson eru ekki til þess fallnar að hrekja þá viðteknu skoðun að hann bindi bagga sína ekki sömu hnútum og aðrir. Popparinn býr í Barein á Arabíuskaga um þessar mundir, en á miðvikudag sást til hans í verslunarleiðangri. Jackson vekur jafnan athygli hvert sem hann fer, en sjónarvottar ráku ekki síst upp stór augu fyrir þær sakir að hann var klæddur að hætti arabískra kvenna. Börnin hans þrjú voru meðal þeirra sem voru í för með Jackson. Jackson hvarf á braut úr verslunarmiðstöðinni þegar fólk bar kennsl á hann.



Pete Doherty, söngvarinn sjónumhryggi, hefur hugsanlega komið sér í bobba enn eina ferðina, en áhorfandi sakar söngvarann um að hafa lamið sig með hljóðnemastandi á tónleikum hljómsveitarinnar Babyshambles fyrir skömmu. Doherty er frægur að endemum og á að baki fjöldann allan af fíkniefnaákærum. Áhorfandinn er sautján ára gamall piltur að nafni Billy Brooks, og kveðst hann hafa hlotið tvö glóðaraugu og skurð á andliti við árásina. Hann klagaði hina meintu líkamsárás í götublaðið Sun en á eftir að gera upp við sig hvort hann muni leita til lögreglu.



Tónlistarmanninum Lou Reed er ekki skemmt yfir kvikmynd sem til stendur að gera um listamanninn Andy Warhol og hljómsveitina The Velvet Underground sem hann var sjálfur í. Í myndinni er aðaláherslan lögð á Edie Sedgwick sem Sienna Miller leikur, en meðal annarra sem leggja fram krafta sína er hljómsveitin Weezer sem mun leika lagið Heroine með sínu nefi. Lou Reed fékk að lesa yfir handritið og er alls ekki sáttur. „Þetta er eitthvað það ömurlegasta sem ég hef lesið í langan tíma og greinilega engin takmörk fyrir því hversu lágt fólk getur lotið í von um gróða.




**Í GERVI KRISTS** Rapparinn Kanye West hefur vakið hörð viðbrögð vegna forsíðumyndarinnar í Rolling Stone.

# Kanye í gervi Krists

Mynd af rapparanum Kanye West í gervi frelsarans Jesú Krists á forsíðu næsta tölublaðs tímaritsins Rolling Stone hefur vakið hörð viðbrögð trúarhópa í Bandaríkjunum.

Í tímaritinu sést West einnig í gervi hnefaleikakappans Muhammads Ali. „Í Bandaríkjunum vilja menn að ég nái nýjum hæðum og geri ótrúlega hluti," segir West í viðtalinu við Rolling Stone. „Þið viljið að ég sé frábær en viljið ekki að ég segi það sjálfur."

Bætir hann því við að lagið Gold Digger hafi verið það besta á síðasta ári og hefði átt að vera tilnefnt sem besta lagið í rappflokki á næstu Grammy-verðlaunahátíð hinn 8. febrúar. West er engu að síður tilnefndur til átta Grammy-verðlauna, þar á meðal fyrir bestu plötuna, Late Registration.

Í Rolling Stone segist West jafnframt hafa verið háður klámi síðan hann sá Playboy-blað föður síns þegar hann var fimm ára.

# Guðdómlegir sjóarasöngvar

**[ TÓNLIST ]**

UMFJÖLLUN

Ég hafði aldrei heyrt um hljómsveitina The Decemberists áður en ég fékk þriðju plötu þeirra í hendurnar. Nokkuð viss um að ég hafi ekki einu sinni heyrt hana nefnda, því þetta nafn er nokkuð eftirminnilegt. Ég get lofað ykkur því að ég á ekki eftir að gleyma henni svo auðveldlega núna, eftir að hafa rennt nýjustu afurð þeirra, Picaresque, í gegn.

Sveitin er leidd áfram af lagahöfundinum Colin Meloy sem blandar saman hinum ýmsu þjóðlagastílum. Hér er skipt beint úr írskum þjóðlagatónum yfir í polka eða franska kaffihúsatónlist.

Söngrödd hans hljómar eins og blanda af Brian Molko úr Placebo og Gordon Guano úr Violent Femmes. Ég er heldur ekki frá því að síðarnefnda sveitin hafi haft nokkur áhrif á kappann. Sumar af þessum lagasmíðum gætu svo sem vel verið úr banka Violent Femmes, nema hvað að það er búið að skipta út pönkaða bassanum fyrir brass, strengi eða harmonikku. Eins og hjá þeim segja textarnir yfirleitt einhverja sögu, sem endar stundum dapurlega. Samlíkingar við Belle and Sebastian eru heldur ekki út í hött.

Útsetningarnar hér eru virkilega vel gerðar og gaman að heyra að það er ekki bara Sufjan Stevens sem er að prófa útsetja lög sín fyrir bigband í dag. Það þarf ekki bara hæfileika, heldur líka gífurlega kunnáttu til þess að geta framkvæmt þetta svona vel. Þetta hljómar eins og þetta hafi verið gert á gamla mátann, spilað eftir nótum beint inn á band. Hér hefur örugglega ekki verið mikið um að hljóðfærum hafi verið hlaðið ofan á grunnana eftir á.

Sterkasta hlið Meloy er þó hversu lúnkinn laga- og textahöfundur hann er. Lögin hljóma oft eins og gamlir írskir sjóarasöngvar. Þau grípa mann þvílíku heljartaki við fyrstu hlustun, að maður getur hæglega sungið með þeim strax í annað skiptið og maður heyrir þau. Strax eftir að hafa rennt þessari plötu í gegn, átti ég erfitt með að ná laginu The Engine Driver úr huga mér. Þetta er þó eins langt frá því að vera froðupopp og hugsast getur, bara fyrsta flokks lagasmíðar. Textarnir vega svo jafn þungt og lögin.




**THE DECEMBERISTS:**

PICARESQUE

**Niðurstaða:** Það er ótrúlega upplífgandi að heyra að það séu enn til menn í heiminum sem eru virkilega að reyna að ýta laga- og textasmíðum á æðra plan. Í þeim efnum, fáið þið varla betra framlag en þriðju plötu The Decemberists.

Ef þið viljið fá sönnun um styrk og verðleika þessarar frábæru sveitar, getið þið stolist til að hlaða niður laginu The Mariner´s Revenge Song, sem er einungis hægt að lýsa sem dauðapolka með texta sem fengi sjálfan Nick Cave til þess að gapa af aðdáun.

**Birgir Örn Steinarsson**

ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ REYKIR

Skordýraeitur, etanól, tjara, blásýra, ammoníak, arsenik, aceton, kvikasilfur, brennisteinsvetni, kveikjarabensín, blý, eldflaugaeldsneyti, kolsýringur o.fl.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil





## Daníel áfram hjá Víkingi

Sóknarmaðurinn Daníel Hjaltason hefur ákveðið að virða samning sinn við úrvalsdeildarlið Víkings í knattspyrnu og spila með liðinu í Landsbankadeildinni á næsta ári. Daníel hafði verið að leita eftir nýrri áskorun en fékk sig ekki lausan frá samningnum og verður því um kyrrt.

sport

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTALIÐ HATTAR Á EGILSSTÖÐUM: HEFUR FENGIÐ ÖFLUGAN LIÐSSTYRK FYRIR BOTNBARÁTTUNA

# *Að minnsta kosti 20 stiga maður í leik*

Lið Hattar í Iceland Express-deildinni í körfubolta hefur fengið gríðarlegan liðsstyrk fyrir síðari helming Íslandsmótsins en nýlega gekk í raðir félagsins Zekovic Milojica, öflugur framherji frá Serbíu og Svartfjallalandi sem hefur verið viðloðandi landslið þjóðar sinnar á síðustu árum. Milojica þessi er þrítugur að aldri, 204 sentímetrar á hæð og kemur til Egilsstaða frá liði í Barein. Hann mun væntanlega þreyta frumraun sína með Hetti í leiknum gegn ÍR sem fram fer á morgun.

„Hann er skruggugóður og kemur með mikla og mikilvæga leikreynslu inn í liðið," segir Viggó Skúlason, aðstoðarþjálfari Hattar, spurður um hvernig Milojica hefur litið út á æfingum.



Að sögn Viggós var búið að vera lengi í bígerð að fá leikmanninn til félagsins. „Við sóttum fyrst um leyfi fyrir honum í nóvember en síðan dróst það, aðallega vegna peningaleysis. Hann kemur frá þessu mikla körfuboltalandi sem gamla Júgóslavía er og mun vafalaust hjálpa okkur mikið í okkar baráttu. Að mínu mati er þessi leikmaður að minnsta kosti tuttugu stiga maður í leik. Hann er kannski ekki leiðtogi inni á velli en hann skilar meiru en margir aðrir, þ.e. hann gerir aðra í kringum sig betri," segir Viggó, en það var umboðsmaðurinn Sigurður Hjörleifsson sem benti forráðamönnum Hattar á leikmanninn og hafði milligöngu um komu hans hingað.

Að sögn Sigurðar hefur Milojica spilað á hinum ýmsu stöðum. „Hann spilaði tvö ár í Rúmeníu og byrjaði þetta tímabil í Barein en vildi endilega sleppa þaðan þrátt fyrir að hafa margfalt hærri laun þar en hann hefur hjá Hetti. Að mínu mati getur þessi maður hjálpað Hetti heilmikið og ég er að vona að þessi leikmaður sé mun betri heldur en þeir leikmenn gömlu Júgóslavíu sen nú eru hjá Grindavík og Keflavík," segir Sigurður og ekki ber á öðru en að Höttur hafi heldur betur

### > Spilar æfingaleik á morgun

Davíð Þór Viðarsson, leikmaður FH, er þessa dagana til reynslu hjá belgíska félaginu Lokeren og mun spila æfingaleik á morgun sem sker úr um hvort félagið býður honum samning eða ekki. „Þetta kemur betur í ljós þegar ég spila þennan varaliðsleik á föstudaginn þannig að maður verður bara að bíða og sjá. Þjálfarinn hefur sagt mér að hann hafi verið nokkuð sáttur við mig á þessum æfingum liðsins hingað til en hvað það þýðir veit ég ekki," segir Davíð sem gæti því orðið arftaki bróður síns, Arnars Þórs, á miðju Lokeren.





**GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON** Spenntur fyrir sænska liðinu Öster.

Gunnar Þór Gunnarsson:

## Líklega á leið til Öster

**FÓTBOLTI** Gunnar Þór Gunnarsson, leikmaður Fram, er nokkuð spenntur fyrir liði Öster en hann var fyrir skemmstu til reynslu hjá liðinu í nokkra daga. „Mér gekk bara nokkuð vel og þjálfarateymið var nokkuð sátt við mig. Mér leist vel á þetta, hraðinn er auðvitað meiri en hérna heima en maður verður bara betri leikmaður á því að fara út og spila," sagði Gunnar við Fréttablaðið en fyrir hjá félaginu er Helgi Valur Daníelsson.

Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fram, sagði að félagið hefði ekki enn heyrt frá Öster varðandi tilboð í Gunnar en vissi þó að þeir væru áhugasamir. „Ég býst fastlega við því að við heyrum frá liðinu á allra næstu dögum." **- toh**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

23 24 25 **26** 27 28 29

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Haukar** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta á Ásvöllum.
- 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Hveragerði.
- 19.15 **Þór Ak.** og **Fjölnir** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta á Akureyri.
- 19.15 **Keflavík** og **Snæfell** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Keflavík.
- 19.15 **KR** og **Skallagrímur** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í DHL-höllinni.
- 19.15 **ÍR** og **Höttur** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Seljaskóla.

**SJÓNVARP**

- 16.55 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Íslands** og **Serbíu/Svartfjallalands.**
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn.
- 20.00 **US PGA Tour** á Sýn.
- 20.30 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 21.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 23.10 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Danmerkur** og **Ungverjalands.**

# Verða það fimm leikir næst?

**Forráðamenn KR eru afar ósáttir með þá ákvörðun aganefndar KKÍ að dæma leikmann þeirra Omari Westley í fjögurra leikja bann fyrir olnbogaskot. Herbert Arnarson, þjálfari KR, segir nefndina skorta allt samræmi í dómum sínum.**

**KÖRFUBOLTI** Aganefnd Körfuknattleikssambands íslands dæmdi í fyrradag Omari Westley, erlendan leikmann KR í Iceland Express-deildinni, í fjögurra leikja bann fyrir að veita Keflvíkingnum Halldóri Erni Halldórssyni olnbogaskot í bikarleik liðanna fyrir skemmstu. Um er að ræða þyngsta dóm aganefndar frá því að David Sanders var dæmdur í sex leikja bann fyrir að slá Sverri Þór Sverrison árið 2004.

KR-ingar eru allt annað en sáttir með dóm aganefndar í máli Westley og benda á samskonar atvik sem átti sér stað í leik Keflavíkur og Njarðvík fyrr í vetur þar sem AJ Moey veitti Jeb Ivey olnbogaskot og fékk fyrir vikið þrigja leikja bann. Herbert Arnarson, þjálfari KR, er harðorður í garð aganefndar og segist einfaldlega ekki skilja vinnubrögð hennar.

„Ég hélt að menn væru búnir að setja þau fordæmi að þegar svona brot eiga sér stað þá fær viðkomandi þriggja leikja bann. En þetta virðist vera byggt á einhverju huglegu mati aganefndar hverju sinni," segir Herbert.

„Ég er búinn að skoða fjögur atvik þar sem svona olnbogaskot kemur fyrir og það er ekkert samræmi. Við lentum í þessu gegn Haukum fyrr í vetur þar sem einum leikmanna þeirra var hent út úr húsi fyrir olnbogaskot. Hann fékk einn leik í bann. AJ Moey fékk þrjá leiki fyrir það sama og nú fær okkar maður fjóra leiki. Verði það þá ekki fimm leikir næst?," spyr Herbert en ítrekar að ekkert réttlæti ljótt brot Westley og að hann hefði átt skilið leikbann. Ágúst Jóhannesson, formaður aganefndar KKÍ, segir að nefndin telji fullt samræmi vera í þessum dómi sínum. „Við horfðum mikið til máls David Sanders á sínum tíma sem svipaði mun meira til þessa máls Wesley heldur en máls AJ Moey. Það gerist þegar boltinn er hvergi nærri, rétt eins og hjá Westley, en hjá AJ Moye eru menn að kljást um boltann þegar olnbogaskotið verður. Í því liggur munurinn," segir Ágúst.

Í úrskurði aganefndar í máli Westleys segir að leikmaðurinn sé kærður fyrir „sérlega grófan leik eða ofbeldi – kröftugt olnbogaskot í andlit af ásetningi." Í úrskurði aganefndar í máli AJ Moey frá 3. janúar sl. segir að kært sé fyrir „sérlega grófan leik eða ofbeldi - olnbogaskot í andlit."

Munurinn á málunum virðist því liggja í ásetningnum og segir Herbert það vera illskiljanlegt. „Þetta eru engin rök. Báðir gefa ljót olnbogaskot og það er ekki eins og olnboginn á AJ Moey hafi bara allt í einu kippst til. Þessir úrskurðir bera þann keim að menn séu alltaf að passa að svona komi ekki fyrir aftur og því er næsta refsing alltaf aðeins hærri. Það er alveg fáránlegt," segir Herbert en KR-ingar ætla að sætta sig við úrskurðin og aðhafast ekki frekar í málinu. „Það væri líklega bara tímasóun," segir Herbert.



**OMARI WESTLEY** Braut gróflega af sér í leiknum gegn Keflavík í síðustu viku og hlaut fjögurra leikja bann, einum leik meira en AC Moey hlaut fyrir svipað brot fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HERBERT ARNARSON** Hefði sætt sig við þriggja leikja bann, en á erfitt með að kyngja fjórum leikjum.

Lykilmaður Vals á förum frá félaginu:

## Valur samþykkir tilboð Silkiborgar í Bjarna Ólaf

**FÓTBOLTI** „Félögin hafa komist að samkomulagi eftir langar viðræður við Silkiborg. Það eina sem nú er eftir er að ná samkomulagi við leikmanninn um kaup og kjör," sagði Pétur Stefánsson, framkvæmdastjóri Vals, í samtali við Fréttablaðið. „Ef leikmaðurinn nær samkomulagi við klúbbinn býst ég fastlega við því að frá þessu verði gengið nú í janúarglugganum."

Hafa viðræður klúbbanna tekið nokkuð langan tíma frá því að Bjarni Ólafur kom heim aftur frá Silkeborg þar sem hann var upphaflega til reynslu.

Bjarni sagðist ekki hafa neina vitneskju um að félögin hafi náð samkomulagi sín á milli eða hvenær lending næst í þessu máli. „Ég er í viðræðum við Silkiborg um samning og það tekur sinn tíma. Þetta gengur því miður frekar hægt allt saman en ég býst fastlega við því að ná samningum við liðið."

Bjarni vildi ekki gefa upp hvernig samning Silkiborg væri að bjóða honum. „Við skulum segja að samningurinn sem þeir eru að bjóða mér sé betri en sá sem ég er með við Val núna." **- toh**



**BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON** Er í samningaviðræðum við Silkiborg um kaup og kjör.



**HREFNA JÓHANNESDÓTTIR** Er ófrísk og spilar því ekki í sumar.

Hrefna Jóhannesdóttir:

## Ekki með KR í sumar

**FÓTBOLTI** Hrefna Jóhannesdóttir, leikmaður KR í knattspyrnu, leikur ekkert með liðinu í sumar. Ástæðan er sú að hún gengur með barn undir belti og þarf því að hætta knattspyrnuiðkun í bili.

Þetta eru mjög slæmar fréttir fyrir KR-stúlkur þar sem Hrefna er einn skæðasti framherji landsins og hefur skorað fjölda marka fyrir KR-inga í gegnum tíðina. Liðið þarf því að leita að öðrum leikmanni til þess að fylla skarð Hrefnu fyrir sumarið. **- toh**



**ROGER FEDERER** kominn í undanúrslit stórmóts í sjöunda skipti í röð.

Opna ástralska í tennis:

## Federer í undanúrslit

**TENNIS** Roger Federer bókaði sæti í undanúrslitum Opna ástralska meistaramótsins í tennis með naumum sigri á Rússanum Nikolay Davidenko. Sigurinn var þó allt annað en auðveldur fyrir stigahæsta tennismann heims, þar sem hann þurfti fimm sett til að knýja fram sigur.

Þá bar Nicolas Kiefer sigurorð af Sebastian Grosjean í ótrúlegum leik þar sem úrslit fengust ekki fyrr en eftir tæplega fimm tíma leik. Er þetta lengsti leikur sem spilaður hefur verið á mótinu í yfir 14 ár.

Þar með er ljóst að Kiefer mætir Federer í undanúrslitum á meðan David Nalbandian mætir Marcos Baghdatis í hinum undanúrslitaleiknum.

Í kvennaflokki mætast í undanúrslitum Amelie Mauresmo og Kim Clijsters annars vegar og Justin Henin-Hardenne og Maria Sharapova hins vegar. **- toh**



**JOHANN VOGEL** Mögulega til Manchester.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Johann Vogel:

## Gæti farið til Man United

**FÓTBOLTI** Svissneski miðjumaðurinn Johann Vogel gæti verið á förum til Manchester United á lánssamningi frá AC Milan út þetta tímabil. Eftir að hafa fengið þær fregnir að Paul Scholes sé frá út tímabilið og John O'Shea hafi brotið tvö rifbein og verði frá næstu vikurnar er ljóst að möguleikar Alex Ferguson á miðsvæðinu eru nokkuð takmarkaðir. Því gæti Vogel verið lausnin á þessum vanda.

Umboðsmaður Vogels segir að ekkert hafi verið rætt í þessum efnum. „Vogel er samningsbundinn AC Milan og hefur einungis verið þar í fimm mánuði. Hann er enn að venjast lífinu í Mílano. Ég get ekkert sagt um áhuga Manchester United.“ - toh

Gunnar og Stefán:

## Dæma fyrsta leik Frakka

**HANDBOLTI** Íslenska dómaraparið Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson verða að sjálfsögðu á meðal dómara á EM í Sviss og hefur þeim verið úthlutað sínu fyrsta verkefni á mótinu.

Gunnar og Stefán munu dæmar leik Frakklands og Slóvakíu í B-riðli Evrópukeppninnar í Sviss á fimmtudag klukkan 18 að svissneskum tíma. Eftirlitsdómari leiksins verður Hollendingurinn Van Linder. - toh



**SHEARER** Vill fá enskan landsliðsþjálfara.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Alan Shearer:

## Vill sjá þjálfara frá Englandi

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, fyrrverandi fyrirliði enska landsliðsins, segir að best sé að næsti landsliðsþjálfari verði af ensku bergi brotinn. „Fólk vill vafalaust fá Englending í starfið en jafnframt er krafa um góðan árangur. Ég er sammála því að það væri best að fá enskan þjálfara í þetta starf.“

Shearer sagði jafnframt að reynsla væri ekki mikilvægust þegar ráðið er í starf landsliðsþjálfara. „Sjáið bara Jürgen Klinsmann og Marco Van Basten. Þeir höfðu enga reynslu af þjálfun en eru að gera góða hluti.“ - toh

# Rebrov blómstrar á miðjunni

**Eftir algjörlega misheppnaða dvöl hjá Tottenham og Fenerbache ákvað hinn úkraínski Sergei Rebrov að snúa aftur á heimaslóðir í Dynamo Kiev. Þar hefur hann spilað frábærlega í nýrri stöðu sem miðjumaður.**

**FÓTBOLTI** Fyrir réttum áratug var Sergei Rebrov annar helmingur eins hættulegasta sóknardúetts evrópskrar knattspyrnu. Þá spilaði hann við hlið Andriy Shevchenko hjá úktraínska meistaraliðinu Dynamo Kiev. Eins og við var að búast voru þeir báðir seldir til stórliða í sterkustu deildum Evrópu; Shevchenko fór til AC Milan þar sem hann hefur sannað sig sem einn besti framherji heims en Rebrov fór til Tottenham í kaupum sem áttu eftir að reynast einhver þau verstu í sögu enskrar knattspyrnu. Eftir fimm ára martröð í Englandi er sneri Rebrov aftur heim til Kiev í sumar og hann var ekki lengi að finna sitt fyrra form.

„Eini maðurinn sem hafði trú á mér var Ihor Surkis. Hann hélt sambandi við mig allan þann tíma sem ég var í Englandi,“ segir Rebrov, en Surkis þessi er forseti Dynamo til margra ára og það var einmitt hann sem ákvað að fá Rebrov aftur til síns gamla félags fyrir brotabrot af þeim tæpa milljarði króna sem Tottenham greiddi fyrir hann á sínum tíma.



**SERGEI REBROV** Virðist kunna langbest við sig í treyju Dynamo Kiev.

Hinn 31 árs gamli Rebrov hefur í ár verið aðalmaðurinn á bak við stórbættan leik Dynamo Kiev í úrvalsdeildinni í Úkraínu. Þar háir liðið einvígi við Shatkar Donetsk um meistaratitilinn, en Donetsk eru núverandi meistarar. Og Rebrov hefur staðið sig mjög vel í nýrri stöðu – sem leikstjórnandi liðsins á miðjunni. Auk þess að leggja upp fjölda marka hefur Rebrov skorað að meðaltali í öðrum hverjum leik sem sýnir hann veit ennþá hvernig á að koma boltanum framhjá markverði andstæðinganna.

„Leikkerfið hjá Dynamo fyrir 10 árum var mjög sérstakt. Ég og Shevchenko vorum vissulega framherjar en þegar liðið missti boltann duttum við mjög aftarlega og vörðumst ásamt öllu liðinu. Að því leyti var það ekki svo nýtt fyrir mér að spila á miðjunni,“ segir Rebrov.

Með frammistöðunni með Kiev í vetur hefur Rebrov endurheimt sæti sitt í úkraínska landsliðinu og kom hann inn á sem varamaður í leiknum gegn Georgíu þar sem Úkraína tryggði sér þátttökurétt á HM. Ef Rebrov heldur sæti sínu í landsliðinu fram að þeirri keppni má með sanni segja að endurkoma hans verði fullkomnuð. - vig



# Verðum að sýna tennurnar

**Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, býst við grimmum og hörðum slag gegn Serbum í dag þegar Ísland hefur keppni á EM í Sviss.**

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var brattur og bjartsýnn þegar Fréttablaðið hitti hann að máli á hóteli íslenska landsliðsins í Sursee í gærkvöldi. Landsliðið leikur sinn fyrsta leik á EM í dag gegn Serbum og við spurðum Viggó að því hvernig líðanin væri tæpum sólarhring fyrir fyrsta leik.

„Það er góður fílingur. Aðstæður eru allar frábærar og allt er fyrsta flokks. Það er ekki yfir neinu að kvarta,“ sagði Viggó en hvernig leggjast Serbarnir í hann?

„Þeir eru geysilega öflugir en ég er nýbúinn að skoða þá á myndbandi. Þeir eru geysilega grimmir og spila mjög fast. Eru svolítið grófir. Þeir reyna að sækja hratt og keyra hraðaupphlaupin grimmt. Einnig hafa þeir frábæra markverði. Þetta verður mjög erfitt.“

Serbarnir eru kannski ekki með þekktustu leikmennina á mótinu en leikmenn liðsins eru engu að síður gríðarsterkir og þeir fara langt á góðri liðsheild. Margir telja Serbana vera með besta liðið í riðlinum.

„Ég met öll þessi lið í riðlinum jöfn. Á góðum degi getum við unnið öll þessi lið og einnig tapað fyrir þeim,“ sagði Viggó, en hvað þarf helst að varast í leik Serbanna?

„Að missa þá ekki fram úr sér í byrjun. Þá fá þeir blóð á tennurnar og það viljum við ekki. Að sama skapi þá eiga þeir til að brotna við mótlæti og því verðum við að sýna þeim í fulla hnefana strax í byrjun. Þeir mega ekki ná tökum á leiknum,“ sagði Viggó en ætli hann hafi dreymt fyrir sigri?

„Nei, reyndar ekki. Engu að síður hef ég góða tilfinningu fyrir leiknum og mótinu. Fyrsti leikurinn verður mikill slagur og vonandi vinnum við þann slag.“



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Býst við mikilli baráttu í leik Íslendinga og Serba/Svartfellinga á EM í dag. Leikurinn hefst kl. 17. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



EM Í HANDBOLTA
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Sursee í Sviss.*
henry@frettabladid.is



**VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON** Kemur til Sviss frá Kanaríeyjum þar sem hann hefur verið í æfingabúðum með liði sínu Skjern.

Áfall fyrir íslenska liðið:

## Vilhjálmur í stað Garcia

**HANDBOLTI** Skyttan Jaliesky Garcia Padron fór heim til Þýskalands í gær, en hann hefur ekki náð sér eins vel af meiðslum sínum og vonast var til og því töldu forráðamenn landsliðsins allt eins gott að hann færi aftur heim.

„Þetta var orðið fyrirsjáanlegt. Það eru vonbrigði hvað þetta gekk allt hægt. Það þarf að skoða þetta mál betur síðar,“ sagði Viggó nokkuð svekktur og segir manni svo hugur að ekki séu öll kurl komin til grafar.

Vilhjálmur Halldórsson hefur verið kallaður inn í hópinn en hann var í æfingabúðum á Kanaríeyjum með Skjern og kemur til Sviss í dag. Þrátt fyrir það er allt eins líklegt að Garcia komi aftur til Sviss á sunnudag og því ekki loku fyrir það skotið að hann spili gegn Ungverjum. **- hbg**



**ANDRI ÓLAFSSON** Hefur verið einn af burðarásunum í liði ÍBV undanfarin tvö ár.

Andri Ólafsson hjá ÍBV:

## Ekki með slitið krossband

**FÓTBOLTI** Andri Ólafsson, miðjumaðurinn sterki hjá ÍBV, verður frá keppni næstu 2-3 mánuðina vegna meiðsla á hné. Andri er með illa tognað liðband og teygt krossband auk þess sem liðþófinn hefur líklega einnig orðið fyrir skemmdum. Andri þarf hugsanlega að fara í speglun og verður frá æfingum og keppni næstu tvo mánuði hið minnsta.

„Það eru blendnar tilfinningar sem fylgja þessum fréttum. Auðvitað er hundfúlt að þurfa að vera frá í svona langan tíma en á sama tíma er mikill léttir að krossbandið er ekki slitið,“ sagði Andri við Fréttablaðið í gær, en hann meiddist í æfingaleik með ÍBV í síðustu viku.

Andri fór á reynslu til norska liðsins Aalesund fyrir skemmstu og höfðu forráðamenn liðsins lýst yfir áhuga á að skoða Andra betur þegar hann væri kominn í betra form. „Það verður þó ekki í bráð en vonandi verður ennþá áhugi hjá þeim eftir tímabilið,“ sagði hann. **- vig**

Nú munu Þróttarar blóta!
(en bara á Þorranum)
Hið árlega Þorrablót Þróttar
verður haldið laugardaginn 28. janúar
kl. 19:00 Húsið opnað
kl. 20:00 Borðhald
Jórunn Frímannsdóttir
borgarfulltrúi ræðumaður kvöldsins
Hljómsveitin Hersveitin
leikur fyrir dansi
kl. 02:00 Lok Þorrablóts
Veislustjóri
Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi
Miðaverð kr. 3.500,-
Miðasala og pantanir verða hjá umsjónarmanni félagshúss
í síma 580 5900 og netfanginu gulli@trottur.is
Lifi Þróttur!



**GUS HIDDINK** Myndi ekki fúlsa við starfi landsliðsþjálfara Englands en hann er sem stendur að þjálfa lið PSV í Hollandi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ýmsir eru orðaðir sem eftirmenn Sven-Görans Eriksson:

## Hiddink er tilbúinn að þjálfa enska landsliðið

**FÓTBOLTI** Guus Hiddink, þjálfari PSV Eindhoven og ástralska landsliðsins, hefur áhuga á því að taka við enska landsliðinu þegar Sven Göran Eriksson hættir í sumar. Þetta staðfesti umboðsmaður hans, Cees Van Nieuwenhuizen, við erlenda fjölmiðla í gær. „Það hefur enginn haft samband við mig vegna Hiddinks, en ég veit að hann myndi íhuga þennan möguleika af fullri alvöru ef boðið kæmi.“

Vangaveltur hafa verið á kreiki varðandi þá pressu sem fjölmiðlar setja á landsliðsþjálfara Englands og að sá þrýstingur fæli mögulega einhverja þjálfara frá starfinu. Umboðsmaður Hiddinks segir hins vegar að hann sé vanur því.

„Hann hefur þurft að glíma við fjölmiðla nánast alls staðar þar sem hann hefur verið að þjálfa, til dæmis hjá Real Madrid og Valencia, þannig að hann er öllu vanur í þeim efnum og það myndi ekki fæla hann frá.“

„Allt knattspyrnuumhverfi á Englandi er eins og best verður á kosið og Guus myndi vafalaust vilja starfa í Englandi einhvern tíma í framtíðinni. Hvort af því verður getur tíminn einungis leitt í ljós,“ sagði Van Nieuwenhuizen og bætti við að Hiddink væri meira en hæfur í starf landsliðsþjálfara Englendinga.

„Guus er mjög góður að byggja upp lið á stuttum tíma eins og árangur hans með Suður-Kóreu og PSV sýnir. Hann hefur einnig þjálfað hollenska landsliðið og náð í undanúrslit með það lið þannig að hann veit sínu viti þegar kemur að því að ná árangri.“ **- toh**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enski deildarbikarinn:*

| | |
|---|---|
| MAN. UTD-BLACKBURN | 2-1 |

1-0 Ruud van Nistelrooy (8.), 1-1 Steven Reid (32.), 2-1 Louis Saha (32.).

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-KR | 75-47 |

**Stig Grindavíkur:** Jerica Watson 18, Ólöf H. Pálsdóttir 15, Hildur Sigurðardóttir 13.

**Stig KR:** Vanja Pericin 16, Dijana Mesarovic 7.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 13 | 12 | 1 | 1101-723 | 24 |
| GRINDAVÍK | 14 | 11 | 3 | 1155-891 | 22 |
| KEFLAVÍK | 13 | 9 | 4 | 1161-808 | 18 |
| ÍS | 14 | 6 | 8 | 931-991 | 12 |
| BREIÐABLIK | 14 | 2 | 12 | 815-1188 | 4 |
| KR | 14 | 1 | 13 | 681-1243 | 2 |

*DHL-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-VALUR | 30-34 |

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 10, Hanna G. Stefánsdóttir 7, Hrafnhildur Guðmundsdóttir 6, Harpa Melsted 3, Erna Þráinsdóttir 2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 1.

**Varin skot:** Helga Torfadóttir 6, Kristina Matuzevicute 5.

**Mörk Vals:** Alla Georgijsdóttir 11, Ágústa Edda Björnsdóttir 8, Drífa Skúladóttir 5, Hafrún Kristjánsdóttir 4, Arna Grímsdóttir 4, Rebekka Skúladóttir 3.

**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 25.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 11 | 9 | 0 | 2 | 343-285 | 18 |
| **VALUR** | **11** | **9** | **0** | **2** | **301-249** | **18** |
| ÍBV | 11 | 8 | 1 | 2 | 303-254 | 17 |
| **STJARNAN** | **11** | **8** | **1** | **2** | **289-247** | **17** |



**RUBENS BARRICHELLO** Er dauðfeginn að vera laus frá Ferrari.

Rubens Barrichello:

## Ætlar að verða heimsmeistari

**FORMÚLA** Rubens Barichello, nýjasti liðsmaður Honda-liðsins í Formúlu 1 kappakstrinum, hefur sett stefnuna á að verða heimsmeistari ökumanna með liðinu. 2006-útgáfan af bíl Honda, RA-106 bíllinn, var frumsýnd í gær og lét Barichello hafa þetta eftir sér við það tilefni.

„Hjá Honda vonast ég til að fá tækifæri sem ég fékk aldrei hjá Ferrari. Þar var ég alltaf númer tvö og átti aldrei raunhæfan möguleika á að verða meistari. Hjá Honda mun ég leggja allt í sölurnar til að ná þessu æðsta takmarki mínu,“ sagði Barrichello. **- vig**

Stjórnarformaður Wigan:

## Jewell er rétti maðurinn

**FÓTBOLTI** Dave Whelan, stjórnarformaður Wigan, er sannfærður um að Paul Jewell, stjóri liðsins, sé rétti maðurinn til að taka við þjálfun enska landsliðsins. Whelan segir að Jewell sé snillingur í að laða fram það besta í lærisveinum sínum og að það sé einmitt það sem enska landsliðið þarf.

„Ég held að hann myndi hafa áhuga og þó svo að ég vilji að sjálfsögðu ekki missa hann tel ég að Wigan myndi ekki standa í vegi fyrir honum. Við yrðum afar stoltir ef knattspyrnusambandið myndi leita eftir stjóranum okkar til að taka við erfiðasta starfi sem fyrirfinnst í alþjóðlegum fótbolta. Það yrði mikil viðurkenning,“ segir Whelan. **- vig**

Haukastúlkur mættu ofjörlum sínum í Hafnarfirði í gærkvöldi:

# Valsstúlkur unnu toppslaginn

**HANDBOLTI** Valsstúlkur unnu gríðarlega mikilvægan en jafnframt sannfærandi sigur á Haukum í toppslag DHL-deildar kvenna sem fram fór á Ásvöllum í gærkvöldi. Lokatölur urðu 30-34, gestunum í vil, þar sem Berglind Hansdóttir var maðurinn á bak við sigurinn en hún varði 25 skot í leiknum.

Fyrri hálfleikurinn einkenndist af miklum hraða og sveiflum en þegar flautað var til hálfleiks voru Haukastúlkur yfir 14-13. Valsstúlkur komu hins vegar gríðarlega ákveðnar til leiks í síðari hálfleik og spiluðu þétta 3-3 vörn sem heimamenn fundu engin svör við auk þess sem Berglind var í miklum ham fyrir aftan. Valur náði fljótlega öruggri forystu og mest var hún átta mörk um miðbik síðari hálfleiks. Eftir það voru þær aldrei líklegar til að láta forystuna af hendi og uppskáru að lokum sanngjarnan sigur.

Ágúst Jóhannsson, þjálfari Valsstúlkna, var að vonum ánægður með sigurinn. „Vörnin og markvarslan var frábær og fyrir vikið fengum við fjölda hraðaupphlaupa sem gáfu mark. Það var lykillinn að sigri okkar,“ sagði Ágúst, en með sigrinum komust Valsstúlku upp að hlið Hauka á toppi deildarinnar, en bæði lið hafa hlotið 18 stig. **- toh**



**HARPA MELSTED** Komst hvorki lönd né strönd gegn öflugri vörn Valsstúlkna í gærkvöldi.

Enski deildabikarinn:

## Man. Utd. og Wigan í úrslit

**FÓTBOLTI** Það verða Manchester United og Wigan sem munu spila í úrslitaleik enska deildabikarsins á Þúsaldarvellinum í Cardiff. Þetta varð ljóst í gærkvöldi þegar Man. Utd. sigraði Blackburn 2-1 á Old Trafford í síðari undanúrslitaleik liðanna og 3-2 samanlagt.

Ruud van Nistelrooy kom Man. Utd yfir strax á 8. mínútu en Steven Reid jafnaði metin á þeirri 32. Það var síðan Louis Saha sem skoraði sigurmarkið á 51. mínútu eftir mikla pressu heimamanna í upphafi síðari hálfleiks. Sigur Man. Utd var sanngjarn en Brad Friedel var í miklu stuði í marki Blacburn og bjargaði sínu liði frá stærra tapi. **- vig**




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Fuck it, Dude, let's go bowling.“**

**Svar:** Walter í kvikmyndinni Big Lebowski frá árinu 1998.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR **VILL STERKARI FYRIRMYNDIR Á SKJÁINN**

## *Gamla fólkið í sjónvarpið!*

Gamla fólkið er eins og sólskinið. Skærir, fagrir geislar þess snerta okkur og ylja, þótt syndsamlega sjaldan í beinu návígi við þau okkar sem yngri eru, og reyndar alltof sjaldan í sjónvarpi. Líklega má skella skuldinni á hraða samfélagsins og breytta fjölskyldugerð með tilheyrandi aðskilnaði stórfjölskyldunnar og flokkun fólks í aldursmengi þar sem hver skal una á sínum bás; börnin í eigin tölvu- og sjónvarpsheimi síns herbergis og gamla fólkið í eingangrun elliheimilanna, þar sem enginn hefur tíma til að njóta visku þeirra eða dýrmætrar nærveru.

Því var bæði notalegt, uppbyggjandi og frískandi að fylgjast með Eyrúnu Magnúsdóttur í Kastljósinu tylla sér við hringborðið með tilgerðarlausum eldri borgurunum á þriðjudagskvöldið til að ræða þróun íslenskrar tungu, sem sumir spekingar vilja meina að sé í útrýmingarhættu. Kynslóðabilið varð hverjum manni ljóst þegar gamla fólkið velti fyrir sér algengum orðaforða unga fólksins, þótt sumir væru vissulega glúrnari en aðrir að lesa úr misaugljósum merkingum orðanna.



Sjálf hef ég litlar áhyggjur af lífdögum íslenskrar tungu, því hún er greinilega allt í senn: lífseig, lifandi, frjó og í stöðugri nýbyggingu og þróun. Auðvitað er gaman og forvitnilegt að taka inn nýyrði nýrra kynslóða en um leið þarf að viðhalda og kenna rótgrónari orðaforða íslenskunnar. Þar held ég að mundi styrka stöðuna sterkari fyrirmyndir í íslenskri sjónvarpsþáttagerð, því okkur skortir mjög íslenskar sjónvarpspersónur sem vekja aðdáun barna og unglinga fyrir vandaðan talsmáta og ríkan, hefðbundinn orðaforða. Eitthvað sem áhrifagjörn, yngsta kynslóðin lærir og temur sér þegar kemur að frösum og talsmáta karaktera sem hún lítur upp til, í stað þess að apa upp allt kúlið úr enskumælandi sjónvarpsefni og íslenska jafnóðum á misvelkomna vísu.

Að sama skapi þurfum við að koma gamla fólkinu í tísku. Hætta einstefnulegri sjónvarpsþáttagerð með hundleiðinlegri, déskotans æsku- og fegurðardýrkun, en tefla með í bland lífsreyndum hetjum Elli kerlingar, hvort sem það er í krimmum, gamanþáttum, ástarsápum, alvöru lífsins, spurningaþáttum, heimildarmyndum, þjóðmálaumræðunni eða öðru sem áhorfendur teyga hvort eð er af í einhæfum sjónvarpskokkteil einsleitra andlita, hugmynda og visku.



▶ **20.20** *Heimildamynd*

GEIMFERÐAKAPPHLAUPIÐ



▶ **21.20** *Drama*

NIP/TUCK



▶ **20.30** *Lífstíll*

SPLASH TV 2006



▶ **21.00** *Gaman*

WILL & GRACE



▶ **22.00** *Bílar*

FIFTH GEAR

### SJÓNVARPIÐ

**14.20** Handboltakvöld **14.40** EM í handbolta **16.35** EM-stofan (1:10) **16.55** EM í handbolta

**18.40** **Táknmálsfréttir**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.20** **Geimferðakapphlaupið (1:4)** (Space Race) Nýr breskur myndaflokkur um fólkið sem var í aðalhlutverkum í geimferðakapphlaupi Bandaríkjamanna og Rússa. Meðal leikenda eru Richard Dillane, Anthony Edridge, Mikhail Gorevoy, Constantine Gregory, Steve Nicolson og Vitalie Ursu.
**21.15** **Launráð** (Alias IV) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (23:23)** (Desperate Housewives) Fyrsta þáttaröðin um aðþrengdu eiginkonurnar endursýnd.

**23.10** EM í handbolta **0.30** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Blue Collar TV (21:32) **13.40** Two and a Half Men (15:24) **14.10** The Block 2 (16:26) (e) **15.00** What Not To Wear (1:5) **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12 (5:21)

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Strákarnir**
**20.05** **Meistarinn (5:21)**
**20.55** **How I Met Your Mother (3:22)**
▶ **21.20** **Nip/Tuck (3:15)** (Klippt og skorið 3) Á stofunni fær Christian það krefjandi verkefni að hjálpa tveimur menntaskólanemum sem eru límdir fastir við afturendann á þeim þriðja. Bönnuð börnum.
**22.05** **Inspector Lynley Mysteries (6:8)** Breskir sakamálaþættir um Linley rannsóknarlögreglumann. Bönnuð börnum.
**22.55** **Crime and Punishment in Suburb** Svöl og beitt nútímaútgáfa af Glæpi og refsingu eftir Dostojevskí. Stranglega bönnuð börnum.

**0.30** Six Feet Under (12:12) **1.40** The 4400 (13:13) **2.25** Sand **3.50** Deadwood (10:12) (e) **4.50** Fréttir og Ísland í dag **5.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Fashion Television (2:34)**
**19.30** **Partí 101**
**20.00** **Friends 6 (14:24)**
▶ **20.30** **Splash TV 2006** Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans eru stjórnendur Splash TV. Þeir bræður bralla margt skemmtilegt milli þess sem þeir fara á djammið í Keflavík og gera allt vitlaust.
**21.00** **Summerland (9:13)** (Signs)
**21.45** **Girls Next Door (13:15)** (My Kind Of Town) Bönnuð börnum.
**22.15** **Smallville (7:22)** (Jinx) Mikhail, sem er erlendur skiptinemi, hefur þau völd að geta stjórnað öðrum og notar þá krafta óspart.

**23.00** Invasion (3:22) **23.50** Friends 6 (14:24) (e) **0.15** Splash TV 2006

### SKJÁREINN

**16.00** 2005 World Pool Championship (e) **17.55** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** Queer Eye for the Straight Guy (e)

**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **The Drew Carey Show (e)** Bandarískir gamanþættir um hið sérkennilega möppudýr og flugvallarokkara Drew Carey.
**20.00** **Family Guy**
**20.30** **Malcolm In the Middle**
▶ **21.00** **Will & Grace** Jack og Will ákveða að breyta aðeins um umhverfi. Þeir kaupa sér sumarhús en eru síðan ekki alveg sáttir við hverfið sem þeir völdu sér. Ellen biður Grace að koma og passa fyrir sig og Karen langar að koma með henni en Grace er ekki viss um að Karen hafi það í sér að vera í kringum börn til lengri tíma.
**21.30** **The King of Queens**
**22.00** **House**
**22.50** **Sex Inspectors**

**23.25** Jay Leno **0.10** Law & Order: SVU (e) **0.55** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.20** Top Gear (e) **2.10** Fasteignasjónvarpið (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**16.20** Enski deildabikarinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Stump the Schwab** (Veistu svarið?)
**19.00** **X-Games 2005 – þáttur 2 .**
**20.00** **US PGA 2005 – Inside the PGA T**
**20.30** **World's strongest man 2005**
**21.00** **NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**21.30** **Preview Show 2006**
▶ **22.00** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu.
**22.25** **A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri) Ítarleg umfjöllun um heimsbikarinn í kappakstri.

**23.25** Meistaradeildin með Guðna Bergs **0.05** Bandaríska mótaröðin í golfi

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Wild About Harry **8.00** Possession **10.00** The Lizzie McGuire Movie **12.00** My Big Fat Greek Wedding **14.00** Wild About Harry **16.00** Possession **18.00** The Lizzie McGuire Movie **20.00** **Veronica Guerin** Bönnuð börnum. **22.00** **Spartan** (Spartverjinn) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Taking Lives (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Impostor (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Spartan (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** High Price of Fame **15.00** High Price of Fame **16.00** 25 Notorious Fashion Week Moments **17.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Divas Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** W.B.A. – Sunderland frá 21.01 **16.00** Chelsea – Charlton frá 22.01 **18.00** Bolton – Man. City frá 21.01

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“**
**21.00** **West Ham – Fulham 23.01**

**23.00** Man. Utd. – Liverpool frá 22.01 **1.00** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

SVAKALEGASTI FRAMHALDSÞÁTTURINN

Nip/Tuck í kvöld kl. 21:20



GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Meistarinn Stöð 2 **kl. 20.05**

### *Spurningahaukurinn mætir héraðsdómslögmanninum*



*Logi Bergmann er spyrill þáttarins.*

Meistarinn er nýr íslenskur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar sem reynir á þekkingu, kænsku og heppni keppenda. Hér er á ferð ekta spurningakeppni sem sameinar alla bestu eiginleika góðra spurningakeppna. Keppnin er með útsláttarfyrirkomulagi. Tveir etja kappi í hverjum þætti og keppt verður uns einn keppandi stendur eftir sem meistarinn. Í þættinum í kvöld eigast þeir Stefán Pálsson, sagnfræðingur, dómari og sigurvegari úr Gettu betur og annálaður spurningahaukur og Friðbjörn Garðarsson héraðsdómslögmaður við.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Tónlistarkvöld **21.15** Smásaga: Á botni breðans **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Misskilningurinn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Gettu Betur **21.00** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**
*Fréttir*

60 MINUTES

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00 Fréttir**
**20.10 Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.45** Skeleton: World Cup Altenberg **13.45** Olympic Games: Mission to Torino **14.15** Skeleton: World Cup Altenberg **15.15** Football: African Cup of Nations Egypt **17.15** Football: African Cup of Nations Egypt **18.00** Football: African Cup of Nations Egypt **20.00** Boxing **22.00** Football: African Cup of Nations Egypt **23.00** Football: African Cup of Nations Egypt **0.00** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Design Rules **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** As Time Goes By **19.30** 2 point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Little Britain **22.00** Trouble At the Top **22.40** Dalziel and Pascoe **0.10** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** The Greatest Wildlife Show on Earth **2.00** Arts Foundation Course

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Killer Dingoes **14.00** Megastructures **15.00** Body Attack **16.00** Seconds from Disaster **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Hurricane Floyd **19.00** Norway's Hidden Secrets **20.00** Megastructures **21.00** Body Attack **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Body Attack **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Life of Mammals **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Big Cat Diary **20.00** Gods and Demons **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Gods and Demons **2.00** The Snake Buster

**CLUB**

**12.20** Insights **12.45** Matchmaker **13.10** Fashion House **13.35** E-Love **14.00** Design Challenge **14.30** Retail Therapy **15.00** Crimes of Fashion **15.30** Race to the Altar **16.30** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Girly Ghostbusters **18.40** E-Love **19.05** Girls Behaving Badly **19.30** Other People's Houses **20.25** Cheaters **21.15** Sextacy **22.10** Women Talk **22.35** Men on Women **23.00** Ex-Rated **23.30** Staying in Style **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.20** Crimes of Fashion **1.50** Insights


ÚTSÖLULOK
15-50% afsláttur
Allar vörur í verslun á útsölu
opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16













míra art HÚSGÖGN
BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300




KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Dagur Kári Pétursson fyrir að fá sex tilnefningar fyrir kvikmynd sína Voksne Mennesker á dönsku kvikmyndahátíðinni Roberti.*

**AÐ MÍNU SKAPI** JAKOB HRAFNSSON, FORMAÐUR SAMBANDS UNGRA FRAMSÓKNARMANNA:

# *Mugison, Thorsarar, Lundúnir og Annie Hall*



**TÓNLIST** Ég er alæta á tónlist og hlusta á nánast hvað sem er. Er mjög hrifinn af Mugison og oft með hann í spilaranum. Að mínu mati er hann flottasti tónlistarmaður okkar Íslendinga nú á dögum, þótt margir aðrir séu að gera mjög góða hluti. Við vorum saman í MH fyrir nokkrum árum og þetta er mikill persónuleiki og skemmtilegur strákur.

**BÓK** Er búinn að liggja yfir skólabókum að undanförnu meðfram því að vera á kafi í félagsstörfum þannig að ég hef nú ekki náð því að lesa mikið. Ég fékk bókina um Thorsarana í jólagjöf og er búinn að renna yfir hana og vonandi kemst ég í fleiri bækur á næstunni. Ég er spenntur fyrir Roklandi eftir Hallgrím Helgason og reikna með að hún verði næst uppi á náttborðinu hjá mér.

**BÍÓMYND** Ég hef séð mjög mikið af góðum bíómyndum og á erfitt með að gera upp á milli þeirra. Ég sá Hrafninn flýgur um daginn aftur og fannst hún mjög góð, en hafði séð hana fyrir mörgum árum og varð alls ekki fyrir vonbrigðum, nú svona mörgum árum seinna. Þá er Woody Allen alltaf í ákveðnu uppáhaldi og fyrir stuttu sá ég enn og aftur Annie Hall sem er náttúrulega algjör snilld.

**BORG** Ég sótti heim Lundúnir í fyrsta sinn í byrjun desember og varð mjög hrifinn. Þetta var stutt stopp en skemmtilegt og margt svo spennandi að sjá. Ég held einnig mikið upp á New York og væri meira en til í að kíkja þangað sem allra fyrst aftur, þótt það sé ekki á dagskrá alveg strax, því miður. Hins vegar líður mér mjög vel í Reykjavík og vil, eins og staðan er nú, hvergi annars staðar búa.

**BÚÐ** Ég hef ekki dálæti á neinni einni sérstakri búð, en fer þó líklega oftast í Góða hirðinn í Fellsmúla. Þar finnst mér rosalega gaman að grúska í gömlum munum og hef oft gert alveg frábær kaup. Meðal annars á ég frábært skrifborð úr Góða hirðinum, sem er glæsilegt, stórt og fyrirferðarmikið; alveg eins og ég vil hafa það.

**VERKEFNI** Þessa dagana er ég að vinna með Birni Inga Hrafnssyni bróður mínum, en hann er á fullu í prófkjörsbaráttu fyrir Framsókn í Reykjavík. Það verður kosið í því prófkjöri á laugardaginn og búið að vera mikið fjör í þeim slag síðustu vikurnar.



**LÁRÉTT** 2 blikk 6 öfug röð 8 titill 9 bók 11 sem 12 rót 14 blossaljós 16 í röð 17 þunnur vökvi 18 einkar 20 á líðandi stundu 21 eldur.

**LÓÐRÉTT** 1 harmur 3 hvort 4 fargið 5 blund 7 nískupúki 10 mál 13 mas 15 gjósa 16 kringumstæður 19 kusk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 depl, 6 on, 8 frú, 9 rit, 11 er, 12 grams, 14 flass, 16 hí, 17 lap, 18 all, 20 nú, 21 glóð.
**LÓÐRÉTT:** 1 sorg, 3 ef, 4 pressan, 5 lúr, 7 nirfill, 10 tal, 13 mal, 15 spúa, 16 hag, 19 ló.

**[ VESTU SVARÐ ]**

1. Ronaldinho
2. Rúmum milljarði króna
3. Arngrímur Jóhannsson


**Einstakt enskunámskeið**

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799




SIGUR RÓS Strákarnir í Sigur Rós reyndust vera sigurvegarar kvöldsins en þeir fengu þrenn verðlaun auk þess sem sveitin fékk Útrásarverðlaun Loftbrúar Reykjavíkur.
NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN: BENNI KOM Á ÓVART

# Sigur Rós og Emilíana sigurvegarar

Mikil spenna ríkti meðal gesta í Þjóðleikhúsinu í gærkvöld þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn en Felix Bergsson var kynnir og vakti mikla lukku. Fjöldi listamanna kom fram og spilaði fyrir gesti en RÚV sýndi beint frá herlegheitunum. Alls var tilnefnt í sautján flokkum í sígildri tónlist, djassi og popptónlist.

Kópavogsbær fékk Hvatningarverðlaun en bæjarfélagið hefur lýst yfir vilja sínum að byggja óperuhús og koma þannig þaki yfir listina sem hefur þurft að glíma við heldur bágan húsnæðiskost. Heiðursverðlaunin fékk óperusöngvarinn Guðmundur Jónsson en hann fór með aðalhlutverkið í einni fyrstu óperunni sem sett var upp hér á landi. Ferill Guðmundar spannar rúmlega fimmtíu ár og er rödd hans samofin menningu landans.

Hljómsveitin Sigur Rós fékk Útrásarverðlaun Reykjavíkur Loftbrúar en sveitin hefur verið á ferð og flugi að undanförnu við að kynna plötuna sína Takk. Þetta voru þó ekki einu verðlaunin sem svetinni áskotnaðist því hún var valin besti flytjandinn, Takk besta rokkplatan og umslagið það flottasta.

Í flokki sígildrar tónlistar var Íslenska óperan útnefnd flytjandi ársins en uppsetning hennar á óperunni Tökin hert fékk mjög góða dóma gagnrýnenda á sínum tíma. Haukur Tómason var verðlaunaður fyrir verk sitt Ardante og plata ársins í þessum flokki var Frá Strönd til fjarlægra stranda með Helgu Ingólfsdóttur semballeikara. Verðlaunin skiptust einnig jafnt í djassflokknum en þar var Stórsveit Reykjavíkur valin flytjandi ársins, Leiðin heim með Kvartett Sigurðar Flosasonar diskur ársins og Cold Front með samnefndri sveit lag ársins.

Emilíana Torrini fór heim hlaðin verðlaunum en Sunny Road var valið myndband ársins, diskur hennar Fisherman's Woman besta poppplata ársins og hún sjálf söngkona ársins. Benni Hemm Hemm fékk tvenn verðlaun en sveitin var valin bjartasta vonin auk þess sem samnefndur diskur sveitarinnar fékk verðlaun í flokknum ýmis tónlist. Bubbi Morthens fór einnig heim með tvenn verðlaun en hann var valinn söngvari ársins auk þess sem plöturnar hans tvær, Ást og Í sex skrefa fjarlægð frá Paradís voru valdar bestu plöturnar í dægurtónlistarflokknum. Þá hrepptu húmoristarnir í Baggalúti verðlaun en Pabbi þarf að vinna var valið lag og texti ársins.

freyrgigja@frettabladid.is


**SÚR HVALUR OG RENGI HARÐFISKUR OG HÁKARL**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.


# Leita að erlendum stjörnum

Aðstandendur Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á Rúv eru að reyna að fá þekktar erlendar Eurovision-stjörnur til að koma fram á lokakvöldi undanúrslitakeppninnar þann 18. febrúar.

Leitin hefur farið fram á hinum Norðurlöndunum en ekkert nafn hefur enn verið ákveðið. Engu að síður er ljóst að tugir erlendra áhugamanna um Eurovision munu koma hingað til lands til að fylgast með úrslitunum, bæði frá Englandi og Norðurlöndunum. Á meðal þeirra eru enska félagarnir þrír, Peter, Paul og Jonathan sem eru þekktir í Eurovision-heiminum fyrir áhuga sinn á keppninni. Eru þeir miklir Íslandsvinir auk þess sem þeir eru góðvinir Selmu Björnsdóttur. Voru þeir meðal annars á meðal gesta í brúðkaupi hennar hér á landi á dögunum.

Jónatan Garðarsson hjá RÚV segir að mikill áhugi sé á undankeppninni úti í löndum. „Það er verið að skrifa um keppnina í Grikklandi og á heimasíðunni Esctoday og við höfum verið að fá alveg gríðarlega mikil viðbrögð. Það sem vekur gleði margra úti er að heyra lögin á íslensku. Margir af þeim sem eru hvað harðastir aðdáendur keppninnar eru að hvetja til þess að flytjendur syngi lögin á móðurmálinu þó svo að flestir tónlistarmennirnir séu ekki á sama máli," segir Jónatan. „Þeir eru í harðri samkeppni og líta á málin þannig."

Þess má geta að 500 manns geta fylgst með úrslitakvöldi undankeppninnar 18. febrúar í upptökuveri Rúv við Fiskislóð. Aðgangseyrir er 1500 krónur og komast væntanlega færri að en vilja. -fb



**Á VÆNGJUM ÁSTARINNAR** Hver veit nema Olsen-bræðurnir vinsælu troði upp á úrslitakvöldinu hér heima þann 18. febrúar?

# Kynningarafsláttur Húsgagnahöllinni







Sæktu um lykil á
**www.atlantsolia.is**

Í dag byrjar kynningarafsláttur í Húsgagnahöllinni og veitum við því 2 kr. í afslátt af hverjum lítra. Þeir sem hafa Dælulykil fá svo 1 kr. í afslátt til viðbótar: samtals 3 krónur.

Nýttu þér kynningarafsláttinn og fylltu á tankinn hjá Atlantsolíu, Húsgagnahöllinni.

## - Ávallt ódýr -

## Ekkert PIN meiri hraði.

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

hausverk / SIA/ 6417

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Gayfting

Það er búin að vera mikil umræða að undanförnu um réttindamál samkynhneigðra. Sérstaklega um það hvort leyfa eigi samkynhneigðum pörum að giftast.

**ÉG** þekki fullt af samkynhneigðu fólki. Mér sýnist það ekki á neinn hátt vera frábrugðið öðru fólki og hvorki betra eða verra. Margt af þessu fólki hefur líka beint og óbeint alið upp börn sem mér sýnast ekkert verr upp alin en önnur börn og jafnvel betur en mörg önnur. Ekkert þessara barna hefur skaðast af kynnum sínum við homma og lesbíur.

**EITT** sem fer mikið í taugarnar á samkynhneigðum er að láta tala um sig og við sig af lítilsvirðingu. Að tala um tilfinningar þeirra sem hneigðir er niðurlægjandi og skapar gífurlegan sársauka og vekur reiði. Ást mín á konunni minni er mikið stærri og meiri en bara hneigðir. Ef einhver héldi því fram að hjónaband okkar byggði eingöngu á líkamlegum ástæðum yrði ég líklega mjög sár og reiður.

**ÉG** ber mikla virðingu fyrir biskupi Íslands. Mér finnst framganga hans í málinu vera til mikillar fyrirmyndar. Hans staða er mjög erfið og hann hefur reynt að gera eins vel og hann getur. Að krefja hann um annað er bara frekja og tillitsleysi. Ef ömmu finnst ekki gaman að Bítlunum þá getum við ekki neytt hana til að hlusta á þá.

**SAMKYNHNEIGÐIR** eiga að hafa sama rétt og aðrir. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að trúfélög gefi saman samkynhneigð pör. Þau trúfélög sem það vilja eiga að fá fullt leyfi til þess. Hvorki ríkið né þjóðkirkjan eiga að stjórna því. En þau trúfélög sem standa gegn því eiga líka rétt á því að gera það ekki, án þess að vera úthrópuð og lítilsvirt.

**KAÞÓLSKA** kirkjan gefur ekki saman samkynhneigða og leggur ekki blessun sína yfir kynlíf utan hjónabands. Til að skilja ástæður þessa þarf maður að skilja eðli trúarinnar. Kaþólska kirkjan sér hjónabandið sem heilaga stofnun til að tryggja framgang lífsins og lítur á sig sem verndara hennar.

**MÉR** finnst sárt að heyra talað um mig af ósanngirni. Þess vegna reyni ég að sína öðrum virðingu. Við megum ekki valta yfir fólk þótt það sé ekki alveg sömu skoðunar og við. Sættir nást aðeins með gagnkvæmri virðingu og umburðarlyndi. ■





